

SMÁTÍMA- SÖGUR



SÖGUR FYRIR ÞIG

SMÁTÍMASÖGUR – FYRIR ÞIG

ISBN 978-9979-0-2367-8

© Höfundar texta 2019

© Höfundur verkefna Kristjana Friðbjörnsdóttir

© Teikningar: Árni Jón Gunnarsson í sögunum Stjarnan í Óríon, Hörpuslag og Blöndukútur, Heiða Rafnsdóttir í sögunum Lakkris, Eins og í sögu og Stóri bróðir, Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson í sögunum Andvaka, Pissupása og Hverfishátíðin.

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfissvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

SMÁTÍMASÖGUR

FYRIR ÞIG



MENNTAMÁLASTOFNUN

EFNISYFIRLIT

- 3 BÆKUR BYGGJA BRÝR
OG BRJÓTA NIÐUR MÚRA
- 4 LAKKRÍS EÐA GLÆPUR OG REFSING
- 22 EINS OG Í SÖGU
- 34 STÓRI BRÓÐIR
- 52 ANDVAKA
- 68 PISSUPÁSA
- 88 STJARNAN Í ÓRÍON
- 106 HÖRPUSLAG
- 120 HVERFISHÁTÍÐIN
- 138 BLÖNDUKÚTUR Í SORPU

BÆKUR BYGGJA BRÝR OG BRJÓTA NIÐUR MÚRA

Innst inni erum við öll eins


Árið 1953 komu barnabókaunnendur frá ýmsum löndum saman í Sviss og stofnuðu samtök. Þau fengu heitið IBBY, sem er skammstöfun fyrir The International Board on Books for Young People. Stofnendurnir, þar á meðal hinn þekkti barnabókahöfundur Astrid Lindgren, vildu leggja sitt af mörkum til þess að auka skilning og samhug meðal þjóða heimsins eftir heimsstyrjöldina síðari. Þeir trúðu því að besta leiðin til þess væri í gegnum góðar barnabækur. Markmið samtakanna hefur því frá fyrsta degi verið að tryggja öllum börnum aðgang að bókum og tengja saman fólk um víða veröld sem vinnur að framgangi góðra barnabóka.

Íslandsdeild IBBY var stofnuð árið 1985 og hefur síðan þá unnið ötulega að eflingu íslenskra barnabóka með margvíslegum hætti.

Dagur barnabókarinnar

Frá árinu 1967 hafa alþjóðlegu IBBY samtökin nýtt fæðingardag H.C Andersen, 2. apríl ár hvert, til að minna á barnabókina og mikilvægi hennar.

Hér á Íslandi hafa samtökin fagnað deginum með því að bjóða landsmönnum öllum upp á sögustund. Íslensk smásaga er frumflutt af höfundi í útvarpi allra landsmanna og um 40.000 grunnskólanemendum gefst tækifæri til að hlýða saman á söguna. Með þessu framtaki vonast IBBY til að skapa umræðu um barnabókmenntir sem og að minna á hversu mikilvægt sameiningarafl er að finna í skáldskapnum.



LAKKRÍS EÐA GLÆPUR OG REFSING

GUNNAR HELGASON

Byggt á raunverulegum atburðum
sem gerðust þann 17. desember árið 1977.

Í alvörunni.

HEFST ÞÁ SAGAN

Komið þið sæl. Ég heiti Silja og ég ætla að segja ykkur litla dæmisögu sem gerðist um síðustu jól. Eða sko, 17. desember, til að vera nákvæm. Þetta er lítil saga um það hvernig ég eignaðist minn fyrsta kærasta. Já, og kannski smá um það að maður á ekki að stela.

En allavega, jólin voru að koma. Ég elska jólin mest af öllu í heiminum. Skólinn er aldrei skemmtilegri og allir eru alltaf í svo góðu skapi.

Næstmest elska ég lakkrís. Mamma kaupir alltof sjaldan lakkrís. Það þýðir að hún kaupir hann aldrei! Hún segir að lakkrís sé það óhollasta í öllum heiminum. Ég er algerlega ósammála. Og pabbi líka. Pabbi kaupir nefnilega stundum lakkrís og ég veit hvar hann felur hann. Fyrir hver jól kaupir hann heilt kíló sem hann felur í sokkaskúffunni sinni og tekur svo fram eftir matinn á aðfangadag og á hverju ári er hann jafnhissa á að sjá að það er búið að borða töluvert magn

af lakkrísnum. Hann hefur sem betur fer ekki komist að því að það er ég sem er sökudólgurinn.

Skólinn var kominn í jólagírinn og fram undan var hin árlega jólaskemmtun þar sem 8. bekkur skemmti miðdeildinni með því að gera grín að kennurunum eða með öðrum frumsömdum atriðum.

Eftir skóla þann 17. desember fór ég beint heim og laumaðist í sokkaskúffuna. Þarna var hann. Lakkrísinn hans pabba. Ég fyllti lúkuna og þótt enginn væri heima læddist ég með ránsfenginn inn í herbergið mitt. Á meðan ég valdi föt til að fara í á jólaskemmtunina gæddi ég mér á lakkrísnum. Ég naut hvers einasta mola. Ég beit marsípanið frá og reyndi að bræða það í munninum áður en ég tuggði lakkrísinn. Þetta var svo gott!!

Mér gekk hins vegar ekki nógu vel að velja mér föt. Mér fannst allt sem ég átti bæði gamalt og ljótt. Ég prófaði bleikan kjól og vínrauða peysu sem var með smá glimmeri í utan yfir en það var alltof smábarnalegt. Ég meina, ég var komin í sjöunda bekk! Af hverju var mamma ekki búin að kaupa jólafötin mín!? Oh.

Ég læddist inn í hjónaherbergi og náði mér í aðeins meiri lakkrís. Hann hjálpaði mér að hugsa skýrar. Ég dró fram uppáhalds-sumarkjólinn minn. Allir sögðu að ég væri ógeðslega sæt í honum. Ég trúð mér í hann og speglaði mig. What?? Hafði hann minnkað? Nei, auðvitað, ég hafði bara stækkað. Oh, ég var alltof stór. Ég var stærri en allir strákararnir

í bekknum. Já, talandi um strákana í bekknum. Þeir voru allir ágætir en bara svolítið barnalegir. Allir nema Stebbi. Hann var náttúrlega bara of skemmtilegur. Við stelpurnar höfðum oft talað um það hvort við værum skotnar í Stebba en ég er það ekki. Hann var með svo miklar kanínutennur, drengurinn. Ása og Tara, bestu vinkonur mínar, voru alveg sam-mála mér. Við fundum líka strák í áttunda bekk til að vera skotnar í. Strákarnir í áttunda bekk voru ekki eins barnalegir og strákarnir í okkar bekk og aðalgaurinn var Baldur. Við ákváðum að vera skotnar í honum. Hann hafði bara aldrei tekið eftir okkur í skólanum svo þetta var bara svona ást í bænum. Okkar allra.

Ég hringdi bæði í Ásu og Töru en þær áttu engin föt til að lána mér. Þetta var agalegt. Ég ákvað að fá mér aðeins meiri lakkrís og hugsa málið. Þegar ég var búin með hann fékk ég frábæra hugmynd. Ég ákvað að kíkja inn í þvottahús til að gá hvort þar leyndust einhver hrein föt sem ég mundi ekki eftir. Og viti menn. Þarna lá tandurhrein kjóll sem ég hafði hatað í haust en fannst núna ógissla flottur. Hann var tvískiptur með svörtum toppi með semalíusteinskrauti og mynstruðu pilsí; hvítu, brúnu og svörtu. Ég skellti mér í hann og fór



í dökkbrúnar sokkabuxur undir. Ég hljóp inn til mín og kíkti í spegilinn. Þetta var geðveikt. Ég hélt upp á að vera búin að finna dressið með því að fá mér aaðeins meiri lakkrís.

Ókei, nú haldið þið að ég sé bara algjör lakkrísfíkill. En ég er það ekki. Ég var bara, alveg óvart, allt í einu búin með hálfan pokann af því að það var svo mikið að gera hjá mér.

Það passaði akkúrat að þegar ég var búin með síðasta skammtinn af lakkrísnum kom mamma heim og svo pabbi skömmu síðar. Ég sýndi mömmu fötin og hún var svona þykjustu hissa á að ég skyldi hafa fundið þennan kjól í þvottahúsinu. Oh, gat verið að hún hefði plantað honum þarna. Ég þoli ekki þegar mamma skiptir sér af því í hverju ég er svo ég lét sem ég fattaði ekki neitt. Pabbi lét mig bara snúa mér í hringi og tók mynd af mér þó að ég bannaði honum það því ég var ekki búin að greiða mér. Og heldur ekki að mála mig. Ég sagði það nú ekki upphátt því þau vilja ekki að ég máli mig en ég er nú samt farin að stelast í málningardótið hennar mömmu. Og ég ætlaði að stelast í það fyrir kvöldið því ég átti alveg örugglega eftir að rekast á Baldur. Já, nei, hann yrði ekki þarna af því að hann var ekki í skemmtiatriðunum. En ég ætlaði samt að mála mig. Það voru nú einu sinni jól.

Ég hafði ekki mikla lyst á kvöldmatnum. Það er alveg undarlegt hvað maður hefur litla lyst á fiskibollum þegar maður er með hálf tón af lakkrís í maganum. Ég skellti mér því í sturtu og var svo enga stund að blása hárið og mála varirnir og augun. Ég held að þetta hafi ekki tekið meira en klukkutíma með öllu. Reyndar þurfti pabbi að fara á klósettið

hjá nágrannanum á meðan og ég heyrði í gegnum þaðherbergishurðina að hann var orðinn svolítið pirraður. Ég kallaði á hann að fá sér bara smávegis lakkrís til að róa sig. Skömmu síðar var hann hættur að skammast í gegnum hurðina. Ég er að segja ykkur það, lakkrís er besta meðal við öllu í heiminum.

Ég skaust inn til mín og skellti mér í kjólinn. Þegar ég kom fram vildu mamma og pabbi fá að sjá mig en ég gat ekki sýnt þeim að ég var búin að mála mig þannig að ég hljóp bara beint fram í forstofu og klæddi mig í úlpu og skó. Pabbi var mættur með símann til að taka mynd og setja á feisbúkk en dyrabjallan bjargaði mér.

Stebbi var mættur.

„Vá,“ sagði hann þegar ég leit á hann. Hvað átti það að þýða?

„Noh, bara stefnumót!“ hrópaði pabbi upp yfir sig. Mamma núaði og hváði inni í stofu og ég heyrði hana koma hlaupandi. Þessir foreldrar geta stundum verið svo barnalegir! Ég ýtti Stebba frá dyrunum, ruddist út og skellti á eftir mér. Mamma mátti ekki sjá að ég var máluð. Ég heyrði pabba opna dyrnar fyrir aftan mig og hrópa: „Fæ ég ekki mynd af prinsessunni og prófessornum?“ Það er sko ég. Hann kallar mig alltaf prinsessuna og prófessorinn.

„Góða skemmtun!“ bætti mamma við áður en pabbi hrópaði svo að bergmálaði um allt hverfið:

„Þú ert langsætust og skemmtilegust og gáfuðust, Silja mín, ég elska þig, prinsessa og prófessor!“

Oh. Hvað var að honum? Það var alveg gaman að eiga svona hressan pabba en þetta var of mikið. Ég skellti hettunni á höfuðið og renndi upp í háls, þó að ég ætti á hættu að skemma hárgreiðsluna.

„Þetta er alveg satt hjá honum,“ sagði Stebbi.

„Hvað meinarðu?“ spurði ég og leit á hann. Hann brosti sínu kanínubrosi og sagði:

„Þú ert bæði prinsessa og prófessor. Þú ert gáfuðust í bekknum okkar og svo ertu líka langsætust! Eða mér finnst það.“

Ég bremsaði með báðum fótum og leit á Stebba. Voru allir að verða geðveikir? Var Stebbi orðinn snarklikkaður? Hann var vinur minn en ekki kærasti. Og nú var hann að reyna við mig! Vandræðalegt!

„Ég er ekkert að reyna við þig ef þú heldur það. Ég er bara að segja að pabbi þinn ... eða sko, ég er sammála pabba þínum,“ sagði Stebbi alveg hrikalega vandræðalegur.

„Hva, ertu amma mín eða ...“ spurði ég.

„Hvað meinarðu?“ spurði hann.

„Nei, bara, alltaf þegar mamma og pabbi setja mynd af mér á fésið skrifar amma að ég sé langsætust og duglegust og allt það. Ég veit að það er ekkert að marka svoliðis komment.“

„Nei, það er rétt hjá þér, það er ekkert að marka mig. Ég er ekki einu sinni á feisbúkk!“ sagði Stebbi og hætti að vera vandræðalegur.

„Nei, feisbúkk er líka bara fyrir gamalt fólk,“ sagði ég og við

gengum af stað í þögn. Stebbi hafði aldrei áður þagað svona lengi. Með hverju skrefinu lengdist þögnin og mér fannst við aftur farin að vera vandræðaleg. Ég viðurkenni að fékk líka smáseyðing í magann eftir því sem á gönguna leið. Var ég að verða skotin í Stebba? Eða var þetta bara magapína?

Við hittum Ásu og Töru fyrir utan skólann og þá loksins fór Stebbi að djóka og láta eins og hann átti að sér. Við fórum inn og úr úlpunum og sýndum hver annarri í hverju við vorum. Þær voru báðar í nýjum kjólum. Sumar mömmur voru greinilega að standa sig betur en aðrar, segi ég nú bara.

„Ertu máluð?“ spurði Ása hneyksluð. Hún var eiginlega alltaf hneyksluð á öllu. Alltaf. Alls staðar.

„Já, hvað, ég er líka máluð,“ sagði Tara og brosti með glansandi glossuðum vörum.

„Já, ég líka!“ sagði Stebbi og gerði stút á varirnar.

„Ha!?!?“ hrópaði Ása upp yfir sig en við hin fórum að skellihlæja.

„Oh, þið eruð ekki hægt,“ sagði Ása og rauk inn í sal. Hann var eiginlega orðinn alveg stappaður en Tara fann sæti fyrir okkur mjög framarlega, alveg úti á enda við gluggana. Við hin eltum og settumst öll saman. Tara, Ása, ég og Stebbi á endanum.

„Hey, stelpur, sjáið þið hver er þarna?“ hvíslaði Tara allt í einu og benti á fremsta bekkinn rétt fyrir framan okkur. Þar var Baldur. Fallegasti áttundabekkingur í heimi.

„Hva, hvað er hann að gera hér?“ spurði Ása og hélt áfram yfir sig hneyksluð: „Hann er í áttunda bekk! Áttundabekkingar eiga ekki að vera að horfa. Þeir eiga bara að vera að skemmta.“

„Róleg, Ása, viltu ekki bara reka hann heim?“ hvíslaði Tara brosandí.

„Hann er örugglega með Ingibjörgu, hún er að leika í skemmtiatriðunum,“ sagði Stebbi og hljómaði fúll.

Hver var þessi Ingibjörg? Átti Baldur kærustu? Oh, gat skeð. Þá sá ég að það var laust sæti við hliðina á Baldri, alveg úti á enda við gluggana. Án þess að hugsa mig um tvisvar var ég staðin á fætur og búin að troða mér og klofa yfir stólana þangað til ég var komin á fremsta bekk og sest í sætið við hliðina á Baldri. Ég lét sem ég heyrði ekki í vinum mínum hvísla og hvæsa á eftir mér:

„Hvað ertu gera?“ og „Sittu hjá okkur!“ og „Ertu orðin alveg snar?“

„Hæ!“ sagði ég og leit á Baldur um leið og ég kastaði til hárinu og reyndi að brosa fullorðinslega.

„Hæ!“ sagði hann og leit brosandí á mig. Gu-vuð minn gó-ður! Hann var fáránlega sætur. Ný-jólaklipptur og með fullkomnar tennur sem voru hvítari en hvítasti jólasnjór. Ég fékk þvílíkan sting í magann. Það þýddi bara eitt: ég var pottþétt að verða ástfangin. Ég gat ekki hætt að horfa á Baldur þó að hann væri hættur að horfa á mig. Þá mundi ég eftir spöngunum og leit undan. Ég er sko með spangir. Pabbi segir

að ég sé bara sætari með þær en án þeirra og ég hafði trúað honum alveg þangað til núna. Allt í einu langaði mig aftur til vina minna en ég gat ekki bara staðið upp og farið.

„Af hverju ert þú hérna?“ spurði ég kæruleysislega og leit upp á sviðið þar sem kynnirinn gekk að hljóðnemanum. Baldur hallaði sér að mér og hvíslaði:

„Ég kom bara til að horfa á Ingibjörgu.“

Það var þá rétt hjá Stebba. Hann átti kærustu. Oh! En fyrst ég var komin alla þessa leið ákvað ég að gefast ekki upp án baráttu. Fyrst ég gat stolið bæði lakkrís og málningardóti þá gat ég alveg stolið eins og einum kærasta. Ég sléttaði pilsíð mitt og leit upp á svið þar sem kynnirinn var að segja frá fyrsta atriðinu. Ljósinn breyttust og fjórir krakkar úr áttunda bekk léku tíundabekkinga í frímínútum. Það var ógeðslega fyndið og þau léku ótrúlega vel. Sérstaklega fór ein stelpa á kostum sem geggjúð gelgja sem var að farast úr unglingaveiki og píustælum. Ég hallaði mér að Baldri og hvíslaði:

„Þessi með tyggjóid er ógeðslega fyndin.“

„Já, það er Ingibjörg!“ hvíslaði hann brosandi og svolítið glaður yfir því að ég skyldi vera að hrósa kærustunni hans. Aftur fékk ég sting í magann. Ég varð að finna upp á einhverju. Ég varð að vera fyndnari en þessi Ingibjörg. Næst þegar hún sagði eitthvað fyndið hló ég óeðlilega hátt. Baldur leit svolítið hissa á mig og ég sagði frussandi af hlátri:

„Hún er ógeðslega fyndin, sko!“

Hann hnyklaði brýnnar og horfði rannsakandi á mig.

Kannski af því að ég hafði frussað framan í hann. Eða ... af því að honum leist vel á mig. Ég strauk hendinni í gegnum hárið og leit á sviðið og hló meira. Baldur horfði enn á mig. Þetta var að virka.

En þá gerðist það. Þá gerðist það sem þessi saga er eiginlega um.

Ég fékk sáran sting í magann og fann allt í einu að ég þurfti að herna ... oh, ég get varla sagt það upphátt ... ókei, ég þurfti sem sagt að prumpa. Ég stífnaði upp. Ég mátti alls ekki prumpa. Ekki fyrir framan Baldur. Ekki misskilja mig. Ég prumpa aldrei fyrir framan annað fólk en það var sérstaklega mikilvægt að ég myndi ekki prumpa á meðan ég sæti hjá Baldri, loksins þegar hann var búinn að taka eftir mér. Ég gat hins vegar ekki streist á móti. Ég bara VARÐ að losa gas. Ég lokaði augunum og einbeitti mér að því að gera þetta varlega. Ég fann að prumpið lak hljóðlaust frá mér. Guði sé lof. Hættunni afstýrt. Ég opnaði augun og leit á sviðið. Allur salurinn hló og ég reyndi að taka undir. Við það missti ég einbeitinguna og prumpaði enn meira, nú með smá hljóði. Sem betur fór heyrði það enginn því nú klöppuðu allir fyrir atriðinu um tíundabekkingana sem var að ljúka. Kynnirinn gekk inn á sviðið og klappið dó út.

„Varstu að prumpa?“ heyrði ég hvíslað fyrir aftan mig. Ég sperrti eyrun.

„Neits, sá á lykt sem finnur,“ var svarað. Þá fann ég lyktina. Og ég þekkti þessa lykt. Þetta var prumpulyktin hans pabba

sem kom bara þegar hann var búinn að borða lakkrísinn sinn um jólin. Þetta var eiginlega bara jólalyktin á okkar heimili og aðalástæðan fyrir því að mamma bannaði lakkrís heima hjá okkur. Hún sagði að þetta væri ekki prumpulykt heldur eiturgas sem gæti drepið fólk. Og ég hafði greinilega erfitt þennan jólaílm frá pabba.

Sem betur fór byrjaði nýtt atriði og lyktin flögraði á brott.

„Það er einhver að freta feitt hérna rétt hjá okkur,“ hvíslaði Baldur glottandi í eyrað á mér.

„Já! Fannstu lyktina?“ svaraði ég og sýndi þar með betri leiklistarhæfileika en þessi Ingibjörg. Hún var ekki í næsta atriði sem var um skólastýruna og leiðinlegu ræðurnar sem hún flytur alltaf á samkomum á sal. Það var strákur sem lék hana og salurinn veltist um í hlátrasköllum. Hann var svo fyndinn að í smástund gleymdi ég Baldri og eiturgasinu sem ég hafði reynt að drepa hann með. Og vegna þess hvað það var gaman gat ég ekkert að því gert þegar ég prumpaði enn og aftur. Hljóðlaust en bráðdrepanði. Ég steinhætti að hlæja og gjóaði augunum á Baldur. Ég sá þegar lyktin sló hann í andlitið. Hann gretti sig og leit á gaurinn sem sat við hliðina á honum. Þínulítill fimmtabekkingur, algjör grallarasþói, hætti skyndilega að hlæja þegar lyktin barst til hans. Hann kipptist við og leit á Baldur ásökunaraugum.

„Ekki ég,“ hvíslaði Baldur og lyfti lófunum. Grallarasþóinn hallaði sér fram og leit á mig. Ég leit snögg og þóttist vera að horfa á atriðið á sviðinu. Ég fann hvernig Baldur leit

á mig grunsemdaraugum. Ég snöggroðnaði og fann hvernig kaldur sviti spratt út á öllum líkamanum. Þetta var al-svitnun.

„Aftur?“ heyrði ég hvíslað fyrir aftan mig.

„Nei, þetta var ekki ég. Ég er að segja þér það!“ svaraði sama manneskja og áður. Ég laumaðist til að líta aftur fyrir mig, að dyrunum að salnum sem voru hundrað þúsund kílómetra í burtu. Ég sat í sætinu sem var lengst frá dyrunum. Mig langaði að fara að grenja. Mig langaði að hlaupa grenjandi út. En ég ákvað að harka af mér. Það versta hlaut að vera yfirstaðið. Ég ætlaði aldrei að borða lakkrís framar.

Nýtt atriði var byrjað. Hvað varð af skólastjóranum? Ingi-björg var að leika sundkennarann og mér fannst hún ekkert fyndin. Það var gott. Ég hvíslaði að Baldri:

„Þetta er ekkert rosalega fyndið hjá henni.“

Það var eins og honum sárnaði.

„Hún er alltaf að leika sundkennarann heima hjá okkur og það er alltaf alveg hrikalega fyndið.“

„Heima hjá ykkur?“ hváði ég.

„Já, hún er systir mín,“ sagði Baldur eins og ég hefði átt að vita það. Ég leit á Ingibjörgu. Og aftur á Baldur. Nei, þau voru ekkert lík.

„Við erum tvíburar!“

„Ó ... þá finnst mér hún mjög fyndin,“ hvíslaði ég og brosti mjög heillandi svo að það glampaði á teinana á tönnunum. Baldur brosti. Við horfðumst í augu. Þetta var augnablikið. Þetta var akkúrat augnablikið sem maður sér í bíómyndunum

þegar ungt fólk verður ástfangið. Ég fann það og ég fann að hann fann það: hann var ást lífs míns. Þá kom prumpuprenna.

Eitt stutt, eitt langt og svo eitt stutt aftur. Ég mjakaði mér eins langt frá Baldri og ég gat. Hann varð mjög hissa. Við hliðina á stólnum mínum var blómakassi sem var sem betur fór tómur. Handan við hann var gluggakistan. Önnur rasskinnin á mér var komin á blómakassann þegar hinir elskulegu skólafélagar mínir fóru að finna lyktina af þrennuni.

Ég sá þegar það rann upp fyrir Baldri hver var uppsprettan að lyktinni. Hann greip skyndilega fyrir nefið. Mér til hryllings stóð hann upp. Allir sáu þegar hann starði á mig og hélt um nefið, muldrandi dísess kræst eða eitthvað álíka. Hann kippti grallaraspóanum upp og skipti um sæti við hann.

Þá litu allir á mig.

Ég yppti bara öxlum og lét eins og ég vissi ekki hvað hefði gerst um leið og ég mjakaði mér lengra ofan á blómakassann. Ég sá út undan mér þegar Stebbi reis á fætur. Ég leit hins vegar aftur á sviðið og mjakaði mér alveg af stólnum mínum og yfir á blómakassann. Ef það kæmi meira prump myndi það vonandi lokast ofan í kassanum undir mér. Ég breiddi úr pilsinu og reyndi þannig að loka öllum glufum. Ég vonaði að það versta væri yfirstaðið.

En auðvitað var það versta ekki yfirstaðið. Ballið var bara rétt að byrja. Það sem gerðist var að sjálf MÓÐU-HARÐ-INDIN voru á leiðinni. Ég fann hvernig maginn á mér snerist allur við þegar gaskúlan færðist niður á við innan í mér. Ég

starði á sviðið og reyndi að halda aftur af óloftinu. Því sá ég þegar leikararnir, stjórnurnar í áttunda bekk, fóru að fitja upp á trýnið og fipast í atriðinu sem þau voru að leika. Þau voru farin að finna lyktina af þrennuni. Ég reyndi allt sem ég gat til að halda aftur af ógeðinu en án árangurs. Ég fann tárin leka úr augunum um leið og ég reyndi að halda pilsinu yfir kassanum og tróð rassinum ofan í hann. Það gerði ekkert gagn. Prumpugas sem nægði í heilt eldgos læddi sér út úr mér, hljóðlaust en ákveðið, og streymdi svo upp úr blóma-kassanum allt í kringum mig.

Þeir sem sátu næst mér gátu ekki meir. Grallaraspóinn leit snöggt á mig og sekúndubroti síðar stökk Baldur á fætur, leit á mig og hrópaði svo allir heyrðu:

„Dísess, hvað er eiginlega í gangi, hvað er að þér?“

Hvernig gat ást lífs míns gert þetta? Átti hann ekki að koma mér til hjálpar? Átti hann ekki að segja öllum að það væri hann sem hefði prumpað?

Ég var farin að gráta. Ég ætlaði að stökkva á fætur og hlaupa grenjandi út en ég



komst ekki af stað. Ég sat föst í blómakassanum. Ég baðaði út öllum öngum og var bara eins og afvelta könguló. Ég heyrði hvernig flissið byrjaði. Enginn var að horfa á sviðið. Allir voru að horfa á mig og hlæja að mér. Leikararnir líka. Þá var kallað: „Þetta var ég!“

Allir litu á þann sem hafði hrópað. Stebbi stóð uppi á stólnum sínum og kallaði aftur, skælbrosandi svo að fallegu kanínutennurnar hans blöstu við í öllu sínu veldi.

„Það var ég sem prumpaði!“ hrópaði hann og brólti svo yfir stólaraðirnar í áttina til mín.

„Nei, það var hún,“ sagði litli grallarasþóinn eins og hann héldi að hann væri að leika barnið í Nýju fötin keisarans. Baldur og þeir sem næst okkur sátu tóku undir með honum.

Stebbi var kominn á stólinn minn og stóð hátt yfir þeim litla og benti á hann um leið og hann þrumaði:

„Nei, það var ég! Togaðu í puttann á mér!“ Hann rétti grallaranum vísifingurinn. Það hefði mátt heyra saumnál detta þegar litli grallarasþóinn teygði sig hægt að puttanum á Stebba. Allir fylgdust með þegar hann greip um vísifingurinn.

„Togaðu!“ kallaði Stebbi yfir salinn. Sá litli togaði af öllu afli og eins og fyrir kraftaverk prumpaði Stebbi eins og trompet!

Allir fóru að skellihlæja. Sumir klöppuðu.

„Sko!“ hrópaði Stebbi eins og hann hefði sigrað í Gettu betur og stökk niður af stólnum. Hann sneri sér að mér, rétti mér höndina og sagði:

„Silja, hættu að leika blóm,“ og svo kippti hann mér upp úr

blómakassanum. Ég hljóp snöktandi af stað út úr salnum og teymdi Stebba á eftir mér.

„Áfram með þetta skemmtikvöld!“ kallaði hann fyrir aftan mig um leið og ég opnaði dyrnar. Þegar þær lokuðust á eftir okkur heyrði ég klapp og fagnaðarlæti breiðast um salinn.

„Takk, Stebbi,“ sagði ég lágt og leit á hann um leið og ég þurrkaði tárin með fingrunum. Þeir urðu kolbrúnir. Málningin hafði lekið með tárunum. Ég hlaut að líta fáránlega út. Ég ætlaði aldrei aftur að stela málningu frá mömmu.

Stebbi þurrkaði varlega brúna tauma af kinninni á mér og brosti sínu fegursta. Nú kom það. Nú kom augnablikið sem ég talaði um áðan. Augnablikið þegar maður fattar að maður er skotin í einhverjum. Og hann fattaði að ég fattaði. Hann hallaði sér að mér og gerði stút á varirnar.

„Rólegur!“ sagði ég. „Við erum ekkert að fara að kyssast! Við erum bara tólf ára, sko.“

Hann varð fáránlega vandræðalegur.

„En við getum samt alveg verið kærustupar!“ sagði ég lágt og eins og því til staðfestingar prumpaði ég hágæða prumpi með hljóði og öllu.

„Úps! Það er að segja ef þér er sama um prumpið,“ sagði ég og skammaðist mín ekki neitt því að Stebbi bara skellihló og sagði:

„Já, mér er alveg sama. Þú ert ekki bara prinsessa og prófessor heldur líka prumpukerling!“

Svo fylgdi ég honum heim, þessari elsku, því hann er svo myrkfælinn.

VERKEFNI

SÖGURÝNI

1. Lakkrísinn var geymdur í sokkaskúffu á heimili Silju. Er þá hægt að segja að hún hafi verið að stela?
2. Um miðbik sögunnar er Silja mjög hrifin af Baldri en í lokin eru hún og Stebbi orðin kærustupar. Hvernig breytast skoðanir hennar á þessum tveimur drengjum í sögunni. Nefnið dæmi.
3. Þegar Silja prumpar bregðast sessunautar hennar ókvæða við. Hvernig hefðu þið brugðist við? Hvernig er viðeigandi að bregðast við í slíkum aðstæðum?
4. Hvað gerir Stebba að góðum vini? Nefnið a.m.k. tvö atriði.

VANGAVELTUR

Takið afstöðu og færið rök fyrir skoðun ykkar.

5. Er stundum í lagi að stela?
6. Er viðeigandi að prumpa á almannaferi?

ÁSKORUN

Veldu þér verkefni.

- Leikritun: Skrifaðu stuttan leikþátt. Persónur eru Ása og Tara, þar sem þær sitja á jólaskemmtuninni og fylgjast með Silju á fremsta bekk við hlið Baldurs.
- Brandarasmiður: Kannt þú prumpubrandara? Eða hefur þú upplifað álíka atvik og sagt er frá í sögunni Lakkrís eða Glæpur og refsing? Búðu til prumpubrandara eða segðu stuttlega frá skondnu atviki þar sem prump kemur við sögu.



EINS OG Í SÖGU

RAGNHEIÐUR GESTDÓTTIR

Þeir eru rétt á hælunum á honum. Kennarinn tók ekkert eftir því að þeir fóru ekki út í frímínútur, hún var upptekin við að leysa úr deilu um hver mætti nota sparkvöllinn. Hann veit að þeir ætla að góma hann og lúskra á honum, en hann veit ekki hvers vegna. Stundum er það af því að hann er ekki góður í fótbolta, eða af því að hann er í asnalegri peysu, eða af því að hann fór einu sinni að gráta þegar hann datt og meiddi sig, eða af því að hann er með gleraugu. En Gunni er líka með gleraugu, Hafþór er ennþá lélegri en hann í fótbolta og Darri hefur oft farið að grenja þótt hann hafi ekki einu sinni meitt sig. Samt er þeim ekki strítt. Það er ekki út af neinu af þessu sem strákarnir stríða honum og lemja hann. Þetta er bara svona. Og nú er eina ráðið að koma sér einhvers staðar í skjól, að finna stað þar sem hann getur falið sig þangað til bjallan hringir aftur.

Hann hleypur fyrir horn og lendir þá næstum í fanginu á skólastjóranum.

– Rólegan æsing! Hvert ert þú að þjóta? Áttu ekki að vera úti?

– Uuuu ... ég átti að sækja soldið á bókasafnið ...

– Allt í lagi, flýttu þér þá, safnið er að loka.

Hann kinkar kolla og gengur hratt eftir ganginum í átt að bókasafninu. Hann ætlaði alls ekki þangað. Hann ætlaði að laumast inn í litla kompu við sama gang þar sem gömul kort og bækur eru geymdar. Hún er oft ólæst og hann felur sig stundum þar í frímínútum. En nú er hann kominn framhjá kompudyrnum og hann verður að halda áfram ef ske kynni að skólastjórinn væri að horfa á eftir honum.

Guðrún á bókasafninu stendur í dyrunum með fangið fullt af dóti og lyklakippu í hendinni þegar hann kemur að bókasafninu. Hún tekur ekkert eftir honum á meðan hún reynir að koma lyklinum í skrána án þess að missa allt dótið. Svo hrekkur allt í einu upp úr henni orð sem kennarar mega aldrei segja og hún fer aftur inn. Hún hefur gleymt einhverju. Einmitt þá heyrir hann í strákunum. Þeir eru að koma fyrir hornið á ganginum. Hann smeygir sér inn fyrir dyrnar á bókasafninu og stingur sér á bak við næstu bókahillu. Guðrún sér hann ekki. Hún er búin að bæta enn fleiri bókum ofan á staflann og þarf að nota hökuna til að halda honum föstum meðan hún slekkur ljósin, lokar og læsir.

Hann bíður þangað til hann er alveg viss um að Guðrún hafi ekki gleymt neinu öðru og lædist þá að dyrunum og hlustar. Það er enginn fyrir utan. Hann tekur í hurðarhúninginn, en ekkert gerist. Dyrnar eru læstar og það er ekki hægt að opna þær innan frá nema með lykli. Hann er læstur inni.

Bjallan hringir með skerandi hljómi. Hann heyrir umgang, raddir, hurðaskelli. Hann lætur sig síga hægt niður á gólfid með bakið upp við vegginn. Á hann að berja á dyrnar og kalla á hjálp? Þá yrði honum nú fyrst strítt alveg svakalega, ef það þyrfti að bjarga honum út af bókasafninu. Krakkarnir myndu aldrei hætta að hlæja að honum. Það er skárri að bíða bara þangað til síðasti tíminn er búinn. Siggí húsvörður hlýtur að heyra í honum ef hann kallar á hjálp eftir að krakkarnir eru farnir heim.

Hann andvarpar og lítur í kringum sig. Þetta verður örugglega nokkuð löng bið og það er hart að sitja á gólfinu. Ætli það sé ekki betra að koma sér þægilega fyrir í söguhorninu þar sem litlu krakkarnir sitja þegar lesið er fyrir þau. Og svo getur hann auðvitað kíkt í einhverja bók á meðan hann bíður, nóg er nú af þeim hérna ...

Hann teygir sig eftir bók og leggst í púðahrúguna. Það er þægilegt að liggja þarna, en hann á erfitt með að sjá til að lesa í rökkrinu. Hann þorir ekki að kveikja ljósið, það myndi sjást á uppljómuðum gluggunum að einhver væri inni á safninu. Hann rýnir í letrið, en verður fljótt þreyttur í augunum. Stafirnir dansa á síðunni, renna saman og leysast aftur upp. Það er eins og augun séu full af sandi og hann nuddar augnlokin með hnúunum ...

En hvað er þetta? Það er eins og eitthvað hreyfist þarna í rökkrinu! Hann er ekki einn hérna inni! Það stendur einhver spölkorn fyrir framan hann, einhver dökkleit vera. Og þarna,

inni á milli bókaskápanna, er líka eins og eitthvað hreyfist, dimmir skuggar á iði ... Er draugagangur á bókasafninu? Hann fær hjartslátt og grúfir sig lengra niður í púðahrúguna.

– Ekki vera hræddur!

Röddin er ung og skær og blíðleg. Það er ekkert ógnvænlegt við hana og hann kíkir undan púðanum á skuggaveruna sem færast nú ofurlítið nær. Þetta er strákur á aldur við hann sjálfan, en hann er undarlega klæddur. Einhvern veginn gamaldags. Forvitnin verður hræðslunni yfirsterkari og hann sest upp. Strákurinn er síðhærður og bjartleitur, klæddur í tötralega skyrtu og buxur sem ná bara rétt niður fyrir hné og hann er berfættur.

– Hver ert þú?

– Ég heiti Oliver! Ég hélt að þú værir steinsofnaður, svo ég hætti mér út!

– Hvernig út?

Oliver tekur upp bókina sem hann missti á gólfid þegar hann fór að dotta og réttir honum hana. Oliver Twist stendur á henni. Hann hafði bara gripið þessa bók af handahófi úr einni hillunni og var rétt byrjaður að lesa fyrstu síðuna þegar hann varð svona skrýttinn í augunum.

– Ert þú hann? Oliver? Ertu sá sem bókin er um? Strákurinn kinkar kalli en spyr síðan:

– En hvers vegna ert þú hérna inni? Það er búið að loka bókasafninu!

– Strákarnir. Þeir voru að elta mig.

– Eru þeir hrekkjusvín?

– Ha?

– Krakkar sem eru alltaf að stríða og hrekkja; hrekkjusvín, stríðnisþúkar, pörupiltar, vandræðapésar, hrekkjalómar – þú veist!

Hann hefur heyrt sum þessara orða áður, en ekki öll. Skrýtið að það skuli vera til svona mörg orð yfir það sem hann er vanur að hugsa bara um sem „þá“ eða „strákana“. Nú sér hann þá fyrir sér með svínstrýni og litlar, krullaðar rófur og glottir svolítið innan í sér. Gott orð, hrekkjusvín. En Oliver heldur áfram:

– Þannig var þetta líka hjá honum Gúmmí-Tarsan, ég man það ... Hann var alltaf að reyna að komast undan þeim sem stríddu honum. Þekkirðu hann ekki?

– Gúmmí-Tarsan? Nei ... Tókst honum það? Að komast undan?

– Jaaa ... það var norn sem hjálpaði honum við að hefna sín á stríðnisþúkunum, ef mig minnir rétt. Það eru víst ekki miklar líkur á að þú hittir norn. Nema þá auðvitað hér inni, hér er sko nóg af þeim ...

– Nóg af nornum?

– Já, biddu fyrir þér – nornum og tröllum og skrímslum og drekum, alls konar ófreskjum!

Hann sér útundan sér hvernig skuggar líða um milli bóka-hillnanna. Er þetta kannski drekasporður sem glittir í þarna lengst inni í horninu?

– Ertu ekkert hræddur við þær?

– Nei, þetta eru meinleysisgrei þegar þær eru í fríi ...

– Í fríi? Hvernig fríi?

– Allt sem er inni í sögunum bíður þar þangað til einhver les þær. Allt sem gerist, þú skilur. Bardagarnir og ferðalögin og ástarævintýrin og hætturnar og stríðnin og praktarastrikin og þrautirnar ... allt þetta. Sögupersónurnar þurfa að ganga í gegnum þetta allt saman í hvert sinn sem einhver les um það. Þannig að þegar þær eru í fríi, þegar enginn er að lesa bókina og enginn sér til, þá langar þær að fara í einhverjar aðrar sögur, gera eitthvað allt annað ...

– Eins og hvað?

– Ja, það er svo margt ... stjúpa hennar Mjallhvítar liggur til dæmis mikið í matreiðslubókunum. Eplabökuuppskriftir eru hrein ástríða hjá henni. Nú, persónur úr sögum þar sem kuldi ríkir sækja mikið í sögur sem gerast í heitum löndum. Það er alltaf krökkt af jólasveinum á hitabeltiseyjunni hans Róbinsons Krúsó og Snædrottningin er þar líka oft í sólbaði, hún er alltaf gegnfrosin eftir

hvern lestur, greyið ... Flestir sækjast eftir tilbreytingu

– Búkolla og strákurinn vilja til dæmis hreyfa sig sem allra minnst eftir alla gönguna í sögunni. Þannig er það reyndar með flestar ævintýrapersónur, það er nú meira



labbið alltaf í ævintýrunum ... en Þyrnirós vill helst dansa alla nóttina. Hún þarf að liggja og sofa í hundrað ár í hvert sinn sem einhver les um hana!

– Ég skil. Þegar maður er í fríi vill maður gera eitthvað allt annað en þegar maður er í vinnunni ... Þannig að þú ferð kannski í heimsókn í aðra sögu, eins og til dæmis ...

Hann hugsar sig um. Hvert myndi hann sjálfur fara ef hann væri Oliver? Myndi hann sækjast eftir spennu og ævintýrum, eða vilja bara frið og ró? Hvert myndi hann vilja fara? Út í geim, upp á fjöll, út á haf? Hann man allt í einu eftir sögu sem pabbi hans las fyrir hann og sér fyrir sér dimmgrænt skógarþykki, heyrir skjáfið í lafunum þegar dýrin læðast um ... bæði friðsælt og hættulegt í einu ...

– Eins og til dæmis í frumskóginn til Mowglis?

– Einmitt! Ég hef reyndar ekki komið þangað ennþá, en það er góð hugmynd, þakka þér fyrir!

– En eruð þið ekkert hrædd um að festast í vitlausri sögu?

– Það er algjört grundvallaratriði hjá hverri einustu sögupersónu að vera til staðar þegar lesandi þarf á henni að halda. Heiður okkar er í veði, þú skilur það. Þess vegna leyfum við okkur aldrei að bregða okkur út fyrir okkar eigin bók nema þegar engin hætta er á að nokkur sé á ferli. Hér á bókasafninu erum við nokkuð örugg eftir skólatíma – og við fáum langt frí um jól og páska, svo maður tali nú ekki um sumarfríð. Það er algjör lúxus að búa á skólasafni!

– Hvað um bækurnar sem ég á heima? Fara sögupersónurnar líka út úr þeim?

– Að sjálf sögðu. En ekki nema þær telji sig vera alveg öruggar. Það getur verið erfitt hjá þeim sem búa hjá fólki sem les á nóttunni, þeir vesalingar eiga aldrei frí!

– En viljið þið ekki vera í ykkar eigin sögu?

– Jú, að sjálf sögðu. Að minnsta kosti ef hún endar vel. Þetta er auðvitað ekkert grín fyrir þá sem þurfa alltaf að standa í einhverjum blóðsúthellingum og veseni, þeir þurfa sko stundum hvíld, greyin. En það er gaman fyrir alla að breyta stundum til, skilurðu. Mamma þín og pabbi eru eflaust glöð þegar þau komast í frí og þér finnst heldur ekki slæmt að fá frí í skólanum, er það?

Hann hristir höfuðið. Nei, honum finnst svo sannarlega ekki slæmt að komast í frí og losna við að þurfa alltaf að vera hræddur.

– Það væri allt í lagi að vera í skólanum ef strákarnir væru þar ekki. Mér finnst alls ekkert leiðinlegt að reikna og lesa og svoleiðis. Og margir krakkarnir eru skemmtilegir. Það eru bara nokkrir sem skemma allt ...

– Já, það er ekkert grín með þessa stráka, segir Oliver hugsí.

– Hvað skyldi vera hægt að gera til að koma vitinu fyrir þá?

– Það mætti kannski henda þeim upp í tré?

Hann hrekkur við og lítur upp. Sú sem talar er rauðhærð og freknótt og fléttur hennar standa beint út í loftið. Lína langsokkur! Hún brosir breitt svo sést í frekjuskarðið á milli tannanna.

– Lína mín, hann er ekki jafn sterkur og þú. Og við erum líka á Íslandi, það er ekki svo mikið af trjám hérna í kringum

skólann, þetta eru hálfgerðar hríslur ...

– Ég kannast við svona stráka, segir önnur rödd og feimnislegri. Það er strákur á aldur við hann sjálfan sem talar.

Hann heldur á stórri bók í fanginu.

Hún er skreytt með silfurspennum og augljóslega mjög gömul. – Það er eins og sumir þurfi alltaf að vera að níðast á einhverjum. Þeir voru þannig, strákarnir, sem eltu mig og stríddu mér. En þeir sáu svo sannarlega eftir því ...

– Þetta er hann Bastían úr Sögunni endalaus, segir Oliver. – Þú skalt endilega lesa hana ef þú ert ekki búinn að því. En það er varla hægt að búast við að þú hittir neina dreka eins og hann gerði ...

– Nei, varla, ansar hann og brosir. – Varla nornir og varla dreka.

– Það getur nú samt verið gott að lesa um það, segir Bastían.

– Ekki bara drekana og nornirnar, sko, heldur að það séu til aðrir sem líður eins og manni líður sjálfum.

Hann kinkar kalli. Það er nokkuð til í þessu.

– Einmitt, segir Oliver. – Mér finnst til dæmis merkilegt að hitta sögupersónur sem eru frá allt öðrum tíma en ég og frá öðrum löndum en skilja samt alveg hvernig það er að vera aleinn og eiga engan að ...

– Er þín saga svoleiðis? Ég var varla byrjaður neitt á henni, mér fannst hún líka svolítið gamaldags og erfið ...



Oliver brosir.

– Það kemur nú ýmislegt spennandi fyrir mig, skal ég segja þér. Og sumt meira að segja alveg hræðilegt. En það fer allt vel að lokum ...

Oliver hefur varla sleppt orðinu þegar þrusk heyrst við dyrnar. Allt í einu hverfa allar skuggaverurnar eins og döggi fyrir sólu. Nú er ekkert að sjá nema langar hilluraðir sem teygja úr sér inn í rökkrið, fullar af bókum, sem eru hver og ein með heilan heim í felum spjaldanna ... Skyndilega kviknar ljósið, skerandi hvítt, og hann fær ofbirtu í augun.

– Halló? Hvað ert þú að gera hér, vinur?

Konan ýtir ræstingavagni á undan sér.

– Ég ... ég lokaðist inni ... kannski sofnaði ég eða eitthvað

...

Konan brosir.

– Það hlýtur að vera. Klukkan er orðin sex! Viltu ekki hringja heim og láta vita af þér? Það eru örugglega allir orðnir hræddir um þig!

Hann stendur upp úr púðahrúgunni og um leið dettur bók niður á gólfið. Oliver Twist. Hann tekur hana upp og setur á sinn stað í hilluna um leið og hann fer að símanum. Hann ætlar að fá þessa bók lánaða á morgun. Eða kannski Söguna endalaus. Eða Gúmmi Tarsan. Eða kannski bara allar þrjár.

VERKEFNI

SÖGURÝNI

1. Hver segir söguna? Hvað er vitað um sögumanninn?
2. Oliver kann mörg orð yfir þá sem stríða. Safnið þeim saman, japlið á þeim og kjósið það orð sem ykkur þykir vera best. Getið þið fundið fleiri orð?
3. Drengurinn hittir þrjár sögupersónur. Nefnið þær.
 - a. Þekkið þið sögur þeirra?
 - b. Tvær aðrar sögupersónur eru nefndar á nafn. Hvað heita þær?
 - c. Hvað eiga allar persónurnar sameiginlegt?
4. Sögupersóna segir drengnum að það sé gott að lesa um aðra sem líður eins og manni sjálfum. Hvað á persónan við?

VANGAVELTUR

Takið afstöðu og færið rök fyrir skoðun ykkar.

5. Gerist atvikið á bókasafninu í alvöru?
6. Eru það bara strákar sem stríða?

ÁSKORUN

Veldu þér verkefni.

- Smásaga: Þú festist líka inni á bókasafni af einhverjum ástæðum. Hvaða sögupersónur heimsækja þig? Um hvað spjallið þið? Hvert fara þínar persónur í sínu fríi?
- Yndislestur: Veldu þér eina af bókunum sem sagt er frá í sögunni. Komdu þér vel fyrir og lestu a.m.k. þrjá kafla í bókinni.



STÓRI BRÓÐIR

FRÍÐRIK ERLINGSSON

Hann opnaði augun og sá ekkert nema myrkur. Loftið var svo þétt af ryki að hann gat varla andað. Hann lá á maganum á köldu steingólfi og eitthvað þungt hvíldi ofan á fótleggjum hans svo hann gat ekki hreyft þá. Myrkrið var svartara en svart, hvort sem hann hafði augun opin eða lokað, og þögnin fyllti eyrun eins og bómull. Það eina sem hann mundi var að hann hét Hússein og var ellefu ára. En hann mundi ekki hvers vegna hann var hér. Hann vissi ekki einu sinni hvar hann var.

Hvað hafði eiginlega komið fyrir?

Hann mundi eftir deginum þegar hann fór með mömmu á stóra markaðinn í miðbænum. Þau höfðu keypt fisk og grænmeti, hann mundi það. Og mamma hafði keypt jakka handa stóra bróður, svo honum yrði ekki kalt á þessum eilífu sendiferðum upp í fjöllin. Jakkinn var úr mjúku ólífugrænu skinni, fóðraður með hvíttri lambagæru með litlum krullum. Það var rennilás á ermunum svo það var hægt að taka þær af og nota jakkann eins og vesti. Hússein mundi vel að hann hafði ætlað að segja við stóra bróður: „Jæja karlinn, hér færðu nú góða flík sem þú skalt fara vel með, vegna þess að ég ætla að eignast þennan jakka þegar ég er orðinn stór.“

En honum tókst aldrei að segja þetta, vegna þess að stóri bróðir kom ekki heim fyrr en löngu eftir að Hússein var sofnaður. Hann vaknaði um nóttina við æstar raddir pabba og mömmu og stóra bróður. Þau hvísluðu hátt og voru greinilega ósammála. Hússein fór framúr og sá þau standa við útidyrnar. Stóri bróðir var kominn í nýja jakkann, pabbi og mamma voru að reyna að fá hann til að vera kyrran, en hann vildi fara. Þegar þau sáu Hússein þagnaði pabbi en mamma fór að gráta. Stóri bróðir kraup á knén í dyrunum og benti honum að koma til sín. Hann faðmaði Hússein lengi og hélt honum þétt að sér, svo leit hann í augu hans og sagði rólega.

„Það er að koma stríð, Hússein. Þú átt að fara með pabba og mömmu í flóttamannabúðirnar hinum megin við landamærin. Gerðu það fyrir mig og þá mun allt fara vel. Ég þarf að fara annað og kemst ekki með ykkur.“

Hússein mundi ekki hvað hafði gerst eftir þetta, en hann mundi hvað hann varð sorgmæddur yfir því að stóri bróðir væri að fara, því stóri bróðir var besti vinur hans; hann var bestur af öllum. Hússein átti auðvitað góða vini í skólanum og skemmtilega leikfélaga í hverfinu sínu og hann átti góðan pabba og góða mömmu, en samt var það nú svoliðis að Hússein tók stóra bróðir sinn fram yfir alla aðra í veröldinni. Hvergi annars staðar vildi hann vera en þar sem stóri bróðir var, því þá var hann fullkomlega öruggur og óhræddur. Þannig hafði það verið, alveg frá því að Hússein var lítið barn. Mamma hafði sagt að ástæðan væri sú að þeir hefðu verið

tvíburabræður í fyrra lífi. Pabbi sagði aðeins: Það er gott að eiga bróður, þá verður maður aldrei einmana.

En hvað hafði gerst eftir að stóri bróðir hvarf út í nóttina í nýja jakkanum?

Það kom stríð eins og hann hafði sagt fyrir um. Það kom ekki snögglega heldur færðist smám saman nær á hverjum degi. Fyrst var bara talað um það í útvarpinu en svo var það allt í einu komið í sjónvarpið; fréttamyndir af herþotum sem flugu lágt yfir á ofsahraða, af skriðdrekkum sem ruddust skröltandi yfir götur og garða og jafnvel leikvelli og sprengdu heilu blokkirnar í loft upp. Svo einn daginn kom ekkert vatn úr krananum lengur og það kom engin mynd þegar maður kveikti á sjónvarpinu. Þann dag flugu raunverulegar herþotur yfir borginni, sprengjudrunur bergmáluðu milli húsanna og svo heyrðist áköf skothríð, eins og þegar maður skýtur upp rakettum. En þetta voru ekki rakettur, heldur raunverulegir hermenn með alvöru riffla.

Engin var lengur öruggur. Sumir földu sig ofan í kjallara heima hjá sér, aðrir flúðu upp í fjöllin en flestir gengu af stað til að leita skjóls í flóttamannabúðunum hinum megin við landamærin. Það ætluðu pabbi og mamma að gera, eins og stóri bróðir hafði ráðlagt þeim. En Húsein vildi ekki fara.

„Við skiljum þig ekki eftir,“ sagði pabbi hans reiðilega. „Þú ert bara barn!“

„Þeir munu sprengja borgina í loft upp,“ sagði mamma hans. „Þeir munu berjast á götunum. Þú deyrð ef þú verður eftir.“

Eftir langt rifrildi samþykkti Hússein loks að fara með þeim næsta dag. Svo lögðust þau öll til svefns, síðustu nóttina á heimili sínu. En Hússein fór ekki að sofa. Hann beið þar til pabbi og mamma voru örugglega sofnuð. Þá fór hann hljóðlega á fætur. Áður en hann hvarf út í nóttina leit hann sem snöggvast inn til þeirra. Tunglsljósið fyllti svefnherbergið mjúkri birtu þar sem þau sváfu svo friðsæl og örugg í faðmlögum. Hússein fékk tár í augun og bað Guð að varðveita þau. Svo var hann farinn til að leita að bróður sínum.

Þar sem hann lá núna í myrkrinu rifjaðist það upp fyrir honum að hann hafði ekki séð foreldra sína síðan þessa nótt. En hvað var eiginlega langt síðan? Það mundi hann ekki. Skyldu þau hafa komist í flóttamannabúðirnar? Það vissi hann ekkert um.

Rykið kitlaði hann í hálsinn og hann hóstaði. Hóstinn bergmálaði í herberginu. Líklega var hann staddur í stóru herbergi. Hann var óskaplega þyrstur og hann verkjaði í fæturna. Hann byrjaði að mjaka sér til og frá til að losa fæturna undan þessu fargi sem hélt honum föstum. Kannski var þetta fataskápur eða kómmóða eða eitthvað stórt húsgagn. Hægri höndin lá undir honum og var tilfinningalaus af náladofa en krepptur hnefinn þrýstist inn í brjóstið. Honum tókst að reisa sig upp og draga höndina undan sér. Smám saman hjaðnaði náladofinn. Þá fann hann að hnefinn krepptist utan um einhvern hlut. Það var riffilskot.

Riffilskot?

Hvað var hann að gera með riffilskot? Það náði þvert yfir lófann svo oddurinn stóð út úr hnefanum.

Áður en honum gafst ráðrúm til að rifja upp hvers vegna hann héldi á riffilskoti heyrði hann lágvært hljóð einhvers staðar í myrkrinu. Það virtist eiga upptök sín annars staðar í húsinu. Hann hlustaði um stund en gat ekki áttað sig á hvað þetta var. Smám saman dofnaði hljóðið og dó út.



Skyndilega varð Hússein mjög hræddur.

Hann var fastur inni í einhverju húsi, en hann vissi ekki hvar. Húsið hafði greinilega orðið fyrir sprengju. Kannski voru einhverjir aðrir fastir annars staðar í húsinu. Nú kom hljóðið aftur, ofur veikt, og á svipstundu tókst honum að staðsetja það: Það var undir honum, á hæðinni fyrir neðan. Hann lagði eyra við kalt steingólfid og hlustaði. Fyrst heyrði hann bara æðisgengin hjartsláttinn í eigin brjósti. En svo heyrði hann hljóðið betur. Það var ekki ósvipað vælinu sem hann hafði stundum heyrt á friðsælum nóttum þegar kettirnir í hverfinu voru að breima. Móðir hans hafði þá stundum stokkið bölvandi á fætur, fyllt fötu af vatni, rokið út að dyrum og skvett yfir kettina sem áttu sér einskis ills von. Kannski var þetta bara köttur; hræddur og leiður og þyrstur eins og hann. Og nú var hljóðið hætt.

Í þögninni mundi hann snögglega hvers vegna hann hélt á þessu ríffilskoti.

Eftir að hann hafði kvatt sofandi foreldra sína hljóp hann í átt að hverfinu þar sem hann vissi að vinir bróður hans áttu heima. En þeir voru líka horfnir eins og jörðin hefði gleypt þá. Næsta dag gengu hermenn um götur í stórum flokkum, skriðdrekar skröltu yfir allt sem fyrir var og herþotur flugu lágt yfir með þrumugný. Í miðborginni hafði hópur fólks komið sér fyrir þar sem stóri útmarkaðurinn var áður. Þetta var gamalt fólk sem treysti sér ekki í gönguna löngu til flóttamannabúðanna. Þarna var líka hópur af krökkum á svipuðum

aldri og Hússein. Einhver gaf honum smávegis að borða, annar gaf honum flösku af vatni. En engin vissi hvar stóri bróðir hans var niður kominn. Þannig liðu margir dagar.

Nótt eina vöknuðu þau öll við háværa sprengingu. Á svipstundu stóðu húsin umhverfis torgið í ljósum logum. Fólkið þjappaði sér saman undir rifnum markaðstjöldunum og bað Guð að hjálpa sér. Hvað hafði eiginlega gerst? Fréttin fór hratt frá manni til manns: Skæruliðarnir okkar eru komnir ofan úr fjöllunum, synir okkar, feður, afar og bræður eru komnir til að berjast við innrásarherinn!

Bardaginn stóð alla nóttina með ógurlegum sprengingum og endalausri skothrið. En þegar sólin reis var allt orðið hljótt. Skæruliðarnir höfðu náð miðborginni á sitt vald. Þeir komu syngjandi inn á torgið með matvæli, vatn og lyf handa fólkinu, sem dreif að úr öllum áttum og fagnaði þeim ákaft. Hússein ruddist í gegnum þvöguna, ekki til að fá vatn eða mat, heldur til að spyrja: hafið þið séð stóra bróður minn? Loks náði hann taki á einum þeirra og reif svo fast í úlpuna hans að maðurinn féll næstum aftur fyrir sig. Hann leit hlæjandi á Hússein og rétti honum stórt súkkulaðistykki. En Hússein vildi ekki súkkulaði. Hann nefndi nafn bróður síns.

Skæruliðinn kraup þá niður og tók um axlir hans.

„Hann er í felum í borginni,“ sagði hann lágt, „en ég má ekki segja þér hvar.“

„Hvers vegna ekki?“ spurði Hússein og gat ekki leynt vonbrigðum sínum.

Skæruliðinn brosti breitt og augu hans ljómuðu þegar hann hvíslaði:

„Vegna þess að hann er besta leyniskyttan okkar. Í nótt felldi hann hershöfðingja og þrjá aðra yfirmenn í innrásarhernum. Þess vegna tókst okkur að ná miðborginni. Hann stóri bróðir þinn er mikil hetja,“

Það þótti Hússein engin tíðindi; í hans augum hafði stóri bróðir hans alltaf verið hetja.

„Hvers vegna má ég ekki fara til hans?“ spurði hann.

„Það er of hættulegt,“ svaraði skæruliðinn. „Einhver gæti séð þig laumast til hans eða fara frá honum. Einhver njósnari, á ég við. Og þá hefurðu óvart vísað óvininum á felustað hans.“

Hússein vissi ekki hvernig hann gæti útskýrt fyrir þessum manni að ef hann bara kæmist til bróður síns myndi hann aldrei frammar víkja frá hlið hans, ekki einu sinni þótt bróðir hans myndi skipa honum að fara. En um það þýddi ekkert að tala.

Skæruliðinn reis á fætur og virti Hússein fyrir sér um stund. „Það er reyndar eitt sem þú gætir gert fyrir hann bróður þinn,“ sagði hann og brosti.

Já, nú mundi hann hvers vegna hann lá hér í myrkrinu með stórt ríffilskot í lófanum. Skæruliðinn hafði nefnilegan sagt honum hvernig ríffil bróðir hans notaði, það var sérstakur rífill fyrir leyniskyttur. Hann útskýrði að skæruliðarnir ættu ekki nóg af skotfærum. Þess vegna yrðu þeir að stela þeim frá innrásarhernum. Hann sagði að ef Hússein treysti sér til að stela svona skotum, skyldi hann fela þau hér á torginu á

vísuð stað. Þá myndi hann sjálfur koma skotunum til bróður hans og segja honum að Hússein, litli bróðir, væri líka orðinn stoltur skæruliði.

„Hvernig líst þér á það?“ spurði hann og glotti.

„Hvar finn ég svona skot?“ spurði Hússein ákafur.

Skæruliðinn útskýrði nú nákvæmlega hvernig hann ætti að bera sig að við að stela riffilskotum frá innrásarhernum. Þegar hann hafði lokið máli sínu vissi Hússein hvað hann þurfti að gera. Og um leið hvarf honum öll hræðsla. Stóri bróðir hans var þá hér í borginni eftir allt saman – hann var besta leyniskyttu skæruliðanna! – og nú þurfti hann á hjálp hans að halda.

Meira þurfti Hússein ekki að vita. Nú var hann aftur ótta-
laus og öruggur.

En síðan þetta gerðist hafði langur tími liðið, hættulegir dagar, kvíðafullar nætur, vikur, fleiri mánuðir. Hann hafði margoft brotist inn í birgðageymslur hersins og hafði áreið-
anlega stolið mörg hundruð kílóum af riffilskotum sem hann kom fyrir á leynistaðnum við torgið. Hann faldi sig í húsa-
rústum og beið eftir að herdeild ætti leið hjá. Þá fór hann í
humátt á eftir þeim þangað til þeir ákváðu að hvílast. Hann
beið færís eins og hungraður ránfugl á meðan hermennirnir
átu og drukku. Svo lögðust þeir til svefns, en tveir stóðu vakt
um nóttina. En þeir voru ekki að leita að grönnum skugga
sem sveif hljóðlega yfir brotinn vegg, lagðist svo flatur á jörð-
ina og mjakaði sér áfram þar til hann fann það sem hann
leitaði að – og var horfinn jafn hljóðlega augnabliki síðar.

Nei, varðmennirnir voru alltaf að horfa upp eftir húsunum í leit að leyniskyttunni sem allir óttuðust. Þá grunaði ekki að mitt á meðal þeirra væri litli bróðir leyniskyttunnar ógurlegu, litli skæruliðinn hann Hússein, sem rændi öllum skotunum þeirra, banvænu skotunum sem stóri bróðir hans skilaði þeim aftur með hljóðláta riffilinum sínum.

Skæruliðinn hrósaði honum fyrir dugnaðinn. En það var sama hve oft Hússein spurði, aldrei vildi hann segja honum hvar bróðir hans væri í felum.

Hússein andvarpaði í myrkrinu og kreisti riffilskotið í hnefanum.

Nú mundi hann líka hvers vegna hann var staddur hér.

Hann hafði verið að snuðra um hverfið, sársoltinn og þyrstur eins og svo oft áður. Þá kom hann auga á yfirgefið vélbyssuvirki úti á miðri götu. Í virkinu var skotfærakassi með þremur pökkum af riffilskotum, einmitt af rétttri stærð. Sigrí hrósandi greip hann niður í einn pakkann og tók handfylli af skotum. En þá heyrðust hróp og skruðningar neðar í götunni. Hann leit um öxl og sá stóran skriðdreka færast nær og nær. Hlaupið framan á honum snerist og miðaði beint á hann. Á svipstundu skildi Hússein að þetta var gildra.

Hermennirnir höfðu augljóslega uppgötvað að einhver var að elta þá á röndum, einhver sem rændi bara riffilskotum af þessari gerð. Svo þeir settu upp þetta vélbyssuvirki og skildu eftir opinn skotfærakassa. Og hann gekk beint í gildruna.

Hann kreppti hnefann utanum þetta eina skot og hljóp

af stað. Þá byrjaði ærandi skothríð fyrir aftan hann. Síðan kom gríðarlegur hvellur og fallbyssukúla frá skriðdrekanum sprengdi gat í húsvegginn vinstra megin við götuna. Veggurinn hrundi, múrsteinar og grjót þeyttust í allar áttir og þykkt rykský lagðist yfir götuna. Hússein notaði tækifærið meðan rykið huldi hann og sveigði snögg til hægri inn í opinn stiga-gang. Hann hljóp upp þrjár hæðir og beint inn um fyrstu opnu dyrnar sem hann sá. Það var einmitt þessi íbúð. En áður en hann fann einhvern felustað heyrðist annar hvellur frá skriðdrekanum. Svo varð ægileg sprenging og eldglæringar allt í kringum hann. Svo varð allt svart. Hann vissi ekki hvað hann hafði legið hér lengi. Kannski í sólarhring? Voru hermennirnir ennþá fyrir utan að leita hans? Hann vissi það ekki.

Nú byrjaði vælið aftur á hæðinni fyrir neðan. Í þetta sinn var það mun hærra, næstum skerandi. Nú stóð Hússein ekki lengur á sama, því svona hljóð hafði hann aldrei heyrt frá neinum ketti. Þetta hlaut að vera stærra dýr, kannski villi-hundur sem hafði lokast inni, svangur og særður. Kannski fann hann lyktina af Hússein og var á leiðinni upp tröppurnar til að éta hann.

Hann fálmaði út í myrkrið í leit að einhverju til að lyfta farginu ofan af sér. Loks fann hann eitthvað. Það var stólfótur. Hann kippti stólnum að sér og rak stólbakið undir fargið. Svo lagði hann hægri öxlina í gólfið og lyfti undir stólinn af öllu afli. Hann ætlaði ekki að liggja hér og verða étinn af villi-hundi. Nei, hann varð að losa sig strax og koma sér út. Stóri

bróðir hans, besta leyniskyttu skæruliðanna, treysti á hann og hann mátti ekki bregðast honum.

Hann berst langa stund við að losa sig á meðan ýlfrið að neðan sker í eyrun. Með hverri sekúndu verður hann reiðari og reiðari. Hvers vegna er hann hér, svangur og þyrstur og hræddur um líf sitt? Hann á ekki að þurfa að vera hér. Hann ætti að vera að vakna í rúminu sínu og fara að borða morgunmatinn með stóra bróður áður en hann tekur strætó í skólann, þar sem hann færi í fótbolta með vinum sínum, þar sem hann lærir stærðfærði og hundleiðinlega málfræði en les líka skemmtilegar bækur og gengur á höndum í frímínútum og stríðir stelpunni sem hann er skotinn í og gerir grín í laumi að skólastjóranum, sem er svo skelfilega rangeygður. Svo ætti hann að fara með mömmu á markaðinn og koma tímanlega heim til að hella upp á kaffi fyrir pabba áður en hann kemur úr verksmiðjunni. Og svo kæmi stóri bróðir heim, besti vinur hans í öllum heiminum. En þannig er lífið ekki lengur. Og það er meira óréttlæti en Hússein fær skilið.

Eitt augnablik gefur reiðin honum meira afl en nokkur ofurhetja býr yfir.

Fargið lyftist örlítið og hann dregur annan fótinn undan og svo hinn. Um leið fellur fargið niður á gólfið með þungum dynk. Hann finnur að fæturnir eru heilir og hann getur hreyft þá. Hann leggst á bakið, móður og mäsandi. Það er að birta í herberginu. Það er kominn morgunn.

Þá sér hann að fargið sem hafði legið ofan á fótleggjum

hans var hvorki klæðaskápur né kommóða. Það var hvorki meira né minna en stórt stykki úr gólfinu af hæðinni fyrir ofan. Þegar stykkið féll niður hafði það fyrst lent á stórum leðursófa, sem nú var í einni klessu. Ef það hefði ekki lent á sófanum hefði það líklega kramið Hússein til bana. Hann brólti á fætur og horfði uppgefinn í kringum sig. Hann skildi ekki hvernig svona tilviljun – eða kannski sjálfur Guð – hafði bjargað lífi hans. Og til hvers? Já, til hvers vildi Guð bjarga lífi hans?

Nú heyrði hann vælið á nýjan leik. Hvað í ósköpunum gat þetta verið?

Hússein haltraði fram og sá að stigagangurinn var hruninn. Tröppurnar enduðu í lausu lofti. En sem betur fer var hann nógu lipur til að komast niður á næsta stigapall. Nú sá hann líka niður á götuna. Þar sátu fimm hermenn uppi á skriðdrekanum og spjölluðu saman í rólegheitum. Þeir virtust ekki heyra vælið.

Hússein steig varlega inn í íbúðina. Þar var allt í rúst, veggir, loft og gólf og mölbrotin húsgögn, en þar var hvorki nokkur maður né dýr. Það var bara eitt herbergi sem ekki hafði fallið saman við sprenginguna. Og þaðan kom vælið.

Hann ætlaði varla að trúa eigin augum. Allt þar inni var brotið og bramlað nema einn einasti hlutur. Það var lítið rimlarúm. Þar lá lítið barn, skelfingu lostið.

Hússein var svo brugðið að hann greip ósjálfrátt fyrir munninn. Hann kraup niður og starði á barnið. Það fálmaði

til hans smáum fingrum og byrjaði að kjökra; það var hungrið og þorstinn, óttinn og einsemdin; allar sárustu tilfinningar mannanna í þessu lága kjökri. Hússein skildi hvað það þýddi: Hjálpaðu mér.

Hermennirnir litu undrandi upp þegar þeir sáu horaðan strákling feta sig varlega niður grjóthrúguna sem eitt sinn hafði verið íbúðablokk. Hann hélt á litlu barni sem grét sáran. Hermennirnir brostu og gáfu frá sér hljóð sem lýstu undrun og aðdáun. Einn þeirra hljóp til og studdi strákinn niður grjóthrúguna, annar sótti flösku af vatni.

„Eru fleiri á lífi í húsinu?“ spurði sá þriðji.

„Nei,“ svaraði strákurinn. „Bara ég og litli bróðir minn.“

Þá kinkuðu hermennirni kolla og ypptu öxlum. Þeir settu vatn og brauð í tösku og réttu honum. Fjórði hermaðurinn benti niður götuna og sagði að flóttamannabúðirnar væru í þessa átt; ef hann legði af stað núna yrði hann kannski kominn þangað fyrir nóttina.

Hússein kinkaði bara kolla og þétti takið um litla drenginn. Svo ætlaði hann að leggja af stað. En fimmti hermaðurinn bað hann að bíða sem snöggvast og hvarf inn í skriðdrekan.

Skyldi hann vita hver ég er? hugsaði Hússein. Skyldi hann hafa áttað sig á að ég er þjófurinn sem þeir hafa leitað að?

Hermaðurinn kom út úr skriðdrekanum með einhverja flik í hendinni. Það var ólífugrænn jakki sem hann lagði yfir herðarnar á Hússein.

„Taktu þetta svo þér verði ekki kalt,“ sagði hann og brosti vinsamlega.

Jakkinn var fódraður með hvítri lambagæru. Og það var rennilás á ermunum svo það mátti taka þær af og nota jakkann fyrir vesti.

„Hann er kannski of stór á þig ennþá,“ sagði hermaðurinn og hló. „En þú átt eftir að stækka.“



Hermennirnir stigu um borð í skriðdrekan sem skrölti niður götuna. Húsein strauk höndinni hugsni niður eftir jakkanum. Þá tók hann eftir svolitlu gati við brjóstvasann. Það var nógu stórt til að stinga fingrinum í gegnum, kannski nógu stórt fyrir eitt ríffilskot.

Hann þurrkaði sér um augun og hagræddi drengnum í fangi sér. Svo haltraði hann af stað.

Nú er ég stóri bróðir þinn, hugsaði hann. Ég skal gæta þín vel og aldrei yfirgefa þig. Það er löng leið til flóttamanna-búðanna, en þangað munum við komast, því skal ég lofa þér. Og þegar við komum þangað skulum við finna pabba og mömmu.

Já, við skulum gera það, litli bróðir. Við skulum lifa.

VERKEFNI

SÖGURÝNI

1. Hvar er líklegt að sagan gerist? Hvert er söguviðið?
2. Ólífugræni jakkinn kemur við sögu í upphafi og við lok sögunnar. Hvaða upplýsingar gefur hann um stóra bróður?
3. Í sögunni berjast skæruliðar og innrásarher. Hvað merkja orðin? Hver ætli sé munurinn á þessum hópum? Er annar góður og hinn vondur í sögunni?
4. Í lokin er Hússein flóttamaður. Hvað þýðir það? Hvað má ætla að bíði hans?
5. Hver gæti verið boðskapur sögunnar?

VANGAVELTUR


Takið afstöðu og færið rök fyrir skoðun ykkar.

6. Hússein stal riffilskotum af innrásarhernum þó hann vissi hvað skæruliðar gerðu við þau. Gerði hann rétt?
7. Tók Hússein rétta ákvörðun þegar hann tók barnið og lagði á flóttu?

ÁSKORUN

Veldu þér verkefni.

- Greinargerð: Berðu saman daglegt líf þitt og jafnaldra í stríðs-hrjáðu landi. Hvað er líkt og hvað er ólíkt.
- Ljóðagerð: Nýttu þær tilfinningar sem bærast með þér eftir lestur sögunnar og semdu ljóð.



ANDVAKA

MARTA HLÍN MAGNADÓTTIR
OG BIRGITTA ELÍN HASSEL

ÞURÍÐUR SAGA

Nú heyrir hljóðið aftur. Það fer ekki á milli mála að eitthvað er að krafsa og klóra beint fyrir neðan mig! Ég sest upp í rúminu, fíkra mig varlega upp að veggnum og stari óttaslegin út í myrkrið. Ég vef sænginni þétt utan um mig og bý mig undir enn eina andvökunóttina – en ekki af sömu ástæðu og vanalega!

Frá því ég man eftir mér hef ég nefnilega átt erfitt með að sofna. Um leið og höfuðið snertir koddann opnast flóðgáttir og hugurinn fer á flug. Sögurnar spinnast upp, hver af annarri, og persónurnar ryðjast fram á sviðið.

Það er ekki eins og ég sé beint að hugsa um þessar persónur heldur meira eins og ég sé að horfa á leikrit. Stundum eru leikritin skemmtileg, jafnvel svo fyndin að ég skelli upp úr. Stundum eru þau hins vegar drepleiðinleg og einstaka sinnum ljót og hræðileg.

Mamma og pabbi halda að ég hafi alltaf verið svona því strax sem ungbarn virtist ég lítið þurfa að sofa. Næturnar sem ég hló og hjalaði út í loftið voru í lagi en næturnar sem ég öskraði og veinaði hástöfum voru víst öllu erfiðari.

Ég hef farið í alls kyns rannsóknir og þegar ég var fjögurra ára var ég lögð inn á spítala í heilan mánuð meðan lækarnir reyndu að grafast fyrir um hvað væri í gangi í höfðinu á mér. En þeir fundu ekki neitt og hafa enn ekki fundið neitt sem útskýrir þetta furðulega ástand. Ég hef sjálf prófað öll möguleg og ómöguleg húsráð til að auðvelda mér svefn: flóaða mjólk og róandi te, að fara pakksödd í rúmið eða svöng í rúmið, sofa í sokkum eða berfætt, en allt kemur fyrir ekki. Ég hef líka reynt að losna við persónurnar úr höfðinu með því að skrifa um þær sögur og svei mér þá ef það lækkar ekki aðeins þískrið og skvaldrið og masið í kollinum. Þískur, skvaldur og mas eru samt ekki réttu orðin. Það er ekki beint eins og ég „heyri“ í þeim inni í höfðinu á mér. Meira eins og þegar maður reynir að lesa landafræði og hugurinn leitar alltaf eitthvað annað. Eitthvað allt annað. Eins og að þættinum sem var í sjónvarpinu í gær. Eða hvað er til í ísskápnum.

Það næsta sem ég hef komist því að fá frið var þegar ég passaði stundum Arnald litla í næsta húsi, en hann vildi alltaf fá sögu fyrir svefninn. Þá lokaði ég augunum og beindi athyglinni að einhverri einni persónu í höfðinu á mér – til dæmis lítilli telpu með stóran bolta – og leyfði henni að segja sína sögu, í gegnum mig auðvitað. Arnaldur sat dolfallinn og steinsofnaði svo um leið og sögunum lauk. Það merkilegasta var þó að ég steinsofnaði líka!

Alla vega. Núna er Arnaldur fluttur og enginn biður mig um sögur. Hér sit ég í rúminu mínu, skjálfandi af hræðslu og

klukkan að verða þrjú um nótt. Þótt ég hafi oft verið pirruð á ágengninni í persónunum í höfðinu eru þær hundrað sinnum skárri en þetta krafs sem berst undan rúminu. Ég þori ekki fyrir mitt litla líf að loka augunum þótt ég sjái varla nokkuð og ég þori alls ekki að kíkja undir rúmið mitt.

Tilhugsunin um beran fótinn á köldu gólfinu, hönd sem hlykkjast undan rúminu, langa loðna fingur sem grípa um ökkklann á mér ...

Úff. Eða styðja höndunum á rúmbríkina, halla mér áfram og láta höfuðið hanga niður þar til ég sé undir rúmið. Og stara þá kannski beint í ...

Úff. Nei. Ég get þetta ekki.

Þarna er hljóðið aftur. Eins og eitthvað með langar klær sé að krafsa í botninn á rúminu.

Beint undir mér!



JANUS

Hann saug upp í nefið, lyfti annarri hendinni og veifaði máttleysislega. Amma og hinir í þorpsráðinu veifuðu til baka. Svo snerist amma á hæli og gekk aftur inn í þorpið og hinir fylgdu í kjölfarið. Janus var einn eftir. Á leiðinni eitthvað út í buskann að leita að einhverju sem enginn vissi hvar var að finna.

Hann nam staðar við vatnsbólið þar sem stígurinn endaði. Yfir vatnsbólið höfðu þorpsbúar nefnilega ekki haft neitt að sækja – fyrr en núna. Á meðan Janus fyllti á vatnsbrúsann velti hann því fyrir sér hvort hann ætti kannski aldrei eftir að sjá þorpið sitt aftur. En það þýddi víst lítið að barma sér. Hann hafði tekið að sér þetta verkefni og varð nú að gera sitt allra besta til að ljúka því.

Það kólnaði eftir því sem fjær dró þorpinu, þar til það var orðið svo kalt að Janus sá andardráttinn liðast út úr sér í gufubólstrum. Hann þakkaði ömmu í hljóði og dró ullarskikkjuna upp úr rauða bakpokanum. Janus var rétt farinn að ná aftur hlýju í kroppinn þegar hann var skyndilega umluktur hnausþykkri og myrkri þoku. Hvernig átti hann að halda áfram ef hann sá ekki hvað var framundan? Hann gæti verið á leið út í læk eða fram af klettabrún. Janus lét sig síga niður á hnén.

„Áááá!“

Hnén rákust í eitthvað hart og oddhvasst. Ekki á jörðinni heldur beint fyrir framan hann. Janus rétti varlega út höndina og snerti eitthvað kalt og hrjúft. Hann stóð upp, þreifaði sig áfram með báðum höndum og fann að þetta hlaut að vera

klettaveggur. Hann stundi í uppgjöf og hlammaði sér niður, með bakið upp að klettinum, og rýndi út í myrkrið.

Hann var svo annars hugar að í fyrstu tók hann ekkert eftir því að „veggurinn“ gaf eftir. Ekki fyrr en hann fann kuldann við hnakkagrófina, í hársverðinum, bak við eyrun. Hann sneri höfðinu en gat svo ekki snúið því til baka. Höfuðið á honum var fast!

Þegar Janus ætlaði að ýta sér frá sökk handleggurinn á kaf inn í klettinn ... og kom út hinum megin! Hann fann ískaldan óttann læsast um sig. Hálf andlitið og efri hluti líkamans voru föst í einhverju sem minnti helst á þykkt gerdeig, mjúkt eins og svampur en kalt og eilítið klístrað.

Janus rykkti og togaði í ofboði en sökk bara dýpra inn í vegginn. Svo gerðist það sem hann hafði óttast mest ... hinum megin við vegginn greip eitthvað þéttingsfast um hönd hans, og togaði fast. Hjartað hamaðist og nú varð Janus að hugsa hratt: Hvort var skárra að kafna, hálfur inni í veggnum, eða ... Hann þrýsti hælunum í jörðina, lokaði augunum og hélt niðri í sér andanum, spyrnti svo af öllum kröftum. Janus skaust í gegn um vegginn og út hinum megin með háum smelli eins og þegar tappa er kippt úr flösku. PLOBB!!

Hann kútveltist á grýttu og hörðu undirlagi í svo svörtu myrkri að hann vissi varla hvort augun væru opin eða lokuð. Janus greip ósjálfrátt um höfuðið til að vernda það en rak þá fótinn í eitthvað oddhvasst. Hann rak upp skræk og um leið glumdi margradða hlátur allt í kring. Í sama mund sá hann

glampa á þúsundir lítilla ljósdepla. Miðað við það hvernig hláturinn bergmálaði og kastaðist í kringum hann var hann líklega staddur í helli.

Janus valt áfram og fálmaði í kringum sig eftir handfestu. Hann náði taki á einhverju með annarri hendinni en fann sér til mikillar skelfingar að hann hafði ekki lengur fast land undir fótum ...

ÞURÍÐUR SAGA

Hljóðið hættir ekki. Það er sama hvað ég reyni; að troða puttunum í eyrun eða söngla, alltaf smýgur það í gegn.

Ég er mjög þakklát fyrir að hljóðið skuli vera staðbundið undir rúminu, að það sem krafsar í rúmbotninn skuli ekki vilja koma hingað upp í til mín. Ég þori samt ekki að kalla á mömmu og pabba og ég þori enn ekki að gá undir rúm. Ég veit ekki hversu langur tími er liðinn en mér finnst ég hafa verið á valdi hræðslunnar tímunum saman. Kökkurinn í hálsinum er á stærð við bökunarkartöflu og ég veit að ég verð að gera eitthvað. Ég þori bara ekki að gera neitt!

„Andskotans aumingjaskapur,“ muldra ég reiðilega og tek ákvörðun. Og áður en skynsemin (óttinn) nær að taka stjórnina hendi ég hlýrri sænginni út í horn, slengi náttbuxnaklæddum fótleggjunum fram á rúmbrúnina og hendi mér fram úr.

Eitt augnablik finn ég beinlínis beittar klærnar krafla í ökkjana á mér ... en hristi svo af mér ímyndunarveikina og stíg frá rúminu. Mig langar mest að hlaupa fram á gang en

tek á henni stóru minni, beygi mig niður og rýni undir rúmið.

Þar er kolbikasvartaniðamyrkur. Og ekki neitt að sjá.

Ég fer niður á hnén, legg höfuðið alveg niður við gólfíð, píri augun og rýni inn í myrkrið. Hjartað hamrar og lemur og berst og ólmast.

Rétt í þann mund sem ég er orðin sannfærð um að það sé ekkert undir rúminu og ætla að standa á fætur sé ég hreyfingu djúpt inni í myrkasta myrkrinu.

Mér finnst eins og einhver grípi um hjartað í mér og kreisti. Ég gleymi alveg að draga andann og finn hendurnar titra þar sem þær styðja við gólfíð.

Djúpt inni í myrkrinu lengst undir rúminu mínu glittir í tvö augu.

JANUS

Janus náði að slengja hinni hendinni og grípa um það sem kom í veg fyrir að hann hrapaði niður í ... ja, hann vissi ekki hvert.

Hláturinn hafði breyst í hávært pískur og skvaldur og virtist lengra í burtu. Janus hafði greinilega oltið alla leið út úr hellinum, allavega var myrkrið ekki jafn svart og áður. Hann leit upp og sá móta fyrir svörtum hellismunna og lágvöxnum gróðri. Líflínan mín er líklega einhvers konar jurt, hugsaði hann með sér. Vonandi harðger, flaug í gegnum hugann um leið og hann leit niður og sá hylðýpið undir sér.

Janus þakkaði í huganum fyrir sterkar hendur og léttan líkama á meðan hann hreyfði sig varlega í leit að fótfestu. Hann var alveg að gefa upp vonina þegar vinstra hnéð rakst í örliðla

misfellu á annars rennisléttum klettaveggnum. Hann mjakaði tanni þangað eins varlega og hann gat og setti þungann á fótinn. Svo beitti hann allra síðustu kröftunum til að spyrna í og vega sig upp á brúnina. Þar lá hann titrandi og skjálfandi.

Þegar Janus hafði jafnað sig örlítið reis hann upp á olnbogana og mjakaði sér fjær brún þverhnípisins. Síðan kom hann sér upp á hnén og skreið af stað, meðvitaður um að horfa bara beint áfram og líta aldrei til hliðar. Á vinstri hönd var hyldýpið og fram undan stígur sem lá inn í fjallið, svo það var bara um eitt að velja.

Janus gekk inn í bergið. Fljótlega fór stígurinn að þrengjast og fyrr en varði var hann varla meira en göng. Brátt þrengdu hrjúfir klettaveggirnir að Janusi úr öllum áttum svo að í fyrstu



þurfti hann að ganga hokinn eins og gamalmenni og áður en varði var hann kominn aftur á hnén. Nú veit ég hvernig ána-möðkum líður, hugsaði hann með sér þegar hann var farinn að mjaka sér áfram á maganum.

Fyrirvaralaust tóku göngin svo enda. Þarna lá Janus í sjálf-heldu og komst hvorki aftur á bak né áfram. Honum var orðið þungt fyrir brjósti af súrefnisleysi og tárin spruttu fram í augnkrókana. Það eina sem kom í veg fyrir að hann léti und-an þreytunni og vonleysinu var tilhugsunin um fólkið heima í þorpinu hans. Fólkið sem treysti því að hann fyndi það sem það vantaði svo sárlega og kæmi með það til baka.

Janus kýldi vonsvikinn í vegginn sem varnaði honum leiðar í von um að hann gæfi eftir, annað eins hafði nú gerst! Nei, ekki svo gott. En ... þótt veggurinn gæfi ekki eftir var hann ekki jafn harður viðkomu og grjót, meira eins og þykkur pappi, eða efni, strigi kannski?

Janus náði að smeygja hægri hendinni niður með síðunni og ná vasahnífnum úr beltinu. Svo notaði hann síðustu orku-dropana til að krafsa og klóra í vegginn, með auma fingur og lítinn hníf að vopni.

Allt í einu opnaðist lítið gat og súrefnið streymdi inn í hol-una. Janus fylltist nýjum krafti og hélt áfram að krafsa og tæta þangað til opið var nógu stórt til að hann gæti skriðið í gegn. Hinum megin var reyndar líka myrkur en samt svona myrkur þar sem maður veit að birtan er skammt undan.

Hann stakk höfðinu út, síðan öxlunum ... og sá að hann var staddur í þröngu rými þar sem mjög lágt var til lofts. Hann mjakaði sér hljóðlega alla leið út úr göngunum, lá grafkyrr á rennisléttu undirlaginu og lagði við hlustir. Þegar ekkert heyrðist áráddi hann að snúa höfðinu varlega til hægri ... og hjartað tók kipp. Það var eins og einhver gripi um hjartað í honum og kreisti. Hann gleymdi nánast að draga andann.

Janus lá á ókunnum stað, örmagna af þreytu og skítugur upp fyrir haus og horfði beint inn í starandi, ókunn augu.

ÞURÍÐUR SAGA

Ég sprett á fætur en næ ekki að öskra því það sem liggur undir rúminu hendist undan því á ógnarhraða og grípur fyrir munninn á mér. Augun ætla út úr höfðinu, samferða hjartanu sem reynir að troðast út úr brjóstinu, en ég róast örlítið þegar ég sé að þetta er bara smávaxinn og óhreinn strákur með útstæð eyru. Hann leggur fingur á varir sér og hristir um leið höfuðið, svo aumkunarverður og umkomulaus á svipinn að ég kinka kolli án frekari umhugsunar. Ég skal vera hljóð!

„Fyrirgefðu,“ hvíslar strákurinn um leið og hann tekur smáa höndina frá munninum á mér. Ég kyngi óttanum niður í maga og skoða árásarmanninn sem virðist jafn brugðið og mér. Hann er í síðri skikkju eða kufli, svona eins og munkar klæðast í bíómyndum. Hann er í buxum úr einhverju sem líkist helst laki og hefur vafið reipi um sig miðjan til að halda þeim uppi. Hann lyktar og lítur út eins og mold eftir rigningskúr; skítugur en samt hreinn. Hárið liggur ofan í augun

sem eru uppglennt, stór og biðjandi. Svo hristir hann höfuðið. „Hver ert þú? Hvar er ég?“

„Ég heiti Þuríður Saga ...“ Við þetta er eins og birti aðeins yfir honum, og hann hvíslar „Saga“ lágum rómi. „... og þú ert staddur í Óttulundi 11.“

„Óttulundi? Hvar er það?“ spyr hann forviða á svip.

„Umm, það er bara hér.“ Ég veit ekkert hvernig ég á að svara þessu. „En hver ert þú og hvað varstu að gera undir rúminu mínu?“ spyr ég á móti og hann andvarpar svo þungt að það sker í hjartað.

„Ég heiti Janus,“ segir hann niðurlútur, „og ég er að reyna að bjarga þorpinu mínu.“

„Hvernig ætlarðu að gera það undir rúminu mínu?“ spyr ég hissa.

„Ég ætlaði sko ekkert að lenda undir rúminu þínu,“ svarar hann með grátstafinn í kverkunum. Svo sýgur hann upp í nefið, horfir beint framan í mig og segir mér þá furðulegustu sögu sem ég hef á ævinni heyrt!

Hann segist koma frá litlu einangruðu þorpi í friðsælum dal, þar sem þorpsbúar una sáttir við sitt og vanhagar ekki um neitt. Alla daga ganga þeir glaðir til vinnu og á kvöldin koma þeir saman og syngja og dansa. Á hverju fullu tungli kemur sagnamaðurinn í heimsókn. Þá safnast allir saman og hlýða á sögur við sagnaeldinn sem tendraður er í hjarta þorpsins. Þetta segir hann mér með dreymnu brosi, það er greinilegt að honum þykir vænt um þorpið sitt.

JANUS

Það dimmir yfir Janusi og hann heldur áfram að segja frá því þegar sagnamaðurinn kom ekki. Það hafði aldrei gerst áður. Þorpsbúar voru hissa en ekkert áhyggjufullir, allir bjuggust við því að hann kæmi bara næst. En hann kom ekkert næst og ekki þarnæst heldur.

Smám saman fóru hlutirnir að breytast í þorpinu en bara svo hægt að það áttaði sig enginn á því strax. Það byrjaði eiginlega á því að allir urðu eitthvað þreyttir og leiðir. Krakkarnir hættu að syngja og hlæja saman. Svo hætti fullorðna fólkið að þvo þvottana og brenna rusl og laga húsin. Þegar krakkarnir voru alveg hættir að leika sér saman kom í ljós að fullorðna fólkið var líka hætt að nenna að veiða og sækja vatn.

Þorpsbúar voru svangir og latir, fúllir og reiðir þegar þorpsráðið kallaði þá saman við útbrunnar hlóðir sagnaeldsins í hjarta bæjarins. Þá höfðu þau setið á fundi í heila viku til að reyna að finna út úr því hvað hrjáði fólkið. Þau höfðu komist að því að ástæðan fyrir drunganum og daufleikanum yfir þorpinu væri sú að sagnamaðurinn hafði ekki sést í þrettán tungl. Það hafði enginn áttað sig á mikilvægi þess að hann kæmi og „tæmdi úr sagnasarpinum“ sínum við sagnaeldinn. Segði sögur af undrum heimsins, himinsins og hafsins. Sögur sem lyftu geðinu eða sökkto því, glöddu og leyfðu þorpsbúum að upplifa ýmislegt sem þeir gætu aldrei upplifað annars.

Janus sagði Þuríði Sögu að þorpshöfðinginn, sem var einmitt amma hans, og þorpsráðið hefðu valið hann til að fara í leiðangur til bjargar þorpinu. Hann væri svo snöggur og

úræðagóður, skarpur og hjálpfús og fengi því það hlutverk að finna nýja sagnauppsprettu. Þorpsbúar þyrftu nefnilega á sögum að halda, hafði amma hans sagt, þótt enginn vissi alveg hvers vegna.

Svo leit Janus á þessa stóru stelpu með ljósa hárið eins og ullarlagð um höfuðið og sagði henni að hann héldi að hún væri ný sagnamaðurinn. Eða sko sagnakonan. Eða sagnastelpan.

Janus lauk máli sínu og horfði feiminn og biðjandi á Þuríði Sögu.

ÞURÍÐUR SAGA

Ég stari furðu lostin á þennan strák sem segist heita Janus.

„Ég? Af hverju heldurðu það?“

Hann lítur ákveðinn á mig og segir: „Af því að ég var leiddur hingað til þín. Og ...“ hann brosir sigri hrósandi, „svo heitirðu Saga!“

„Ég skil,“ segi ég þótt ég skilji ekki baun. Janus horfir stíft á mig og það gerist eitthvað í höfðinu á mér. Eins og klingi í lágri bjöllu. Eins og til að láta mig vita að eitthvað stórkostlegt sé í vændum.

Passar þetta ekki einum of vel?

„En, Janus, ég er ekki að fara með þér niður um gat í gólfinu undir rúminu mínu.“ Kemur ekki til greina að ég sé að fara eitthvað með þessum skrítna strák. Ekki séns.

Andlitið á honum er svo opið að honum tekst ekki að fela

vonbrigðin, en svo horfir hann íhugull á mig undan hárlubbanum og spyr: „Áttu kannski sögur? Ég gæti safnað í minn eigin sagnasarp og tæmt hann svo fyrir þorpsbúa öðru hverju. Geturðu kannski lánað mér nokkrar sögur?“

Augnablik hvarflar að mér hvað myndi gerast ef ég segði nei. Hvað myndi hann taka til bragðs? „En hvers vegna segir þú þeim ekki sögur? Eða mamma þín? Eða afi þinn? Eða bara einhver í þorpinu?“

Hann starir á mig, steini lostinn. „Ég?“ segir hann og grettir sig.

„Það virkar ekkert svoléiðis,“ bætir hann svo við þegar hann er búinn að fullvissa sig um að ég sé ekkert að grínast.

„Sögurnar þurfa að koma utan frá, svoléiðis virkar það hjá okkur og ef þú getur lánað mér sögur get ég sett þær í sagnasarpinn og tæmt hann svo við sagnaeldinn,“ segir hann og brosir vongóður.

Ég á miklu, miklu meira en nóg af sögum, meira af sögum en ein manneskja getur nokkru sinni notið, svo ég þarf ekkert að velta þessu fyrir mér lengur. Því ekki að prófa að „lána“ honum nokkrar?

Ég rétti honum stóra rúmteppið mitt og bendi honum á að setjast til fóta, vef sænginni um tærnar og kem mér vel fyrir við höfðagaflinn.

Svo segi ég honum sögur.

VERKEFNI

SÖGURÝNI

1. Sagan er sögð frá tveimur sjónarhornum. Hvernig eru sögusviðin ólík?
2. Þuríður Saga og Janus glíma bæði við vandamál sem þau reyna að leysa. Hver eru þau? Hvernig hjálpa þau hvort öðru?
3. Hvað ætli hafi orðið af sagnamanninum?
4. Hvaða þýðingu höfðu sögurnar fyrir þorpsbúa? Hvað gerðist þegar sagnamaðurinn hætti að koma?
5. Hvernig vissi Janus að hann hafði fundið það sem hann leitaði að?
6. Af hverju ætli þessi titill hafi orðið fyrir valinu á söguna?

VANGAVELTUR

Takið afstöðu og færið rök fyrir skoðun ykkar.

7. Gera sögur líf okkar betra?
8. Var skynsamlegt af Þuríði Sögu að treysta ókunnum dreng sem hún fann undir rúmi hjá sér?

ÁSKORUN

Veldu þér verkefni.

- Ímyndunarafli: Þuríður Saga ákveður að fara með Janusi heim í þorpið. Skáldaðu nýjan endi á söguna. Hvernig sóttist þeim ferðin til baka? Hvernig var tekið á móti þeim í þorpinu? Hvernig gekk Þuríði Sögu að fóta sig í nýju hlutverki?
- Leikritun: Þorpshöfðinginn, amma Janusar, kemur að máli við hann og biður hann að bjarga þorpinu. Settu saman lítinn leikþátt þar sem þau tala saman og höfðinginn sannfærir drenginn um að taka verkið að sér.



PISSUPÁSA

ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON

Það var kvöld. Gatan var auð.

Bílum hafði verið lagt í stæði, úlpur héngu á snögum og á meðan börn kúrðu í rúmum kúrðu foreldrar í sófum og ýmist lásu eða horfðu á sjónvarpið.

Gatan var auð.

Fyrir utan köttinn, auðvitað. Því það er alltaf köttur einhvers staðar. Köttur sem við fyrstu sýn lætur eins og honum sé alveg sama hvað er í gangi. Sem lítur út eins og hann sé ekki að horfa eða hlusta á allt sem gerist í kringum hann, en er – auðvitað – að fylgjast með. Öllu.

Bröndótti kötturinn sem um ræddi í þessu tilfelli hafði legið á bak við illa reist grindverk síðasta hálf tímamann og fylgst gaumgæfilega með öllu því sem fram fór á götunni. Nú, þegar hann var viss um að allt væri öruggt, stökk hann upp á fúnadar viðarplötur og opnaði kjaftinn upp á gátt. Og byrjaði.

Viðbrögð fólks við því þegar köttur breimar, mjálmar eða gaggar (eins og sumir kettir gera stundum) eru af þrennu tagi:

Sumir segja: „Hvaða væl er þetta eiginlega?“

Aðrir segja: „Sæktu garðslönguna! Nú náum við honum!“
Og enn aðrir segja: „Æi, mig langar í kött!“

Brandur, kötturinn sem var virkilega að vanda sig að væla, kreisti aftur augun og heyrði hvernig hátt mjálmið bergmál-
aði um götuna.

Í eitt andartak gerðist ekkert.

Og svo var eins og nóttin hefði lifnað við. Alls staðar, út úr öllum skúmaskotum, milli allra hliða og fram undan öllum skúrum, læddust kettir. Sumir stórir og vígalegir, nokkrir haltir og gamlir, einhverjir með ólar og enn aðrir með ólar og bjöllur (sem þótti ekkert sérlega töff). Sumir voru snyrtilegir, aðrir örlítið tættir, einn þeirra var bara með eitt auga og svo voru það auðvitað kettlingarnir sem gerðu fátt annað en að fíflast. Sumir kolsvartir, aðrir snjóhvítir, enn aðrir gulir. Kafloðnir, nánast sköllóttir og allt þar á milli. Brandur fylgdist stoltur með þessum vígalega hópi sem nálgadist grindverkið hægt en örugglega.

Skyndilega sá hann glitta í þrílita læðu í miðjum hópnum. Brandur stökk umsvifalaust niður af grindverkinu. Það var nefnilega hennar staður. Staður hættulegasta kattar sem Brandur hafði nokkurn tímann hitt; kattarins sem náði einu sinni að hræða heilan leikskóla með því einu að stökkva út úr runna og hvæsa; kattarins sem varð einu sinni svo móðguð við eigendur sína þegar þau fóru í fimm daga sumarfrí og tóku hana ekki með að hún skeit út um allt hús í meira en mánuð; kattarins sem var leiðtogi kattanna í öllu hverfinu – sumir sögðu allri borginni.

Þetta var staðurinn hennar Frú Snúllu-Dúllu.

Hér skal tekið fram að kettir fá í flestum tilfellum ekki að

ákveða hvað þeir heita. Oftast eru það manna börn sem ráða nöfnunum og eins og allir kettir vita eru svoleiðis skepnur ekkert sérstaklega gáfaðar. Frú Snúllu-Dúlla var frábært dæmi um þetta. Hún hafði kannski einu sinni verið krúttlegur kettlingur en núna var ekkert dúllulegt við hana. Hún bjó í húsinu beint á móti grindverkinu og passaði að klóra barnið sem hafði valið á hana nafnið allavega einu sinni í viku. Fyrsta hvers mánaðar gubbaði hún svo í skó af handahófi sem barnið átti – bara til að þakka fyrir þetta ömurlega nafn. Hún passaði sig alltaf að miða ælunni þannig að hún endaði í tanni á skónum – sem þýddi að barnið uppgötvaði ekki gjöfina frá kisu fyrr en það var búið að troða sér í skóinn.

Á Frú Snúllu-Dúllu vantaði hálf skottið, það hafði klemmst í dyragátt þegar hún var yngri. Þess vegna var jafnvægið hennar alltaf þínu skrítið – en enginn þorði að minnast á það. Frú Snúllu-Dúlla gekk alveg að grindverkinu, skimaði einbeitt í kringum sig og kinkaði svo snögg kalli til Brands.

Hann andaði léttar.

Hann hafði gert allt rétt og hún myndi ekki refsa honum. Hann kom sér fyrir og fylgdist með Frú Snúllu-Dúllu þar sem hún stökk upp á illa málaðar spýturnar og hrundi svo næstum niður aftur. Allur kattahópurinn greip andann á lofti en enginn þorði að hlæja. Ekki einu sinni kettlingarnir. Læðan skaut öllum klóm út. Þær enduðu á kafi í grindverkinu. Hún reisti sig við og gnæfði nú í öllu sínu veldi yfir hópnum.

„Kæru vinir,“ sagði Frú Snúllu-Dúlla hátíðlega og leit grafalvarlegum gulum augum yfir kisulórurnar. „Við vitum

öll hvers vegna við erum hér.“ Hópurinn mjálmaði sín á milli í lágum hljóðum. Jú, það vissu þau svo sannarlega. „Það eru þrjár dagar síðan nýja mannfólkið flutti inn við enda götunnar sem þýðir að í þrjá daga hefur allt verið í hers höndum.“ Hún skimaði snöggt yfir hópinn til að athuga hvort allir væru ekki örugglega sammála henni. Kettirnir voru það. Brandur kinkaði kolla. Frú Snúllu-Dúlla hélt áfram. „Fnykurinn er alls staðar, hvell læti og truflun á ólíklegustu tímum.“ Hún var ekki sátt. „Auk þess er hann stórhættulegur. Það vita það allir að hann hleypur hraðar en við og er með stærri kjaft en við. Það er bara tímaspursmál hvenær eitthvert okkar lendir í klónum á honum.“

Brandur kinkaði kolla aftur. Hann hafði varla þorað út úr húsi síðan Frú Snúllu- Dúlla sagði honum fréttirnar og þegar hann loksins hætti á það var hann alltaf að líta um öxl. Þegar hann hugsaði út í það fannst Brandi að þessir síðustu dagar hefðu líklega verið þeir erfiðustu í lífi hans – og hann lenti einu sinni í því að það sást smá í botninn á matardallinum hans. Hann vissi þess vegna svo sannarlega sitthvað um áföll og hvað það getur tekið langan tíma að jafna sig á þeim.

Skyndilega kom eitthvað hlaupandi út úr myrkrinu með látum. Allir kettirnir skutu upp kryppu, öll skott þrefölduðust og allavega sjö högnar byrjuðu ósjálfrátt að hvæsa. Brandur stökk af stað.

„Engar áhyggjur,“ mjálmaði hann um leið og hann skaust á milli katta og reyndi að róa hópinn. „Þetta er bara Kapteinn Ofurþófi, engar áhyggjur.“ Kapteinn Ofurþófi var langelstur

allra katta í götunni og stundum svolítið utan við sig. Hann mætti næstum alltaf seint. Kapteinn Ofurþófi, líkt og Frú Snúllu-Dúlla, var ekkert sérstaklega ánægður með nafnið sitt. Ef hann hefði mátt ráða hefði hann heitað nafni eins og Gunnar á Hlíðarenda eða eitthvað álíka glæsilegt, en þar sem barnið sem nefndi hann hafði aldrei lesið Njálu var það ekki í boði. Hann smjattaði tannlaus út í loftið og leit brosandí á hópinn.

„Voðaleg læti eru þetta,“ tautaði hann. „Það mætti halda að þið hefðuð séð draug.“ Hann smjattaði aftur, slefaði smá og vagggaði sér inn í miðja þvöguna. Allir færðu sig frá og gáfu honum pláss. Gamli kötturinn tók nokkur skref og svo hálf-datt Kapteinn Ofurþófi löturhægt á rassinn. Hann leit forvitinn í kringum sig. „Ég held að þetta sé bara ágætisstaður að sitja á,“ mjálmaði hann brosandí og leit upp til Frú Snúllu-Dúllu. „Afsakaðu ónæðið,“ bætti hann við. Læðan sat pollróleg á grindverkinu. Brandur vissi að ef einhver annar hefði truflað hana hefði sá hinn sami lent í svakalegum vandræðum. Kapteinn Ofurþófi var hins vegar eldri en allir og því bar þeim að sýna honum virðingu. „Haltu áfram,“ tautaði hann. Frú Snúllu-Dúlla kinkaði kalli.

„Við verðum að gera eitthvað,“ sagði hún ísköldum rómi og augasteinarnir í henni stækkuðu um helming af einskærri heift. „Og við verðum að gera það strax. Það kemur ekki til greina að hingað í hverfið flytji ...“ og hún gat næstum ekki haldið áfram því hún kúgaðist við það eitt að hugsa orðið, „hö... hö... hundur!“ hálfgelti hún loks. Allavega fimm kettir

hvæstu án þess að taka eftir því og að minnsta kosti einn kettlingur pissaði pínulítið á sig. „Hundar. Eru. Hættulegir,“ hélt hún áfram. „Það er ekkert flóknara en það.“ Frú Snúllu-Dúlla fann að hún var farin að skjálfa af reiði en reyndi að hafa hemil á sér. „Þegar ég var lítil,“ hélt hún áfram titrandi röddu, „komu hjón í heimsókn með hund.“ Svartur fress átti ekki til orð. „Og ekki nóg með það,“ hélt hún áfram, „þau buðu honum inn! Í húsið. Húsið mitt!“ Kettlingarnir gripu andann á lofti. „Hjónin voru í heimsókn í marga klukkutíma,“ bætti læðan við, „og á meðan þau sátu og spjölluðu og hlógu og drukku kaffi og átu kökur barðist ég fyrir lífi mínu!“ Enginn sagði orð. Frú Snúllu-Dúlla fann hvernig það sem eftir var af skottinu á henni var byrjað að stækka, bara við það að hugsa um þetta. „Hundkvikindið, þetta skrímsli, ætlaði hreinlega að éta mig! Ég sá það á honum! Svo ég þurfti auðvitað að flýja og fela mig. Og það á mínu eigin heimili!“ Hún hristi hausinn leið á svip. „Og svo þegar ég reyndi að segja fólkinu frá þá hlógu þau bara. Sögðu að hann væri bara að leika sér. Að hann væri bara spenntur að sjá mig. Klöppuðu honum! Og skömmuðu mig svo fyrir að klifra upp gardínurnar!“ Frú Snúllu-Dúlla titraði af reiði. „Einhvern veginn varð ég samt að flýja! Ég vona bara að ekkert ykkar þurfi að ganga í gegnum álíka hrylling eins og ég þurfti þennan dag.“ Hún leit í áttina að húsi við enda götunnar. „Hundar eru allir eins. Stórhættuleg og gráðug skrímsli. Og ef fólkið sem við búum með sér að það er kominn einn slíkur í hverfið gæti það

fengið hugmyndir: Hund í hvert hús! Og það vill enginn. Við verðum að stoppa þetta og við verðum að gera það núna!“

Í smástund sagði enginn neitt. Svo tók Brandur af skarið.

„Það er rétt hjá henni!“ sagði hann ákveðinn.

„Svo sannarlega!“ mjálmaði svört læða.

„Já,“ samþykkti smávaxinn fress.

„Ég hef heyrt að þeir hlýði fólki skilyrðislaust!“ gargaði grár högni. „Það er auðvitað fáránlegt! Fólk veit ekkert!“

„Frændi minn sá einu sinni hund éta heilan fugl,“ tísti kettlingur. Kettlingar eru sætari en allt sem sætt er en stundum voðalegir kjánar. Þeir segja alltaf það sem þeir eru að hugsa.

„Var það lifandi fugl eða svona kjúklingur sem er í ofni?“ spurði annar kettlingur.

„Ég veit það ekki!“ tísti fyrri kettlingurinn. „Hann sagði bara að hann hefði séð hund éta fugl!“



„Ég hef heyrt að þeir séu ekki eins heimskir og þeir þykjast vera!“ kallaði einhver.

„Ég hef heyrt að þeir eigi í leynilegu vinasambandi við mannfólkið!“ gargaði annar.

„Sem er í raun ekki vinasamband heldur leynilegt bandalag um að koma köttum fyrir kattarnef!“ orgaði enn annar. Eftir þetta var ekki hægt að greina orðaskil, kettirnir mjálmuðu hver ofan í annan, algjörlega brjálaðir. Á grindverkinu sat Frú Snúllu-Dúlla, einbeitt á svip. Síðan kvað hún sér hljóðs.

„Kæru vinir,“ mjálmaði hún svo hátt og snjallt að allt datt í dúnalogn. Hún brosti ægilega. „Rekum hann burt,“ sagði hún svo ísköldum rómi.

Allir kettirnir stukku af stað.

Í húsi við enda götunnar lá hundur og svaf en af og til vaknaði hann og gelti lágt og hann var svartur og hvítur og hét Snati og hann vissi að það var ekki frumlegt nafn en það var samt allavega betra nafn en pabbi hans sem hafði bara heitað Hey sem var frekar ruglingslegt þegar einhver vildi vekja athygli á einhverju því þá hrópa flestir auðvitað „Hey!“, þannig að pabbi hans hélt að það væri alltaf verið að kalla á hann en svo eru líka dýr sem borða hey eins og hestar og kýr og kindur sem flækir málið auðvitað ennþá meira en pabbi hans hafði samt ekki látið það fara í taugarnar á sér þannig að það var kannski bara allt í lagi.

Snati óð oft úr einu í annað.

Hann lá á gólfinu inni í eldhúsi og var að hugsa. En smám

saman fór ein hugsun að taka meira pláss en allar hinar til samans:

Snati var í spreng.

Hann þurfti að pissa.

Ekki seinna en strax!

Hann spratt á fætur, hljóp að öðrum eiganda sínum og lét vita með því að ýlfra lágt og anda hátt með opinn munninn að nú þyrfti að hlusta á hann – því annars væri voðinn vís. Eigandinn leit á hann og Snati sá um leið að hann var ekki alveg að skilja. Snati hljóp þess vegna að útidyrhurðinni og byrjaði að klóra. Það virkaði um leið. Snati vissi vel að eigandinn vildi ekki að hann krafsaði í dyrnar og að hann yrði að vera snöggur að hleypa honum út svo hann myndi hætta.

„Vesen alltaf á þér,“ tautaði eigandinn um leið og hann brólti upp úr sófanum. Hann gekk að útidyrnunum, opnaði þær örlítið og Snati skaust út. Eigandinn lokaði strax á eftir honum.

Fyrir framan húsið þeirra var finasti garður. Í gamla daga höfðu þau búið í blokk. Það var ekki gaman. Núna höfðu þau garð með girðingu og ljósastaur sem lýsti Snata upp og þess vegna var hægt að hleypa honum út hvenær sem var og hann þurfti ekki alltaf að vera í þessari ógeðslegu ól sem honum fannst alveg óþolandi og hvað ætlaði hann aftur að gera hérna úti, jú alveg rétt, pissi piss og ekkert rugl og rétt áður en hann byrjaði leit hann í kringum sig bara til að athuga hvort að það

væri nokkur að horfa á hann og viti menn, allavega 30 augu störfu á hann!

Snati fraus.

„Halló,“ galti hann lágt. Enginn svaraði. „Halló,“ galti hann örlítið hærra. Enginn svaraði því heldur. Í eitt augnablik hélt Snati kannski að hann væri að sjá ofsjónir og að þessi augu sem gláptu á hann í myrkrinu væru stjórnur – en svo heyrði hann malið. Það byrjaði lágt og svo fór það síhækkandi. Eins og flugvél í fjarska sem nálgaðist hratt. Og Snati vissi um leið hvaða hljóð þetta var.

„Kisur!“ hrópaði hann spenntur og hljóp af stað. Malið hætti um leið og breyttist í hvæs. Hvæs sem virtist umkringja hann. Eins og stórhættuleg rigning úr öllum áttum. Snati snarstoppaði. „Fyrirgefið þið,“ hvíslaði hann. „Ég var bara spenntur, ég þekki engan hérna í hverfinu og ég ...“

„Uss ...“ heyrðist innan úr myrkrinu. „Hættu að tala, það skiptir engu máli hvað þú segir. Við vitum hver þú ert í raun og veru.“ Snati skildi ekkert. Í raun var það eina sem hann skildi að hann þurfti virkilega mikið að pissa en á meðan einhver var að glápa á hann var það sko ekki í boði.

„Hver ég er í raun og veru?“ spurði hann forviða. Skyndilega, eins og hljóðlaust merki hefði verið gefið, hölluðu allir kettirnir sér fram úr myrkrinu og inn í geislann frá ljósa-staurnum. Grindverkið var stútfullt af þeim.

„Kvöldið,“ malaði Frú Snúllu-Dúlla.

„Vá,“ sagði Snati fullur aðdáunar og þurfti að hafa sig allan við að hlaupa ekki aftur af stað, „þið eruð svo mörg!“

Kettirnir höfðu ekki augun af honum. Brandur starði á hundinn. Hann vissi vel að Frú Snúllu-Dúlla hafði rétt fyrir sér, að hans líkar væru allir stórhættulegir, en komst ekki hjá því að hugsa að þessi liti nú ekki út fyrir að vera það grimmur. Greyið var ekki einu sinni orðinn fullorðinn. Satt best að segja leit hann út eins og dálítill kjáni.

„Við erum svo sannarlega mörg,“ hélt Frú Snúllu-Dúlla áfram. „Það er styrkur fólginu í fjöldanum, sjáðu til.“ Snati starði á hana.

„Ég skil ekkert hvað þú ert að segja,“ hló hann og leit á tvo kettlinga sem sátu hægra megin við hana og skulfu af hræðslu. „Skilduð þið hvað hún var að ...“ Hann hætti í miðri setningu. „Vá, er ykkur svona kalt? Hvað eruð þið að gera úti svona seint? Hvar eru foreldrar ykkar? Þið ættuð að vera löngu sofnuð. Alltaf þegar ég var hvolpur sagði mamma: „Snati, nú ferð þú að sofa!“ og ég var bara: „Mamma! Ég er ekkert þreyttur!“ og þá var hún bara: „Nei, nú ferð þú að sofa!“ og ég var bara ...“ Frú Snúllu-Dúlla stoppaði hann.

„Takk fyrir þessa heillandi sögu. Hún var svo sannarlega stórkostleg. Eitt fannst mér þó sérstaklega fallett við hana og það var að þú nefndir móður þína. Hvar býr hún ef ég mætti



spyrja?“ Snati hugsaði sig um. Það var langt síðan hann hafði séð mömmu sína, örugglega mörg ár. Eða dagar. Hann var alveg hrikalega lélegur þegar kom að tíma.

„Úti í sveit,“ sagði hann loks. Frú Snúllu-Dúlla brosti.

„Glæsilegt!“ Svo leit hún á Brand sem sat skammt frá. „Þá er það ákveðið.“ Hún leit aftur á Snata. „Þú ferð þangað strax í fyrramálið. Hún verður sjálfsagt himinlifandi að sjá þig aftur, hún móðir þín. Góðar stundir.“ Frú Snúllu-Dúlla bjó sig undir að stökkva niður af grindverkinu en Snati stoppaði hana.

„Aftur upp í sveit?“ galti hann hissa. „Ég er ekkert að fara þangað aftur, ég á ekki heima þar lengur.“ Hann benti með höfðinu í áttina að útidyrhurðinni. „Ég á heima hér.“ Hann brosti. „Mér finnst það fínt. Mér líður vel hérna.“ Frú Snúllu-Dúllu var ekki skemmt. Eyrin, sem höfðu staðið beint upp í loftið, lögðust hægt aftur þar til þau sáust varla lengur. Brandur vissi að þá var von á vondu.

„Þú ferð,“ hvæsti hún á hundinn. „Þú ferð, því það vill enginn hafa þig hérna.“ Snati starði á læðuna og skildi ekki baun í bala.

„En ég ...“

„Ég er ekki búin!“ vældi Frú Snúllu-Dúlla og kjafturinn á Snata lokaðist með skelli. „Þetta hverfi hér er kattahverfi. Hér búa kettir. Góðir, stilltir, kurteisir kettir sem elta engan upp í gluggatjöld. Ert þú köttur? Hm?“ Snati leit á kettina sem umkringdu hann og svo aftur á Frú Snúllu-Dúllu.

„Nei,“ byrjaði hann lágum rómi, „ég er ...“

„Hundur, einmitt,“ greip Frú Snúllu-Dúlla fram í. „Hundur er andstæðan við kött, alveg eins og klór er andstæðan við kúr. Þú ert illa lyktandi hundur, hundur með beittar tennur, hættulegur hundur, við höfum öll heyrt sögurnar af ykkur hundunum.“ Hún skimaði yfir hópinn. „Hvað var það aftur? Hundur sem át heilt barn, ekki satt?“

„Það var fugl,“ tísti annar kettlinganna. „Ég held samt að það hafi verið svona eldaður kjúklingur með frönskum, sko. Og kannski ekki heill, meira svona afgangur.“ Frú Snúllu-Dúlla lét eins og hún heyrði ekki í honum. Hún setti upp hneykslunarsvip.

„Hvers konar skrímsli étur börn?“ emjaði hún. Snati vissi ekki hvert hann ætlaði. „Ég hef aldrei étíð börn!“ gelti hann, svo hátt að undir venjulegum kringumstæðum hefðu kettirnir flúið. „Ég elska börn!“

„Með sósu!“ veinaði Frú Snúllu-Dúlla og kattahópurinn tók andköf af hryllingi.

„Nei!“ vældi Snati. „Sósa er góð, ég skal viðurkenna það, en ég borða ekki börn. Ég borða hundamat og stundum borða ég afganga og jú, bestu afgangarnir eru þeir sem eru með sósu á en það eru aldrei börn!“

Frú Snúllu-Dúlla brosti. Þetta gekk vel. Hún vissi að það var ekki langt þangað til hún myndi gera hundkvikindið alveg brjáláð og þá yrði ekki aftur snúið. Eigandinn myndi heyra lætin, ákveða að þetta hverfi passaði nú ekki fyrir aumingja litla krúttið þeirra og senda hann burt.

Og það er kannski það sem hefði gerst – ef annar skíthræddu kettlinganna hefði ekki allt í einu byrjað að tala. Það er nefnilega þannig með þessa kettlinga; þeir segja alltaf það sem þeir eru að hugsa.

„Méfinnsosagolika,“ muldraði hann. Frú Snúllu-Dúlla leit svo leiftursnögg í áttina að honum að hún fauk næstum niður af grindverkinu. Hún opnaði munninn til að þagga niður í litla gerpinu en var of sein.

„Hvað sagðirðu?“ spurði Snati spenntur. Kettlingurinn ræksti sig.

„Mér finnst sósa góð líka,“ sagði hann örlítið hærra og sleikti ósjálfrátt út um. „Mér líka,“ sagði hinn kettlingurinn. Dauðapögn var nú í garðinum.

„Það er ekkert verra að hafa sósu,“ tautaði Brandur skyndilega. Honum dauðbrá. Hann hélt að hann hefði bara hugsað þetta, það var aldrei ætlunin að segja þetta upphátt. Frú Snúllu-Dúlla leit á hann með augnaráði sem hefði getað brætt snjóskafli. Brandur brosti afsakandi út í annað. „Þessi gula þarna úr smjörinu er ægilega góð,“ bætti hann lágt við. Snati kinkaði kalli.

„Einmitt! Þið getið ekki skipað mér að fara, við erum bara rétt að kynnst og gætum orðið fínustu vinir! Við gætum rætt sósur fram á rauða nótt!“ Frú Snúllu-Dúlla hristi hausinn.

„Nei, það ætlum við svo sannarlega ekki að gera. Þú ert stórhættulegt ...“ Snati stoppaði hana.

„Ein spurning,“ gelti hann hátt og snjallt og var núna orðinn spenntur. „Hverjum finnst gott að láta klóra sér?“ Frú

Snúllu-Dúlla opnaði kjaftinn til að segja eitthvað en var kaf-færði í mjálmkór af orðinu:

„Mér!“ Snati hló spenntur.

„Mér líka!“ Hann varð allt í einu grafalvarlegur á svip. „Og hverjum finnst óþægilegt að verða kalt?“

„Mér!“ sögðu allir kettirnir nema Frú Snúllu-Dúlla í kór. Meira að segja Brandur. Hann réð ekki við sig. Honum fannst hrikalega óþægilegt að verða kalt. Hann hafði aldrei gert sér grein fyrir að hundum gæti líka orðið kalt. Kannski hafði Frú Snúllu-Dúlla ekki alltaf rétt fyrir sér. Snati span-gólaði af spenningi.

„Sko! Við verðum æðislegir vinir! Við eigum svo margt sameiginlegt! En við getum líka nýtt okkur það sem er ólíkt með okkur. Af því að þið eruð kettir, þá getið þið hjálpað mér við alls konar eins og til dæmis að segja mér hvað er eiginlega að gerast hinum megin við girðinguna því þið getið stokkið yfir hana og svona og af því að ég er hundur þá get ég hjálpað ykkur við alls konar eins og til dæmis að naga hluti sem þarf að naga.“ Frú Snúllu-Dúlla ranghvolfdi í sér augunum.

„Ég hef aldrei heyrt aðra eins vitleysu ...“ byrjaði hún en komst ekki lengra.

„Uss,“ missti Brandur út úr sér. „Snati er að tala.“ Frú Snúllu-Dúlla átti ekki til orð. Og Brandur eiginlega ekki heldur. Hann brosti með sjálfum sér en passaði sig að fela það vel. Hundurinn hljóp nú hring eftir hring í garðinum og reyndi að sannfæra kettina.

„Þið megið ekki reka mig í burtu, ég elska að vera hérna.

Það er miklu betra að vera hér en þegar ég bjó í blokk og mátti ekki fara út nema í bandi. Ég þarf ekki einu sinni að vera með ól hérna því það er girðing og ég kemst ekki neitt!“ Allir kettirnir höfðu einhvern tíma verið neyddir til að vera með ólar og þeim fannst þetta mjög merkilegar upplýsingar. Nýi garðurinn hans Snata var himnaríki þar sem enginn þurfti að vera með ól! Hann hélt áfram.

„Og svo ...“

En þá gerðist það.

Það sem mátti alls ekki gerast!

Annar kettlinganna sem elskuðu sósur missti jafnvægið og steypist ofan í garðinn.

Hann lenti harkalega í grasinu og áður en nokkur köttur gat stokkið til og stoppað Snata hafði hundurinn hlaupið af stað.

„Hann ætlar að éta hann!“ veinaði Frú Snúllu-Dúlla. Hún setti upp svip sem átti að lýsa hrikalegri skelfingu en inni í sér var hún hoppandi af kæti. Nú myndi viðbjóðslegt hundseðlið taka yfir! Allir vita að uppáhaldsmatur hunda eru kettlingar! Hér var engin gardína sem myndi bjarga málunum!

En það var ekki það sem gerðist. Það sem gerðist var þetta:

Snati hljóp að kettlingnum og ýtti varlega við honum með trýninu.

„Er í lagi með þig?“ spurði hann blíðlega. Kettlingurinn vældi smá en kinkaði svo kolli.

„Mmm ... já,“ sagði hann. Snati brosti.

„Á ég að hjálpa þér að komast aftur upp?“

„Mmm ... já,“ mjálmaði kettlingurinn. Snati leyfði honum að klifra upp á bakið á sér og svo bakkaði hundurinn varlega að grindverkinu. Hægt en örugglega náði litla krílið að klöngrast aftur upp. Frú Snúllu-Dúlla starði á aðfarirnar og átti ekki til orð. Þessu hafði hún ekki átt von á.

Þetta virtist vera dropinn sem fyllti mælinn. Brandur leit á Kaptein Ofurþófa sem sat skammt frá honum og sá að þeir voru báðir að hugsa það sama. Sá eldri ræskti sig og allir þögnuðu. Hann leit á Snata blíður á svip.

„Velkominn í hverfið,“ tilkynnti hann hátíðlega. „Það er fengur í þér, það er alveg á hreinu. Þú afsakar ónæðið.“ Hann leit ákveðinn á svip á Frú Snúllu-Dúllu. „Þú hugsar þig kannski tvisvar um næst, kæra vina, áður en þú æsir alla upp í svona vitleysu.“ Hún svaraði engu. Kapteinn Ofurþófi leit aftur á Snata. „Og nú verðurðu að afsaka mig, ég er svo gamall og búinn að sitja hérna svo lengi að ég er kominn með náladofa í rassgatið.“ Svo lét hann sig falla aftur á bak og niður af grindverkinu.

„Er í lagi með hann?“ spurði Snati forviða.

„Hann lendir alltaf á fótunum,“ sagði Brandur og kímði. „Sama hversu gamall hann verður. Velkominn í hverfið.“

„Velkominn í hverfið,“ tístu kettlingarnir.

„Velkominn í hverfið,“ mjálmaði grár angóruköttur.

„Gott að fá þig,“ sagði snögghærð læða.

„Þú heyrir bara í okkur ef þig vantar eitthvað,“ bætti svartur högni við. Snati brosti og leit yfir hópinn.

„Frábært,“ sagði hann sátturn. „Gaman að þið skylduð koma, gott að kynnst ykkur og ég ætla ekki að vera dónalegur en nú verðið þið að fara því ég er búinn að halda í mér alveg síðan þið mættuð á svæðið og ef ég pissa ekki bráðum þá spring ég!“

Kettirnir létu sig hverfa einn af öðrum.

Að lokum var bara Frú Snúllu-Dúlla eftir. Snati brosti.

„Við ... sjáumst þá bara?“ spurði hann. Frú Snúllu-Dúlla dró djúpt að sér andann og starði í augun á honum.

„Þú afsakar ... ónæðið,“ sagði hún titrandi röddu. „Það var ekki illa meint. Ég hélt bara að allir hundar ... Ég bara ...“ Snati sá að þessi köttur var greinilega hrikalega lélegur að biðjast afsökunar. Hann kinkaði kalli.

„Ekkert mál,“ sagði hann. „Gaman að kynnst þér.“ Og áður en hann gat sagt meira stökk Frú Snúllu-Dúlla af stað, yfir grindverkið og í hvarf.

„Kettir,“ tautaði Snati og hló með sjálfum sér um leið og hann gekk um garðinn í leit að fullkomnum stað fyrir langþráða pissupásuna. „Þeir eru kannski ekkert svo slæmir.“

Það var komin nótt. Gatan var auð.

Bílar stóðu enn í stæðum, úlpur héngu enn á snögum og nú voru allir sofnaðir; börn, foreldrar, hundar ... og kettir.

VERKEFNI

SÖGURÝNI

1. Hvert er söguvið Pissupásu og hvað gerist hún á lögum tíma?
2. Hvaða atvik verður til þess að atburðarásin fer af stað?
3. Í sögunni er fjallað um fordóma. Hvernig birtast þeir?
4. Gamalt máltæki segir: Ekki dæma bók af kápunni einni saman. Hvað merkir það og er hægt að tengja það efni sögunnar?
5. Hver er boðskapur sögunnar? Hvaða lærdóm er hægt að draga af því hvernig Snúllu-Dúlla bregst við komu Snata í hverfið? Hefði hún getað brugðist öðruvísi við?
6. Ímyndið ykkur að sagan gerist meðal mannfólks. Gæti slíkt átt sér stað? Finnið dæmi.

VANGAVELTUR

Takið afstöðu og færið rök fyrir skoðun ykkar.

7. Er Snúllu-Dúlla illur köttur?
8. Eru kettir heppileg gæludýr?

ÁSKORUN

Veldu þér verkefni.

- Æviágrip: Hinn aldni Kapteinn Ofurþófi hefur greinilega lifað ævintýralegu lífi. Hver er þessi merkilegi högni? Hvað hefur drifið á daga hans?
- Nýtt sjónarhorn: Mannfólkið hans Snata heyrir læti úti í garði. Þau kíkja út um gluggann. Hvað blasir við þeim? Settu þig í þeirra spor og lýstu atburðum kvöldsins út frá þeirra sjónarhorni.



STJARNAN Í ÓRÍON

HILDUR KNÚTSDÓTTIR

Það besta við að uppgötva nýja stjörnu er að þá fær maður að nefna hana. Eða það hélt ég allavega alltaf. Ég meina, þælið í því, að fá að skíra heila stjörnu! Maður hlýtur að þurfa að vanda valið og hugsa sig um mjög lengi áður en maður ákveður sig. Nefnir maður hana eftir mömmu sinni? Gæludýrinu sínu? Eða sjálfum sér? Eða nefnir maður hana bara eitthvað út í bláinn? Ef maður uppgötvar nýja stjörnu gæti maður til dæmis nefnt hana Prump ef maður vildi.

Stjarnan Prump, hversu fyndið væri það!

En kannski er þetta ekki það besta við að uppgötva nýja stjörnu. Kannski er bara best að hafa uppgötvað nýja stjörnu. Þær eru auðvitað óteljandi í alheiminum, en samt er þetta stórmál. Sérstaklega ef stjarnan birtist skyndilega þar sem hún á alls ekki að vera; mitt í Óríon-stjörnumerkinu, beint fyrir ofan fjósakonurnar þrjár í belti Óríons: Alnitak, Alnilam og Mintaka.

Það fyrsta sem mér datt í hug þegar ég sá hana var að nú þyrfti ég að finna nafn. Það næsta sem mér datt í hug var að ég væri einfaldlega að sjá ofsjónir, þetta gæti bara ekki verið

satt. Ég hafði líka farið mjög seint að sofa kvöldið áður, ég hafði laumast til þess að kveikja aftur á lampanum eftir að mamma og pabbi buðu mér góða nótt og svo hafði ég lesið Lifandi vísindi þangað til klukkan var orðin allt of margt. Þannig að kannski sá ég bara ofsjónir af þreytu. Eða kannski hafði ég lesið yfir mig. Í gamla daga vildu sumir meina að það skemmdi augun að vera sífellt að lesa. Ef það er satt þá er ég í frekar vondum málum.

Svo ég lokaði augunum í smástund og nuddaði augnlokin vel og vandlega. Svo opnaði ég augun aftur. Og þarna var hún enn. Hún blasti við í kíkinum sem mamma og pabbi gáfu mér í afmælisgjöf í fyrra og stóð í gluggakistunni á myrkvudu herberginu mínu.

Nýja stjarnan var stór og skær. Hún var næstum því fjólublá á litinn. Kannski heitir þessi litur hvítfjólublár, eða kannski heitir hann ekki neitt ennþá, því kannski var hann að sjást í fyrsta skipti í okkar heimi akkúrat þarna. Kannski fengi ég að nefna litinn líka! Nei, nú var ég mögulega komin aðeins fram úr mér. Stjarnan var allavega einhvern veginn fjólublá og hún skein skært og mér fannst eins og hún púlсаði. Ljósið frá henni styrktist og dvínaði til skiptis. Hún hafði alveg örugglega ekki verið þarna kvöldið áður, eða nokkurt kvöld síðan fólk fór í árdaga mannkyns að horfa upp í næturhimininn og kortleggja stjörnur.

Og þegar ég leit upp frá kíkinum komst ég að því að hún sást með berum augum líka. Hún var meira að segja miklu skærari en stjörnur í kring.

Það fór fiðringur um allan líkamann. Ég yrði að segja mömmu frá þessu strax. Ég stóð upp frá sjónaukanum og hljóp fram.

Mamma sat inni í stofu og var að lesa bók. Pabbi sat við eldhúsborðið og hnýtti flugur.

„Mamma!“ sagði ég og heyrði að röddin titraði.

Þau litu bæði á mig, hissa á svipinn.

„Er ekki allt í lagi?“ spurði mamma áhyggjufull.

„Nei. Eða jú. Komdu, mamma, þú verður að sjá.“

Mamma lagði frá sér bókina og stóð á fætur.

„Má ég koma líka?“ spurði pabbi.

„Já, auðvitað,“ sagði ég, þótt pabbi vissi ekkert um stjórnur.

Þau eltu mig eftir ganginum og inn í herbergið mitt.

„Sjáðu, þarna,“ sagði ég og benti mömmu á stjernukíkinn.

Hún horfði á mig andartak og beygði sig svo niður að kík-
inum.

„Hvað á ég eiginlega að ...“

Mamma þagnaði. Maginn á mér fór í kollhnís. Hún hafði séð hana líka!

Ég hafði ekki verið að ímynda mér nýju stjórnuna!

„Og mamma, hún sést líka með berum augum.“

Mamma leit upp frá kíkkinum og rýndi upp í himininn.

„Já, það er satt,“ sagði hún. „Ég sé hana!“

Mamma hljóp fram að ná í símann sinn. Á meðan gáði pabbi í kíkinn.

Hann hafði ekki hugmynd um að hverju hann átti að leita, eða hvað væri óvenjulegt, svo ég þurfti að benda honum á

nýju stjörnuna. Hann horfði á hana andartak og sagði síðan að hún væri mjög falleg.

Ég held að hann pabbi hafi ekki alveg áttað sig á þýðingu þess að uppgötva skyndilega nýja stjörnu þar sem hún á alls ekki að vera.

Mamma talaði óðamála í símann þegar hún kom aftur.

„Nei, ekki fyrir neðan, þetta er ekki við Messier 42, ekki við Sverðþokuna. Heldur fyrir ofan. Já. Sérðu hana?“

Mamma ýtti þabba frá sjónaukanum og kíkti í hann sjálf.

„Já,“ sagði hún. „Hún getur ekki farið fram hjá þér, treystu mér.“ Mamma beið í smástund. Svo sagði hún:

„Já, sérðu hana ekki? Já. Einmitt! Ég veit!“ Mamma skellti upp úr. „Ókei, og þú lætur vita? Það var dóttir mín, Þeba, sem kom auga á hana. Hún sá hana bara hérna út um gluggann sinn. Já, bara í venjulegum stjörnuvíki. En hún sést með berum augum. Alveg mjög greinilega. Já. Ókei. Heyrumst fljótt.“

Mamma lagði á. Svo kom hún og tók utan um mig.

„Ég er bara orðlaus,“ sagði hún og strauk mér um hárið.

„Þetta er ný pláneta!“ sagði ég.

Mamma þagði í andartak.

„Pláneta, ég veit ekki alveg ...“ sagði hún svo og hikaði. „Þetta er líklega kjarnasamruni í sólstjörnu að klárast. Þú veist að þegar honum lýkur þá verða þær að sprengistjörnum. Þær hrynja saman og springa og senda frá sér miklu meira ljós. Í nokkrar vikur, eða mánuði.“

„Er plánetan þá bara að falla saman núna? Er hún að skemmast?“ spurði ég, svolítið fúl yfir því að nýja uppgötv-unin mín væri strax að verða ónýt.

„Já, en þetta er stórmál, Þeba. Þetta gerist ekki á hverjum degi. Það hafa bara þrjár sprengistjörnur sést með berum augum í Vetrarbrautinni í þúsund ár. Sú síðasta sást árið 1604! Ef við sjáum blossom núna þá er hún reyndar löngu fallin saman. Þú veist að það tekur ljós langan tíma að ferðast langar vegalengdir.“

„Og þetta er þá sprengistjarna?“ spurði ég.

„Já ...Ætli það ekki. Mér finnst hún samt einhvern veginn líta öðruvísi út. Hún er allavega mjög stór. Liturinn og ... já, æ, ég veit ekki.“

„Gæti þetta ekki verið ný pláneta? Í heilu lagi?“

„Tja ... það er svo sem allt mögulegt,“ sagði mamma og hikaði. „Ef þetta væri pláneta þá myndi hún varla skína svona skært. En það er svo sem ekkert útilokað. Ef hún er mjög nálægt okkur, þá gæti kannski endurvarpið frá sólinni verið nógu sterkt ... Þannig að þetta gæti verið ný pláneta ... eða geimskip. Þó að það sé ólíklegt,“ sagði hún og brosti.

„Geimskip?“ spurði ég hissa.

„Ef þetta er ekki sprengistjarna þá hefur hún einhvern veginn komist þangað. Mjög hratt. Því þessi stjarna var ekki þarna í gær. En hvað sem þetta er þá er það allavega engin smásmíði.“

„Getur þetta verið ...? Áttu við ... geimverur?“ spurði ég.

„Æ, ég veit það svo sem ekki. Ég er bara að hugsa upphátt. En hann Halldór ætlar að hringja í þau í Síle og biðja þau að kíkja á þetta þegar þau komast í færi. Við fáum að vita meira á morgun. En hvað sem þetta er þá hefur þú ritað nafn þitt í sögubækurnar, Þeba mín.“

Það var ekki séns að ég gæti sofnað. Ég lá undir sæng og starði upp í loftið. Ég sá fjöluþláu stjörnuna fyrir mér. Ég lokaði augunum. Ég sá fjöluþláu stjörnuna enn fyrir mér. Gæti þetta í alvörunni verið geimskip? Það hlaut að vera stórt fyrst það sást alla leið héðan frá jörðinni. Alveg hrikalega stórt. Stærri en ég gat ímyndað mér. Miklu stærri en jörðin sjálf.

Kannski var þetta bara sprengistjarna, eins og mamma hélt. Kannski var þetta bara blossom frá henni að falla saman fyrir milljónum ára. Eða gat þetta verið önnur pláneta? Hvernig gæti hún skyndilega verið komin hingað í sólkerfið okkar?



Hafði einhver togað hana þangað? Hafði einhver fært hana? Eða hafði hún flogið sjálf? Var þetta kannski heil pláneta sem var líka skip? Eða höfðu opnast ormagöng og nýja stjarnan skotist út um þau? En hver hafði þá opnað þau? Gat það gerst af sjálfu sér? Og hvaðan hafði hún komið?

Ég settist upp í rúminu og kveikti á lampanum. Ég vissi að ég gæti ekki sofnað. Ég gekk að glugganum og leit í kíkin. Stjarnan var horfin! Það sló út um mig alla köldum svita en svo fattaði ég að auðvitað hafði hún bara færst úr stað á meðan ég burstaði tennur og barðist við að sofna. Eða réttara sagt þá hafði jörðin haldið áfram að snúast á sínum hraða á meðan en stjarnan var kyrr á sínum stað.

Vonandi.

Það tók mig nokkra stund að stilla kíkin upp á nýtt og koma auga á hana. En þarna var hún. Stór, skær og hvít-fjólublá. Mér fannst aftur eins og hún púlsaði. Birtan varð sterkari, svo veikari og svo aftur sterkari.

Skrýtið.

Ég kveikti á tölvunni og leitaði að upplýsingum um ormagöng á Vísindavefnum. Ég las:

„Ormagöng eru fræðileg fyrirbæri sem skjóta upp kollinum við útleggingar á almennu afstæðiskenningunni. Samkvæmt kenningum er hugsanlegt að þau megi nota til að flytja sig til fjarlæggra staða í alheiminum á örskotsstundu. Þrátt fyrir að hugmyndin um ormagöng sé í góðu samræmi við kenningar er ekki víst að þau séu raunverulega til.“

Einstein sjálfur hafði skrifað um ormagöng. Ekki hafði ég haft hugmynd um það. Og neðar las ég:

„Ef ferðalög um ormagöng væru möguleg eru líkur á því að þau gætu ekki aðeins fært okkur á milli staða heldur einnig aftur í tímann; þau væru eins konar tímavél.“

Tímavél? Það hríslaðist eitthvað niður hrygginn á mér. Ég vissi ekki hvort það var ótti eða spenna. Var þetta kannski stjarna úr fortíðinni? Eða kannski framtíðinni?

Ég leit aftur í kíkinn. Stjarnan púlsaði. Mér fannst eins og það hefði aukist frekar en hitt. Stjarnan blikkaði nokkrum sinnum, hratt. Ljósíð dofnaði og birtist svo aftur og skein andartak. Svo blikkaði stjarnan aftur hratt. Síðan hægt, svo aftur hratt, þrisvar í röð. Ég kíkti á hinar stjörnurnar í kring. Þær blikkuðu ekki svona. Af hverju hegðaði þessi sér öðruvísi?

Það var þá sem ég fattaði það.

Þetta hlaut að vera merki. Það var einhver að reyna að segja okkur eitthvað.

Ég fylgdist með stjörnunni og reyndi að átta mig á því hvort ég sæi mynstur. Ég skrifaði niður flöktið, það var stundum stutt og stundum langt. Það tók mig nokkrar tilraunir og ég ruglaðist nokkrum sinnum en eftir um það bil hálf tíma var ég alveg sannfærð um að blikkið væri ekki tilviljanakennt. Þetta var ákveðið mynstur sem endurtók sig: Stutt, stutt, stutt, stutt. Bil. Stutt, langt. Bil. Stutt, langt, stutt, stutt. Bil. Stutt, langt, stutt, stutt. Bil. Langt, langt, langt, langt. Og svo byrjaði allt upp á nýtt.

Ég starði á blaðið fyrir framan mig. Svo hljóp ég inn í rúm og vakti mömmu.

Það tók hana smástund að skilja mig. Kannski var ég svo-lítið óðamála. En ég var líka meira en lítið æst. Hefðuð þið ekki verið það líka í mínum sporum?

Að endingu settist mamma upp í rúminu og sagði:

„Þeba mín, gerðu það, hægðu á þér. Hvað ertu að segja?“

Ég dró djúpt andann, rétti henni útkrotað blaðið og ímyndaði mér að ég væri að útskýra þetta fyrir litlu barni.

„Stjarnan blikkar. Stundum kemur langt blikk, stundum stutt. Það er í ákveðinni röð. Röð sem endurtekur sig. Og röðin er svona,“ sagði ég og benti á blaðið.

„Þeba mín, stjörnur blika. Það er vegna þéttleikaflökts í lofthjúpnum hér í kringum jörðina. Ljósið berst okkur á mismunandi hraða og þess vegna sýnist okkur þær blik...“

„Ekki svona mikið, mamma! Þetta er ekkert þéttleikaflökt! Ég er að segja þér það! Sjáðu!“

Ég rak blaðið beint undir nefið á henni.

Mamma setti á sig gleraugun sem lágu á náttborðinu hennar, ofan á bókinni sem hún var að lesa þessa dagana. Hún hrukkaði ennið og las upphátt:

„Stutt, stutt, stutt, stutt. Bil. Stutt, langt. Bil. Stutt, langt ...“

Hún þagnaði. Síðan leit hún á mig, með opinn munninn.

„Ætli þetta sé Morse-kóði?“ sagði hún.

Svo spratt mamma á fætur og hljóp fram.

Ég elti hana inn á skrifstofu. Hún stóð uppi á skrifborðinu

sínu og tætti niður bækur úr bókahillunni. Ég stóð andartak í dyragættinni og velti fyrir mér hvort hún hefði misst vitið. Voru þetta kannski einhver skilaboð utan úr geimnum sem gerðu fólk brjálað?

„Hérna!“ sagði mamma sigri hrósandi.

Hún hélt uppi eldgamalli og lúinni bók. Hárið á henni var úfið eftir svefninn og hún var enn með koddafar á kinninni. Hún var skuggalega lík brjáluðum prófessor.

„Hvaða bók er þetta?“ spurði ég.

„Þetta er Morse-lykill!“ sagði hún.

Siðan sópaði hún öllum bókunum sem hún hafði tætt úr hillunum og höfðu lent á borðinu niður með einni handarsveiflu og byrjaði að fletta í bókinni.

„Morse-kóði? Er það geimverumál?“ spurði ég.

„Nei,“ sagði mamma án þess að líta á mig. „Morse-kóðinn er gamall. Hann var notaður áður en talsíminn var fundinn upp. Til að senda skilaboð í ritsíma.“

„Ritsíma?“ spurði ég.

En mamma var svo niðursokkin í blaðið mitt og bókina að hún heyrði ekki í mér.

Það tók hana ekki nema um það bil mínútu að ráða skilaboðin.

„Halló?“ sagði hún og leit á mig.

„Halló, mamma,“ sagði ég og fór aftur að velta fyrir mér hvort hún hefði misst vitið við að lesa skilaboðin. Eða höfðu þau þurrkað út minni hennar? Þekkti hún mig kannski ekki lengur?

„Nei, það er það sem stendur hér,“ sagði hún stóreyg.

„Halló?“

„Já. H-A-L-L-O.“

Mamma benti á blaðið. Þar hafði hún skrifað það stórum stöfum undir hrafnasparkinu mínu. HALLO.

Við litum hvor á aðra.

„Ég held að þú hafir kannski verið að taka á móti fyrstu skilaboðunum frá geimverum,“ sagði mamma.

Síðan klappaði hún mér á kollinn og stóð upp til að ná í símann.

Það var langt liðið á morguninn þegar ég vaknaði. Enda hafði ég farið mjög, mjög seint að sofa. Við mamma vorum báðar svo spenntar að við enduðum á að fá okkur heitt kakó og kveikja á bíómynd til að róa okkur. Á meðan var fullt af fólki annars staðar á hnettinum á fullu að horfa á stjörnuna sem ég hafði uppgötvað. Mamma hafði hringt í einhvern sem hringdi í einhvern og þá hafði allt farið í gang. Alveg ALLT. Ég meina NASA og læti.

Ég trúði því varla þar sem ég sat þarna í stofunni okkar með kakó í gamla Barbapabba-bollanum mínum og Mamma Mia í sjónvarpinu á móti mér. Allt hafði breyst. En samt hafði ekkert breyst. Gamli sófinn okkar var eins. Gamla lúna teppið. Ég var eins.

En samt voru geimverur til og þær voru að reyna að tala við okkur.

Ég hlaut að hafa sofnað fyrir framan sjónvarpið og mamma hlaut að hafa borið mig inn í rúm því ég vaknaði þar. Ég staulaðist fram og heyrði að pabbi var að tala í símann.

„Nei, þið fáíð ekki viðtal við hana. Nei, ekkert sjónvarp, það kemur ekki til greina. Takk og bless.“

„Hver var þetta?“ spurði ég þegar ég gekk inn í eldhúsið.

Pabbi leit hissa á mig, hann var flóttalegur á svipinn eins og hann hefði verið staðinn að verki við eitthvað ósæmilegt.

„Æ, elskan mín, ég ætlaði nú að reyna að vernda þig fyrir þessu. En fjölmiðlar eru alveg að missa sig. Það vilja allir fá að tala við þig.“

„Fá að tala við mig?“ spurði ég hissa. „Sjónvarpið?“

„Já. Alveg CNN og NBC og BBC og fullt af einhverjum fleiri skamm-stöfunum.“

Það var eins einhver hefði hellt yfir mig fötu af ísköldu vatni. Þurfti ég að fara að tala við eitthvert útlenskt fólk á útlensku? Pabbi hlaut að hafa séð skelfingarsvipinn á andlitinu á mér því hann flýtti sér að bæta við:

„Ég er búinn að segja nei við alla. Þú þarft ekki að gera neitt sem þú vilt ekki gera.“

Mamma kom askvaðandi inn í eldhús og fyllti á kaffibollann sinn. Hún var enn í náttfötunum og hárið á henni var úfið. Hafði hún kannski ekkert sofið í nótt?

„Okay, thanks, I'll talk to you later. Bye,“ sagði hún í símann.

Svo lagði hún hann frá sér og leit á mig. Það var breitt bros á andliti hennar og augun ljómuðu.

„Hvað?“ spurði ég. „Sáu þau í Síle og alls staðar sama blikkið? Sáu þau líka skilaboðin?“

Mamma hristi höfuðið en brosið á andlitinu breikkaði.

„Nei,“ sagði hún og hló. „Þau sáu ekki sömu skilaboðin.“

„Ha?“ sagði ég hissa.

Hafði þetta þá bara verið eitthvert rugl í okkur? Af hverju var hún þá svona glöð? Var hún kannski fegin að þetta voru ekki geimverur?

„Bíddu, hvað meinarðu? Var þetta þá bara þetta flökt þarna? Í lofthjúpunum okkar?“

Mamma hló.

„Nei!“

„Bíddu, hvað meinarðu?“ spurði ég.

Það var farið að fjúka í mig. Hún mamma hlaut að hafa misst vitið þrátt fyrir allt, fyrst hún lét svona.

„Skilaboðin breyttust!“ sagði hún sigri hrósandi. „Þetta var enn Morse- kóði en hann stafaði annað! Í Chile sáu þau: H-O-L-A. HOLA. Það þýðir halló á spænsku! Og veistu hvað sást í Bandaríkjunum? HELLO. Og í Kína stafaði stjarnan NI MEN HAO. Það er pin yin, aðferð til að skrifa kínverskt letur með rómverskum bókstöfum. Og veistu hvað NI MEN HAO þýðir? Það þýðir halló! Eða allavega einhver útgáfa af því!“

Ég starði á hana opinmynt.

„Bíddu,“ sagði ég. „Bíddu, hvernig er það hægt? Hvernig getur runan verið mismunandi eftir því hver er að horfa?“

„Það á ekki að vera hægt!“ sagði mamma. „Það er það sem

er svo geðveikt! Það veit bókstaflega ENGINN hvað er í gangi!“

Svo skellti mamma upp úr aftur og fékk sér síðan aðeins meira kaffi. „Viltu ristað brauð, Þeba mín?“ spurði pabbi.

„Já, takk,“ sagði ég og fékk mér sæti við eldhúsborðið.

Dagurinn var mjög lengi að líða. Ég skoðaði aðeins fréttir á netinu og það voru allir að tala um nýju stjörnunna mína. Ég var sem betur fer ekki nafngreind heldur var bara rætt um „íslenska stúlku“. Það var eiginlega lán í óláni að ég hafði sofnað svona seint og vaknað svona seint, því þá var styttra þangað til það dimmdi úti. Ég gat nefnilega ekki beðið eftir því að jörðin héldi áfram sínum endalausna snúningi og myndi loksins snúa Íslandi frá sólu og í átt að Óríón og nýju stjörnunni minni.

Sem ég var vel að merkja ekki enn búin að ákveða hvað átti að heita. Ég þyrfti að fara að vinna í því. Mér skildist á pabba að það væri meðal þess sem allar skammstafanasjónvarpsstöðvarnar vildu spyrja mig út í.

Ég vonaði bara að það yrði ekki skýjað. Það var búið að vera heiðskírt allan daginn og það yrði alveg glatað ef það myndi þykkna upp einmitt þegar sjónaukinn minn kæmist í færi.

Vísarnir á klukkunni mjökuðust áfram, hægt en örugglega. Himinninn varð gulur og bleikur og rauður. Og svo fjólu-blár og að lokum svartur. Við horfðum saman á kvöldfréttir því þar var viðtal við mömmu. Hún hafði sem betur fer farið

úr náttfötunum og greitt á sér hárið fyrir sjónvarpið. Þegar fréttirnar voru búnar settist ég fyrir framan kíkinn og leit upp í himininn. Heppnin var með mér. Hann hafði haldið heiðskír. Mér létti þegar ég sá stjörnuna og um leið datt mér nafn í hug.

Litla-Hvít.

Hún var lítil hvít kanína í bók um kanínuna Depil sem ég hafði haldið mikið upp á þegar ég var lítil. Litla-Hvít skyldi hún heita, þrátt fyrir að stjarnan væri hvorki lítil né alveg hvít, og svo var ekki til nein Stóra-Hvít.



En ég réð þessu og enginn gat sagt neitt við því þótt þeim fundist nafnið ekki passa. Því sá sem finnur stjörnuna fær að ráða hvað hún heitir.

Ég fylgdist með Litlu-Hvít blikka kveðjuna sína.

„Halló, halló,“ hvíslaði ég á móti.

Svo hrukkaði ég ennið. Það var eitthvað öðruvísi. Þetta var ekki sama mynstur og nóttina áður.

Ég sótti blað og blýant og gömlu, lúnu Morse-bókina hennar mömmu. Þetta var alls ekki sama mynstrið. Þetta var miklu flóknara. Ég ruglaðist nokkrum sinnum svo það tók mig svolítið langan tíma að ná því hreinu. Sem betur fer var Morse-lykilinn auðveldur í notkun svo ég var ekki lengi að ráða skilaboðin.

S-J-A-U-M-S-T-S-I-D-A-R

„Sjaumstsídar?“ las ég.

Þetta gat ekki verið rétt. Ég hlaut að hafa ruglast eitthvað í talningunni.

Ég starði á stafina á blaðinu fyrir framan mig.

Svo var eins og það smylli eitthvað saman í höfðinu á mér. Það voru náttúrlega ekki íslenskir stafir í Morse-lyklinum! Þarna stóð:

„SJÁUMST SÍÐAR.“

Ég tók andköf og leit upp í himininn. Litla-Hvít var horfin.

VERKEFNI

SÖGURÝNI

1. Þeba virðist vita mikið um himingeiminn. Hvað í sögunni segir okkur það. Finnið dæmi.
2. Mikil spenna grípur um sig hjá mæðgunum þegar Þeba uppgötvar stjörnuna. Þær eru með ýmsar kenningar. Hvað halda þær að sé á ferðinni?
3. Hvað haldið þið að Þeba hafi uppgötvað?
4. Af hverju vildi pabbi Þebu ekki að hún svaraði fjölmiðlumum sem hringdu og vildu viðtal?

VANGAVELTUR

Takið afstöðu og færið rök fyrir skoðun ykkar.

5. Er líklegt að við munum einn daginn eiga samskipti við lífverur utan úr geimnum?
6. Telur þú að Litla-Hvít hafi verið stjarna í Óríon stjörnumerkinu?

ÁSKORUN

Veldu þér verkefni.

- Viðtal: Stjörnufundur Þebu vekur heimsathygli. Fréttamenn vilja ná af henni tali og fá að heyra allt um nýju stjörnuna. Semjið samtal milli Þebu og forvitins fréttamanns á útvarpsstöð.
- Frásögn: Þú er sá sem sendir Þebu skilaboðin. Segðu frá þér. Hver ertu? Hvaðan kemurðu? Hvað viltu Jarðarbúum? Hvenær kemurðu aftur?
- Bókaræma: Þér hefur verið falið að gera bókaræmu um Stjörnuna í Óríon. Tilgangurinn er að hvetja aðra til að lesa söguna án þess að gefa of miklar upplýsingar. Skrifaðu handrit og taktu upp.



HÖRPUÐSLAG

KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR

– Ertu með nesti? spurði Valur.

– Það er ekkert til, svaraði Harpa. Hún klæddi sig í vettlinga. – Mamma kemst aldrei í búð.

– Hvaða vitleysa. Þú verður bara að nota hugmyndaflugið, sagði bróðir hennar hughreystandi og opnaði ísskápinn. – Hér er gulrót. Hann setti gulrót í box. Harpa gretti sig.

Valur opnaði eldhússkáp. – Kex. Meira að segja súkkulaðikex, sagði hann.

– Það er nú aldeilis gott nesti. Hann tók síðustu kökuna úr lúnum plastumbúðum og setti í boxið.

– Nei sko, við erum heppin, kallaði hann, greip dálítinn rúsínuklump og setti í nestisbox systur sinnar.

– Rúsínur, gulrót og súkkulaðikex, tautaði Harpa og gretti sig.

– Það gerist ekki betra, sagði Valur og renndi upp úlpunni hennar.

– Drífdú þig af stað. Þú slórar alltaf á leiðinni.

Harpa greip hvítan plastpoka í forstofunni um leið og hún vatt sér út um dyrnar.

– Hvað ertu með? spurði Valur.

– Þér kemur það ekki við, svaraði Harpa og stakk pokanum undir handarkrikann.

Hann stökk út á eftir henni.

– Sýndu mér! Hvað ertu með?

– Ekkert, sagði hún reiðilega. – Þú þarft ekki að vita allt.

– Víst þarf ég að vita allt, sagði Valur hlæjandi. Hann greip í hana og hélt fast.

Harpa barðist um og reyndi að slíta sig lausa. Bróðir hennar náði pokanum og kíkti í hann.

– Gamlir konfektmolar? Er þetta nestið sem þú ætlaðir að taka með þér?

– Nei, Valur, láttu mig fá pokann. Ég ætla að gefa kennaranum þetta, sagði Harpa leið.

– Kennaranum þínum? Hún lítur nú ekki út fyrir að hafa gott af svona miklu konfekt.

Valur rétti henni pokann.

– Af hverju fær hún konfekt?

– Af því að hún er alltaf svo góð, svaraði Harpa og lagði af stað.

Hún gekk hratt með fram hömrinum. Himinninn var roðagylltur. Leiðin var ekki löng en samt alveg nógu löng fyrir sjö ára stelpu.

Harpa talaði lágum rómi við sjálfa sig.

– Voðalega ertu dugleg, Harpa mín, að ganga svona ein í skólann, sagði hún fullorðinslega við sjálfa sig. – Iss, þetta er ekkert mál, svaraði hún sér.

– Ég er nú svo stór og svo verð ég bráðum átta.

Tvær stelpur fylgdust með henni úr fjarlægð þar sem hún arkaði áfram muldrandi fyrir munnni sér. Þær stóðu uppi á hömrnunum og virtu hana fyrir sér. Þær störfðu á hana eins og ránfuglar á bráð.

Það var svalt í veðri. Harpa fann það og tosaði hettuna yfir höfuðið um leið og hún strunsaði fram hjá eldri manni sem sat og hvíldi sig á bekk.

– Áttu pening? spurði önnur stelpnanna sem birtust fyrirvaralaust við hlið Hörpu. Henni fannst eins og þær hefðu sprottið upp úr jörðinni.

– Ha?

Harpa staldraði við, hélt fast um pokann og virti stelpurnar fyrir sér.

– Áttu pening? endurtók svarthærða stelpa og þreif í skólatöskuna sem Harpa var með á bakinu.

Valur gaf mömmu þeirra tesopa og hjálpaði henni á klósettið áður en hann æddi út úr dyrunum. Hún var betri í dag en í gær, hélt niðri matnum þrátt fyrir sterku lyfin. Það er gott, hugsaði Valur og stökk á hjólið.

Valur þaut áfram sömu leið og systir hans – í sama skólann.

Of seinn, alltaf á síðustu stundu, hugsaði þessi sextán ára sláni sem rann eftir götunni á alltof litlu reiðhjólí.

Harpa kannaðist ekki við stelpurnar. Þær virtust vera að minnsta kosti fjórtán ára gamlar. Önnur hafði ljósa og hrokkna lokka niður á bak en hin svart og fagurgljáandi hár

sem hún kastaði í sífellu frá augunum með höfuðhnykkjum. Hörpu fannst þær hafa óþægilega hvasst augnaráð – eiginlega grimmilegt, svona stingandi augu sem sjá í gegnum holt og hæðir – en um leið svo heillandi og seiðandi.

– Ertu heyrnarlaus? spurði sú ljósa.

– Nei, svaraði Harpa og reif sig lausa. Hún greikkaði sporið. Þær fylgdu henni fast eftir.

– Víst áttu pening, sagði ljóshærða stelpan og hló.

– Við náum honum af þér ef við viljum. Það er langbest að láta okkur bara strax fá það sem við biðjum um.

– Ég er ekki með peninga, hvíslaði Harpa óttaslegin og hljóp við fót.

– Þú verður að gefa eitthvað. Þú kemst ekki frá okkur án þess að gefa. Gefðu, gefðu, gefðu! söngluðu þær í kór.

– Hvað ertu með í pokanum? spurði önnur og nú valhoppuðu þær í kringum Hörpu svo hana sundlaði.

– Hvað er í pokanum?

– Eitthvað sem við viljum fá?



– Leyfðu okkur að sjá.

Þær kröfsuðu í hana með fingurgómunum.

– Er þetta fjársjóður?

– Nei, bara gjöf, svaraði Harpa óttaslegin.

– Við viljum fjársjóð, hvæsti sú dökka.

– Hjartasjóð og lífsglóð, sönglaði hin.

– Æskuljóð og ævislóð.

– Lítið fljóð og öll þess hljóð.

– Gefðu, gefðu. Við viljum allt.

Nú ólmuðust þær kringum Hörpu líkt og flugur í ljósi.

– Komdu, hjartahlý, klettinn í, vældu þær í sífellu.

Harpa braust út úr hringdansinum. Skelfingin greip hana og hún hljóp eins og fætur togðu.

– Fariði! hrópaði hún.

Harpa hélt fast um konfektpokann og æddi í dauðans angist áfram eftir stéttinni. Skólataskan kastaðist til á bakinu. Stelpurnar flögruðu fyrirhafnarlaust í kringum hana. Þær hlógu, hrópuðu og þrifu í hana með fingrunum.

– Gefðu okkur hjartasjóðinn, hrópaði sú ljósa.

– Og allt sem þú ert og allt sem þú verður, hvíslaði dökk-leita veran.

– Við viljum eiga allt sem þér finnst.

– Og líka það sem þér finnst um að finnast.

– Við viljum ráða viljanum, hvísluðu þær.

– Og stjórnar hörpuslættinum, sagði sú ljósa hlæjandi og faðmaði vinkonu sína.

– Já, galaði sú dökka. – Og hún fær gersemar og grænar grundir í staðinn. Harpa hljóp sem mest hún mátti. Hún sá kött skjótast yfir götuna. Grár sendiferðabíll brunaði eftir malbikinu.

Hún sá hann ekki.

Harpa grét og hljóp.

– Já, og hún fær silki og syngjandi fiðrildi, hrópaði sú svart-hærða dansandi.

– Gull og glitrandi kórónur, lifandi ljósálfa, fljúgandi himnasæng, kristalshallir og hvíta hrafna, sönglaði sú ljósa.

– Hún fær silfurvagn og síkátá þjóna, margraddaðan morgunsöng og kryddaðar kransakökur.

Þær hlupu, stukku, svifu og sveimuðu.

– Í staðinn fáum við hug og hjarta, hvíslaði dísin dökka eftirvæntingarfull. Hörpu fannst hún vera að springa.

Komast í skólann, hugsaði hún. Ég þarf að komast í skólann.

Hún hljóp út á götuna.

Valur kom brunandi fyrir hornið. Hann sá kött stökkva yfir grindverk. Hann horfði á gráan sendiferðabíl koma æðandi og Hörpu í bleikri úlpu þjóta út á götuna. Bíllinn tók sveig. Á sama andartaki sá hann systur sína kastast áfram. Bílstjórinn snarhemlaði, greip um höfuð sér, reif upp bílhurðina og stökk út. Valur hjólaði af öllum lífs- og sálarkröftum en veröldin hægði á sér og það var eins og hann kæmist ekki nógu hratt.

Tíminn stóð kyrr.

Stundin fraus eins og foss í klakaböndum.

Köttur í lausu lofti yfir grindverki. Bílstjóri hreyfingarlaus í miðju stökki. Systir hans liggjandi í götunni. Yfir henni litríkir konfektmolar á lofti. Skýin líkt og máluð föst á himininn.

Tvær verur grúfðu sig yfir barnið. Önnur sveipaði Hörpu gylltu klæði. Þær lyftu henni varfærnislega og báru í klæðinu á milli sín.

Valur var dofinn en hjólaði niður götuna eins hratt og hann gat.

– Nei! kallaði hann. – Stopp! Hvað er að gerast? Hann hentist af hjólinu og hljóp á eftir svífandi dísunum.

Þær litu um öxl, sáu Val koma æðandi, hlógu og skríktu og hröðuðu för.

Til baka eftir gangstéttinni, fram hjá húsunum og upp í klettana. Af einni syllu á aðra.

Valur hljóp sem mest hann mátti, fram hjá frosnum fugli á flugi og stjörfum manni á bekk. Hann sá verurnar fram undan þar sem þær flögruðu auðveldlega upp í klettana með systur hans. Skyndilega tóku þær tilhlaup eftir klöppinni, stukku yfir gjá og svifu beint á klettavegg. Kletturinn opnaðist og þær hurfu inn í hann líkt og þær hefðu vaðið inn í svartan skýhnoðra.

Valur hljóp eftir klöppinni, hikaði hvergi, stökk yfir gljúfr-ið. Hann sveif inn í myrkrið á eftir álfadísunum.

Hann fann hvernig kuldinn umlukti hann. Hann fálmaði sig áfram í kæfandi, ísköldu klettamyrkri. Skyndilega skall

hann inn á svellkalt hallargólf baðað silfraðri skjannabirtu.

Hann skreið varlega á fætur, nuddaði olnbogann og litaðist um.

Risavaxinn, hvítur hrafn flögraði yfir höfði hans. Loftið var bláleitt og stjörnum prýtt.

Eftir klettaveggjunum dönsuðu norðurljós og við enda salarins sindraði svanatjörn.

Á syllum allt um kring sátu fleiri hvítir hrafnar og fylgdust grannt með gestinum.

– Gestur í björgin! Gestur í björgin! Kominn í álfaleiki! gargaði hrafninn stóri og tók djúpar dýfur í áttina að Vali.

Valur sá nú að hann var staddur í stórri hvelfingu. Hún var silfri prýdd og víða glitruðu eðalsteinar í klettaveggjum.

– Viltu leika við okkur Bergdís? Seiðandi rödd bergmálaði í salnum en Valur sá ekki hvaðan hún kom.

– Okkur Glódís finnst gaman að leika, sagði önnur rödd og Valur skimaði í allar áttir eftir eigendunum.

– En þér? var spurt og nú var hvíslað í eyra hans.

Valur hrökk í kút og leit við. Sú dökkleita stóð þétt upp við hlið hans og brosti.

– Finnst þér ekki gaman að leika? hvíslaði Glódís í hitt eyra hans og strauk honum um hárið.

Það var eins og þær drægju úr honum allan mátt. Augnaráðið var lamandi. Valur fann að hann varð að gæta þess að líta ekki í augun á þeim.


– Hvar er systir mín? spurði hann og hörfaði upp að kletta-veggnum.

– Hún er systir okkar núna, sagði hin gullinhærða Glódís brosandí og benti í áttina að svanatjörninni. Harpa lá lífvana á gylltu klæði sem sveif yfir tjörninni. Á bakkanum stóð brosmild álfadís í purpurarauðum kufli og spilaði á gyllta hörpu.

– Sóldísi vantar raunverulegan hörpuslátt, sagði hin dökka Bergdís og benti á þriðju systurina.

– Það skal aldrei verða, sagði Valur og ætlaði að hlaupa til Hörpu.

Hann komst þó hvergi því Glódís lyfti höndum og hreyfði fingurna ofurvarlega.



– Við ráðum en þú ert ráðalaus, flissaði Bergdís.

– Ef þú vilt fá eitthvað frá okkur verður þú að gefa í staðinn, hvíslaði Glódís og strauk Vali um vangann.

– Gefurðu hvað sem er fyrir Hörpu?

– Já, ég skal gefa allt sem ég á, sagði Valur örvæntingarfullur.

– Allt? hrópaði Glódís. – Allt sem þú hugsar og allt sem þú gerir?

Valur horfði angistarfullur á lífvana líkama systur sinnar.

– Já, allt, svaraði hann ákveðinn.

– Auðvitað, sagði Sóldís næstum blíðlega. – Hann á bara hana, vesalingurinn, og mamma svo ósköp veik.

– Veistu hvað það þýðir? spurði Bergdís ísmeygilega og það ískraði í henni af spenningi.

Valur hristi höfuðið óttasleginn.

– Þú skapar sjálfan þig með hugsunum og hugmyndum, sagði Glódís.

– Þú hugsar og þú skapar, útskýrði Bergdís. – En við fáum það allt til að leika með. Við munum skapa þig með okkar hugsunum. Við munum móta þig og meitla og þú munt aldrei framfar stjórna gerðum þínum sjálfur. Er það ekki dásamlegur leikur? hvæsti Sóldís sem var skyndilega komin þétt upp að honum. Honum fannst hann vera að kafna.

Í sömu andrá slógu þær hring um Val og dönsuðu í kringum hann.

– Við fáum það allt að leika með! hrópuðu þær.

– Ég vil bara fá systur mína aftur, hvíslaði Valur sorgbitinn.
– Kæri leikur! Kæri leikur! söngluðu hulduverurnar. – Kæri álfaleikur!

Valur hringsnerist með þeim. Skerandi verkur smaug í gegnum höfuðið. Hann svimaði og fann að hann þeyttist til baka, inn í svartan klettavegginn. Hann skall harkalega niður á klöppina, náði naumlega að bera hendur fyrir sig og kútveltist þar til hann staðnæmdest við gjábrúnina. Grá morgunbirtan skar í augun.

– Finndu systur þína, heyrði Valur hvíslað í höfði sér um leið og hann tók tilhlaup og stökk yfir gjána. Hann æddi eftir syllunum niður klettana, hljóp fram hjá manni sem sat á bekk og starði stjörfum augum fram fyrir sig. Og fram hjá frosnum fugli á flugi, allt þar til hann sá systur sína þar sem hún lá í götunni. Um leið lifnaði veröldin við á ný. Kötturinn stökk yfir grindverkið. Bílstjórinn snaraðist út úr sendiferðabílnum. Litríkir sælgætismolarnir féllu til jarðar. Systir hans brólta á fætur.

Valur kom æðandi að og greip hana í fangið.

– Er í lagi með barnið? stamaði bílstjórinn skelfingu lostinn.

– Já, allt í lagi, allt í lagi, sagði Valur aftur og aftur og faðmaði systur sína.

– Hættu, Valur. Þú kremur mig, sagði Harpa reiðilega.

– Ertu viss um að það sé í lagi með þig? spurði bílstjórinn.

– Já, svaraði Harpa. – Bíllinn kom ekki við mig.

Bílstjórinn horfði vantrúaður á Hörpu um leið og hann tindi saman sælgætismolana og rétti henni.

– Ég get svo svarið að mér fannst þú skella á bílnum, sagði hann undrandi og virti fyrir sér brotið framljósið á sendiferðabílnum. – Á ég ekki að hafa samband við foreldra þína? Þarftu ekki að fara á sjúkrahús?

– Nei, sagði Harpa ákveðin. Það er í lagi með mig. Við erum orðin of sein. Það er verið að lesa sögu í skólanum og allir eiga að hlusta, líka þú, Valur.

Valur var þögull og dofinn. Hann tók hjólið sitt og skólátösku Hörpu. Bílstjórinn horfði ráðþrota á eftir þeim þar sem þau hröðuðu sér niður götuna og inn á skólalóðina. Harpa lét dæluna ganga.

– Valur, hvað er að þér? Ertu lasinn? Sagan er byrjuð. Við missum af henni. Hún er lesin á sal.

Hann heyrði til hennar en fann varla fyrir sjálfum sér. Hann náði ekki að klára heila hugsun og gekk sem í leiðslu. Harpa þaut á undan honum inn í samkomusalinn.

Valur gekk inn. Kennarinn lagði fingur á varir. Bekkjarfélagarnir sátu sofandalegir undir upplestri á einhverri sögu. Valur læddi sér út í horn og settist. Hann náði illa að fylgjast með, heyrði varla orðaskil.

Það sem hann heyrði hljómaði svona:

– Allt sem þú hugsar og talar er okkar.

Valur greip um höfuð sér og lokaði augunum.

Sögumaðurinn las: Hann greip um höfuð sér og lokaði augunum.

VERKEFNI

SÖGURÝNI

1. Hvað eru systkinin gömul?
2. Af hverju er lítið til að borða á heimilinu?
3. Hvað vilja Bergdís og Glódís fá frá Hörpu?
4. Hvað gerist eftir að Harpa verður fyrir bílnum?
5. Hverju lofar Valur systrunum í skiptum fyrir systur sína?
6. Hvernig endar sagan?

VANGAVELTUR

Takið afstöðu og færið rök fyrir skoðun ykkar.

7. Hefði Harpa getað brugðist öðruvísi við og bjargað sér frá systrunum?
8. Er Hörpuslag góður titill á þessa sögu?

ÁSKORUN

Veldu þér verkefni.

- Myndlýsing: Valur er allt í einu staddur í undarlegum salarkynnum álfadísanna. Hvað sér hann þegar hann lítur í kringum sig? Lestu þér til og teiknaðu nákvæma mynd af því sem blasir við drengnum.
- Sögugerð: Haltu áfram með söguna. Hvað gerist í skólanum? Hvað taka systkinin til bragðs til að aflétta álögunum? Er hægt að bjarga Val?



HVERFISHÁTÍÐIN

GERÐUR KRISTNÝ

Fátt er jafndásamlegt og vakna aleinn heima á sumardegi, sturta nóakroppi í skál og hella ískaldri mjólk yfir. Knúti leið eins og kóngi þegar hann seildist eftir rifjárninu og tætti dálítinn lakkrís yfir þennan fína morgunverð. Mamma hans og pabbi voru farin í vinnuna og hann gat gert hvað sem var. Enn var vika þangað til skólinn byrjaði aftur og eftir sumar- bústaðaferðir og sólarlönd hafði Knútur loksins tíma til að vera í play stationinu. Þar biðu hans þrautir að leysa, herir að leiða, stríð að sigra.

Þetta hefði getað orðið rólegaheitadagur hefði dyrabjöllunni ekki verið hringt. „Komdu bara inn!“ hrópaði Knútur. Anna Klara vinkona var sú eina sem mætti svona snemma. Hún hlammaði sér við eldhúsborðið og sagði: „Hæ! Má ég líka fá?“

Knútur rétti henni skál og nóakroppspokann.

„Veistu hvað ég var að uppgötva?“ spurði hún síðan með fullan munninn. „Það hefur ekki verið nein hverfishátíð í sumar.“

Knúti svelgdist á. „Hvað ertu að segja? Ég varð einmitt svo leiður úti á Tenerife þegar ég hélt að ég væri að missa af Didda í rauða húsinu sem spilar alltaf „Prins póló það er

meiri gæinn þessi prins póló“ á harmonikku áður en hann grillar ofan í okkur pulsar.“

Þetta var alveg rétt. Knútur hafði flotið um á vindsæng í hótellauginni þegar sár grunur um að hann væri að missa af einhverju heima helltist yfir hann eins og gubbupest. Nú varð hann himinlifandi yfir að hafa ekki misst af neinu.

„Hvenær verður hátíðin þá?“ spurði hann.

„Það stendur ekki til að hafa neina.“

„Engin hverfishátíð! Þetta er agalegt,“ sagði Knútur.

„Nema náttúrulega ...“ hélt Anna Klara áfram, „við höldum hana bara sjálf.“

„Ekki ætla ég að blása upp heilan hoppukastala,“ sagði Knútur.

„Það verða engir hoppukastalar, heldur sirkus!“ sagði Anna Klara og veifaði handleggjunum eins og töframaður með sprota í höndunum. „Ég átti einu sinni playmósirkus svo ég veit alveg hvað við verðum að hafa. Við finnum sterkasta nágrannann í hverfinu og einhvern hressan með tattú. Svo þyrftum við líka mann sem getur spilað á harmoniku og grillað pulsar.“

„Var Diddi í rauða húsinu í playmósirkusnum þínum?“ spurði Knútur.

„Nei, en hann hefði átt að vera þar,“ sagði Anna Klara. „Við hljótum að finna þetta fólk. Það býr alls kyns lið í hverfinu og núna eru margir heima í sumarfrí. Nú förum við út að finna einhvern sterkan og einhvern tattúveraðan. Við biðjum

Didda um að mæta með harmonikkuna og segjum öllum sem við rekumst á að það sé hverfishátíð úti á fótboltavelli í hádeginu í dag. Fólki vill eflaust hittast og fá sér saman í gogginn og það verður fegið að geta fengið puls. Best væri líka ef okkur tækist að finna eitthvert fyrirmenni. Þá mæta sko allir. Fyrirmenni trekkja!“

„Hvað er það? „Fyrirmenni“?“ spurði Knútur.

„Fólki sem allir þekkja. Það eru fyrirmenni.“

„Þarf ekki einhver dýr líka eins og til dæmis sel sem getur klappað saman hreifunum eða kastað mörgum boltum upp í loftið í einu og gripið þá aftur?“ spurði Knútur.

„Ég þekki engan sem á sel en um leið og einhver frægur kemur vilja allir taka af sér mynd með honum. Við verðum ekki með sel, heldur sel ... físi,“ sagði Anna Klara og varð hugsi á svip. „Reyndar þekki ég engan frægan heldur.“

En Knútur hafði séð einn frægan og það oft! Reyndar alltaf á mikilli hraðferð en hann gat svoléidis svarið að þetta var sami maður og birtist í blöðunum þar sem hann klippti á borða, veifaði krökkum og veitti verðlaun og orður. „Forsetinn skokkar alltaf í gegnum hverfið í hádeginu á mánudögum,“ sagði Knútur. „Við þurfum ekki annað en að sitja fyrir honum, bjóða honum pulsu og áður en hann veit af hefur hann fengið vinnu í sirkusnum okkar.“

Þar með var það ákveðið. Knútur hætti að hugsa um þrautirnar sem hann hafði ætlað að leysa í Playstationinu, herina sem hann hefði orðið að leiða og stríðin sem stóð til að sigra.

Heil hverfishátíð beið hans úti á fótboltavelli. Anna Klara hafði þotið út á undan og varð því ekki vör við það þegar Knútur rak augun í miða á ísskápnum og las upphátt:


„Kæri Knútur! Viltu vera svo vænn að dunda þér bara í tölvunni í dag og láta Önnu Klöru í friði. Hún teymir þig alltaf út í einhverja vitleysu! Sjáumst síðdegis! Mamma!“

Knútur yppti öxlum. Hann vissi vel að ekkert skemmtilegt myndi gerast nema einmitt ef hann leyfði Önnu Klöru að teyma sig út í vitleysu svo hann dreif sig áhyggjulaus – og fullur tilhlökkunar – út á eftir vinkonu sinni. Hún var þegar lögð af stað yfir til Ragnheiðar kórstjóra í næsta húsi. Ragnheiður var með uppáhaldslagið sitt tattúverað á framhandlegginn. Hún var alveg til í að koma á hverfishátíðina og vera tattúveraða konan sem nauðsynleg er í hverjum sirkus.

„Sit ég ekki bara þrúð samt og borða pulsu?“

„Jú,“ sagði Knútur, „og ert í stuttermabol.“

Ragnheiður lofaði því. „Sjáumst á eftir!“



Bústin bólstraský sigldu yfir himinblámann þegar Knútur og Anna Klara stefndu á kaffihúsið úti á horni. Þar hengdu allir í hverfinu upp auglýsingar um reiðhjólaviðgerðir, týnda ketti og fílefldar barnapíur reiðubúnar til þjónustu. Eigandi kaffihússins, hún Védís, þekkti því alla. „Við spurjum hana hver sé sterkastur og geti sýnt á sér vöðvana í sirkusnum okkar,“ sagði Knútur.

Þegar vinirnir komu að kaffihúsinu var Védís að bera inn goskassa. Hún tók tvo í einu. Hún var mjöðög sterk. Þau þurftu ekki að finna neinn annan. Þau sögðu Védísi frá sirkusnum og spurðu hana hvort hún væri ekki til í að vera með. „Það verður að vera einhver sem hnyklar vöðvana. Taktu bara með þér goskassana og sýndu hvað þú getur lyft mörgum í einu!“ sagði Knútur.

Védís pírdi á hann augun hugsí á svip. „Jú, jú,“ sagði hún síðan. „Ég er alveg til í það.“



„Þú færð pulsu í staðinn!“ sagði Anna Klara.

Þá glaðnaði yfir Védísi. „Mér heyrst þetta ætla að verða dagur að mínu skapi,“ sagði hún. Síðan lét hún krakkana fá blað og penna til að þeir gætu útbúið auglýsingu og hengt upp innan um hinar á kaffihúsinu. Á henni stóð:

HVERFISHÁTÍÐ Á FÓTBOLTAVELLINUM KL. 12 Í DAG! PULSUR OG FYRIRMENNI!

Diddi í rauða húsinu var að dytta að bílskúrnum sínum þar sem rúða hafði brotnað. Hann tók strax vel í að grilla pulsir ofan í liðið. „Ekki málið kálið!“ sagði hann. „Ég rúlla grillinu út á tún, tek með mér nikku og nóg af pulsum. Segir sig sjálf! Komið með alla þá tómatsósu, sinnep og remúlaði sem þið finnið heima hjá ykkur.“

Knútur og Anna Klara lofuðu því en Diddi vildi ekki sleppa þeim alveg strax og veifaði hamrinum eins og hann væri þrumuguðinn Þór.

„Passið bara eitt, krakkar! Ekki láta hann Uggva koma nálægt hátíðinni ykkar!“

„Hver er það?“ spurði Anna Klara. „Er hann nýr í hverfinu?“

„Já, hann er nýfluttur í eitt raðhúsanna og það er honum að kenna að þessi rúða er brotin. Hann braut hana! Þetta er dökkhærður sláni, alltaf í íþróttafötum. Ég hef séð hann leika sér að boltum en það er óþarfi að grýta þeim í gegnum rúðuna hjá mér. Maður veit aldrei hverju svona slánar geta fundið upp á. Reynið að halda honum frá hátíðinni í dag! Segir sig sjálf! Sjáumst í hádeginu!“

Knútur og Anna Klara sögðu Didda að þau myndu hafa auga með þessum Ugga. Ómögulegt að hafa gluggabryótandi íþróttafataklætt varmenni með bolta á hverfishátíðinni. Ekkert mátti út af bera svo hátíðin tækist eins og best yrði á kosið. Eins og Diddi myndi orða það, segir sig sjálf!

Þá var bara að sitja fyrir fyrirmenninu. Knútur tók það að sér. „Ég bíð hér eftir að forsetinn komi skokkandi eins og hann gerir alltaf í hádeginu á mánudögum, beini honum inn á fótboltavöllinn og lofa honum pulsu. Á meðan ferð þú heim til þín og sækir tómatsósu og sinnep og sápukúluvatn fyrir krakkana. Síðan hittumst við úti á túni,“ sagði Knútur við Önnu Klöru.

Forsetinn var vanur að koma hlaupandi upp gangstéttina, skransa svolítið í beygjuni inn í hverfið, skokka létt framhjá húsunum og hendast svo niður að stígnum sem lá meðfram sjónum. Alltaf virtist hann horfa upp í himininn. Sjálfsagt að virða fyrir sér skýin og velta því fyrir sér á fartinni hvort það myndi rigna á þvottinn á snúrunum við Bessastaði. En nú var hann hvergi að sjá. Einstaka bíll ók hjá. Krakkar komu röltandi og hundar með fólk í bandi. Knútur bauð þau öll velkomin á hverfishátíðina. Hún færir að hefjast úti á fótboltavelli. „Pulsur, fyrirmenni, tattú og tómatsósa!“ sagði hann svo allir vissu að það væri eftir einhverju að slægjast.

Á meðan Knútur beið eftir að forsetinn kæmi skokkandi velti hann því fyrir sér hvað hann myndi láta tattúvera á sig þegar hann yrði stór. Hann var ekki lengi að komast að því.

Sjösinnnumtöfluna. Það var ekkert jafnflókið í lífinu og sjösinnumtaflan og því yrði gott að vita af henni á vísum stað. Síðan velti hann fyrir sér hverju hann myndi lyfta ef hann væri jafn sterkur og hún Védís. Líklega væri skemmtilegast að geta lyft öðrum krökkum og haldið á þeim í skólann ef þau væru mjög þreytt. Sérstaklega ef einhver yrði veikur og þyrfti að fara heim. Þá þyrftu þeir ekkert að labba sjálfir. Knútur hinn sterki kæmi til bjargar.

Ekkert sást til forsetans. Líklega hafði hann verið eitt-hvað sloj í dag og ekki nennt að trimma. Kannski var hann í sumarleyfi og sigldi nú úti á vatni með veiðistöngina í annarri hendinni og appelsín í hinni. Með strá í munninum.

Knútur var tilneyddur að segja gestunum að það yrði ekkert fyrirmenni að þessu sinni. Hann rölti vonsvikinn út á fótboltavöllinn en þar tók hann gleði sína á ný. Diddi hafði fýrað upp í grillinu og þar lágu pulsurnar eins og afslappaðir strandgestir á Tenerife. Fólk hafði þegar stillt sér upp í röð til að fá veitingar. Ragnheiður hafði ekki aðeins tekið með sér nokkra garðstóla fyrir þá sem vildu tylla sér, heldur líka þverflautuna sína. Hún tók sér stöðu inni í öðru fótboltamarkinu og lék tónverkið á handleggnum á sér. Tónlistin liðaðist inn í næstu götur og hús og lokkaði enn fleiri út á fótboltavöllinn. Sifellt bættust fleiri nágrannar í hópinn. Védís kom með safafernur af kaffihúsinu og gaf öllum með pulsunum.

„Viljið þið sjá hverju ég get lyft?“ spurði hún, greip um Didda og hóf hann á loft.

Honum fannst þetta ekki alveg jafnskemmtilegt og henni. „Láttu mig niður! Núna! Takk! Ég þarf að grilla pulsurl! Segir sig sjálf!“ æpti hann eldrauður í framan. Þetta var ósköp vandræðalegt og Védís baðst strax afsökunar. Knútur ákvað með sjálfum sér að sleppa því að lyfta fólki ef hann skyldi lenda í því síðar á ævinni að verða mjög sterkur.

Allt virtist ganga mjög vel. Reyndar var Anna Klara horfin en hún hafði auðvitað í mörg horn að líta. Nú vantaði einn krakkann safafenu, annar vildi blása sápuvíkur og svo fannst sími sem koma þurfti til eiganda síns. Knútur hafði í nógu að snúast.

Til allrar hamingju birtist Anna Klara snögglega aftur. Hún var leyndardómsfull á svipinn, eins og hún væri með lifandi gullfisk uppi í sér. Gott ef það var ekki út af þessum svip sem mamma hans varaði hann við að leika við hana en kveikti hjá honum löngun til að gera einmitt það. „Uggi verður ekki til vandræða á þessari hátíð!“ sagði Anna Klara.

Knútur dró hana afsíðis. „Hvað gerðist?“

„Ég sá hann sniglast í kringum grillið en rétt áður en Diddi kom auga á hann tókst mér að spyrja hvort hann vildi ekki endilega skoða gamla kaggann inni í bílskúrnum hjá Didda. Það vildi hann endilega og um leið og hann steig inn ýtti ég á eftir honum og skellti í lás.“

„Það er ljótt!“ sagði Knútur hneykslaður.

„Ljótt en nauðsynlegt,“ svaraði Anna Klara.

Knútur ætlaði að fara að segja eitthvað fleira en þá vék sér

að honum einn karlanna sem hann hafði hitt um morguninn á göngu með hund. „Átti ekki að koma einhver frægur?“ spurði hann.

„Jú, hann kemur kannski á eftir,“ sagði Knútur og skimaði í kringum sig en nei, forsetann var hvergi að sjá.

Skyndilega æpti einhver upp yfir sig: „Það eru selir svamlandi úti fyrir landi!“

Allir sem einn hentust hátíðargestir af stað niður að sjó! Knútur stóð einn á fótboltavellinum. Hann hlustaði á vesalings Ugga, strák sem hann hafði aldrei hitt, berja á bílskúrs-hurðina en síðan varð forvitnin yfirsterkari. Hann varð að sjá þessa seli. Hann tók því undir sig stökk og þaut á eftir hverfisbúum. Og þetta var alveg rétt. Þarna svömluðu selir um. Og það tveir!

„Hvernig tókst ykkur að fá seli hingað einmitt í miðri hverfishátíð?“ spurði Diddi og klóraði sér í kollinum með grilltöngunum.

„Við hringdum bara í þá ...,“ sagði Anna Klara. Hún var aftur eins og hún væri með gullfisk uppí í sér.

Selirnir horfðu forvitnir á fólkið sem horfði forvitið á þá. Þeir biðu örugglega eftir sirkusbrögðum, að þetta fólk færi nú heljarstökk gegnum gjörð eða gleypti eld en þegar það gerðist ekki syntu þeir aftur til hafs.

„Nú leik ég á harmonikkuna,“ sagði Diddi og hersingin hélt aftur inn á fótboltavöllinn.

Þegar „Prins Póló það er meiri gæinn þessi prins Póló,“

byrjaði að hljóma barst hljómfögur rödd yfir allar hinar. Öll hersingin sneri sér við og leit á manninn sem stóð þarna á grasbalanum og söng: „Hámar allan daginn í sig Prins Póló / Hvernig þolir maginn allt það Prins Póló.“

Þarna stóð Uggi í íþróttagallanum og hafði þessa líka fínu söngródd. Allir nutu þess að syngja saman þótt Diddi yrði greinilega hundfúll að sjá að Uggi var mættur. Knútur fann áhyggjurnar hríslast um sig. Hann hnippti í Önnu Klöru: „Ef Uggi er hér, hver er þá inni í bílskúr?“

„Hann hefur bara brotist út!“ sagði Anna Klara og en virtist alveg sama fyrst hann gat sungið svona vel.

Knútur varð sífellt órólegri. Hann varð að athuga með bílskúrinn. Þaðan barst ekki múkk lengur. Það var ekki fyrr en hann bankaði nokkur högg á hurðina að einhver heyrðist kalla: „Halló! Viltu hleypa mér út!“

Knútur opnaði dyrnar hikandi og rýndi inn í bílskúrsmyrkið. Þarna stóð maður í stuttbuxum og bol merktum Kvannahlaupinu. Þetta var sjálfur forsetinn! Og hann var himinglaður að sjá Knút! „Sæll!“ sagði hann og rétti fram höndina. „Það kom stelpa og plataði mig hingað inn en ég nýtti tímann vel og flokkaði dósir.“ Forsetinn hampaði troðfullum dósapoka. „Vonandi fá skátarnir þetta.“

Knútur skammaðist sín svo mikið að honum varð flökurt eins og þegar hann hélt að hann hefði misst af hverfishátíðinni. Nú var hann einmitt staddur á hverfishátíðinni en leið ekkert skár. Bara að hann hefði nú látið það eiga sig að hlusta

á Önnu Klöru. Hann hefði getað verið í tölvuleik í allan dag. Þar voru þrautir að leysa, herir að leiða og stríð að sigra. Hann gat heyrt rödd mömmu sinnar í huganum. „Þú lærir ekkert af þessum tölvuleikjum,“ sagði hún alltaf.

En jú, Knútur hafði lært eitt og annað allan þennan tíma sem hann hafði varið í tölvuleiki. Hann hafði lært úthald. Hann hafði lært að standa sig og reyna að bæta um betur. Þess vegna horfði hann nú beint framan í forsetann, rétti honum höndina og sagði: „Ég biðst innilegrar afsökunar. Þetta er alveg hræðilegt! Ég vona að þú sendir ekki víkingasveitina á okkur Önnu Klöru vinkonu mína. Við erum að halda hverfishátíð og við vildum ekki að Uggi hrekkjusvín myndi spilla henni. Við héldum að þú værir hann.“

„Þetta er ekkert mál,“ sagði forsetinn vinalega. „Fólk getur alltaf gert mistök en er þessi Uggi nokkuð svo voðalegur.“

Knútur svaraði strax: „Ekki svo vondur að hann hefði átt skilið að vera læstur inni í bílskúr. Fólkíð í þessu hverfi lokar ekki aðra óvart inni í bílskúr á hverjum degi en það er heldur ekki alltaf hverfishátíð. Ég vona að þetta gerist aldrei aftur.“

„Við gleymum þessu,“ sagði forsetinn og þefaði út í loftið. „Finn ég pulsulykt?“ Hann lét dósapokann detta í gólfíð og steig út í ljósið.

„Heldur betur!“ svaraði Knútur. „Komdu og fáðu þér pulsu. Þá líður öllum betur.“

Um leið og forsetinn birtist á fótboltavellinum hætti Diddi að spila. Hann seildist í grilltangirnar og valdi bestu pulsuna

handa forsetanum. „Vertu fljótur að borða því við þurfum að halda áfram að syngja!“ sagði Diddi hinn hressasti.

Anna Klara dreif sig yfir til forsetans. „Varst það þú sem ég lokaði inni í bílskúr? Hvað varstu að láta mig ná þér? Fyrirgefðu samt!“

Forsetinn kom ekki upp orði. Hann var orðinn glorsoltinn og pulsan átti athygli hans alla. Allir hátíðargestir, krakkarnir, Uggi, Ragnheiður með tattúin og Védís með vöðvana horfðu þegjandi á hann meðan hann gleypți í sig þessar líka dýrindis veitingar.

„Jæja, nú syngjum við!“ sagði hann loks. „Má ég biðja um óskalag?“

Diddi hélt það nú!

Forsetinn hélt því áfram: „Mig langar svo að fá að syngja lagið um hann þarna Prins Póló! Mér fannst ég heyra óminn af því þegar ég flokkaði dósir inni dimmum bílskúrnum en það gæti auðvitað bara verið órar vegna súrefnisskorts. Ég hefði örugglega kafnað hefði ekki þessi eina rúða verið brotin.“

Anna Klara varð oggulítið skömmustuleg en samt ekki lengi. „Ekki hugsa meira um það! Nú ertu frjáls!“ sagði hún við forsetann og sló hann í bakið svo pulsubitinn sem hann var með uppi í sér hrökk ofan í hann. Forsetinn náði ekki andanum, greip um hálsinn með báðum höndum og féll endilangur í grasið.

„Bjargið honum! Hver kann hjartahnoð?“ æpti Ragnheiður og kom þjótandi að en Anna Klara var á undan.

„Nú hættir þú þessum leikaraskap og ferð að syngja með okkur hinum!“ sagði hún, tók niðþungan forsetaskrokkinn í fangið og sló hann aftur bylmingshöggi í bakið. Pulsuþinninn þeyttist upp úr honum og hann gat aftur náð andanum. Smám saman varð hann sjálfur sér líkur. Hann reisti sig upp og leit upp í loftið. Gestir hverfishátíðarinnar biðu eftir því að hann segði eitthvað og loks kom það. „Þetta eru maríutásur,“ sagði forsetinn og benti upp í himininn. Allir litu upp fyrir höfuð sér. Og jú þarna voru ský sem einhver virtist hafa togað og teygt yfir blámann. Forsetinn stóð á fætur. „Nú er lag að við syngjum!“ sagði hann og vegna þess að þetta var nú forsetinn þorði enginn að mótmæla.

Eftir sönginn fengu allir sér aftur pulsu, glöggvuðu sig á tattúinu hennar Ragnheiðar og sýndu henni sín. Nokkrir náðu síðan góðum myndum af Védísi með forsetann í bónda-beygju. Hún fór reyndar mjög varlega. Nóg hafði nú þegar verið lagt á þann góða mann.

Síðan mátti forsetinn ekkert vera að þessu meir. „Ég verð að haska mér,“ sagði hann og kvaddi alla með handabandi. „Ég þarf að veifa börnum, klippa á borða og lesa sendibréf.“

Hverfisbúar horfðu lengi á eftir honum skokka út úr hverfinu.

„Þetta var skemmtilegt!“ sagði Uggi. „En af hverju voruð þið að loka sjálfan forsetann inni í bílskúr?“

„Við héldum að þetta værir þú,“ viðurkenndi Anna Klara.

„Ætluðu þið að loka MIG inn í bílskúr? Af hverju?“

Þá svaraði Diddi: „Þú braust rúðu í skúrnum mínum. Ég vildi ekki að þú gerðir einhvern óskunda hér á hverfishátíðinni. Ég varaði krakkana við þér en nú veit ég að forsetinn hefði getað kafnað þarna inni ef þú hefðir ekki einmitt brotið þessa rúðu.“

„Já, ég henti óvart bolta í gegnum rúðuna. Fyrirgefðu!“ sagði Uggi. „Mig hefur alltaf langað til að geta hent þremur boltum upp í loft í einu og gripið. Ég var að æfa mig upp við bílskúrinn þinn þegar einn skaust í gluggann svo rúðan brotnaði. Ég skal hjálpa þér að gera við hann. Ég er ágætis handlangari.“

Diddi og Uggi tókust í hendur. Málið var dautt.

„Segðu mér eitt, Uggi, geturðu núna hent þremur boltum upp í loftið og gripið?“ spurði Knútur.

„Jáhá! Heldur betur!“ svaraði Uggi. Hann veiddi þrjá bolta upp úr þússi sínu og viti menn! Sá var aldeilis flinkur. Boltarnir liðu í gegnum loftið, lentu í lófunum á honum og skutust aftur upp. Þetta var einmitt atriðið sem vantaði á hverfishátíðina! Allt var fullkomnað!

Nokkru síðar leystist gleðskapurinn upp, fólkið kvaddi og allir héldu heim til sín. Diddi dró grillið heim með harmonikuna framan á sér. Áður en Uggi fór afhenti hann Knúti og Önnu Klöru boltana sína. „Nú skulið þið æfa ykkur! Verið bara sem lengst frá öllum gluggum,“ hvíslaði hann og skottaðist heim til sín.

„Þetta tókst mjöööög vel,“ sagði Knútur við Önnu Klöru sem kinkaði kolla. „Sammála! Það verður líka að vera gaman því annars er svo leiðinlegt,“ sagði hún.

Þegar mamma kom heim gátu þau bæði haldið þremur boltum á lofti í einu. Einn vasi var reyndar brotinn. Hann hafði verið gjöf frá frænku mömmu sem henni hafði alltaf fundist svo leiðinleg að hún kallaði hana alltaf Frænkenstein. Það kom Knúti því verulega á óvart hvað mömmu þótti skyndilega vænt um þennan vasa. „Hún jafnar sig,“ hvíslaði Anna Klara að Knúti alltaf jafnáhyggjulaus.

„Næsta ár verðum við á Tenerife allt sumarið,“ sagði mamma og sópaði upp brotin.

Knúti var alveg sama. Hann ætlaði að halda hverfishátíðina aftur og auðvitað með henni Önnu. Hann vissi sem var að það er ekkert jafndásamlegt og að eiga vinkonu sem teymir mann stanslaust út í vitleysu.

VERKEFNI

SÖGURÝNI

1. Um hvað fjallar sagan í stuttu máli?
2. Hvað er hægt að læra af þessari sögu?
3. Í sögunni eru aðalpersónur og aukapersónur. Hverjir eru hvað?
4. Mamma Knúts hvetur hann til að eyða deginum í tölvunni. Af hverju?
5. Hvaða þema ákveða krakkarnir að hafa á hverfishátíðinni? Hvernig hljómar skemmtidagskráin í ykkar eyrum? Mynduð þið mæta? Af hverju?/Af hverju ekki?
6. Skoðið orðin: Mariútásur, bólstraský, fyrirmenni, bylmingshögg, að haska sér. Hvað merkja þessi orð?

VANGAVELTUR

Takið afstöðu og færið rök fyrir skoðun ykkar.

7. Er Anna Klara góður félagsskapur?
8. Hefði Knútur heldur átt að eyða deginum í tölvunni?

ÁSKORUN

Veldu þér verkefni.

- Auglýsing: Þér hefur verið falið að skipuleggja hverfishátíð. Gerðu auglýsingu þar sem fram kemur allt um veitingar, skemmtidagskrá, staðsetningu og tíma.
- Dagbóarskrif: Forsetinn kemur heim eftir hverfishátíðina og sest niður við að skrifa í dagbókina sína. Settu þig í hans spor og lýstu viðburðaríkum degi forsetans.



BLÖNDUKÚTUR Í SORPU

PÓRARINN ELDJÁRN

Fátt fannst Þórði skemmtilegra en að koma í Sorpu. Þar var alltaf svo mikið um að vera, fólk að koma og fara, allir á sífelldum þönnum og á bólakafi í því að gera gagn. Safna saman og ganga frá allskyns sorpi og úrgangi sem annars hefði orðið til að spilla umhverfinu. Koma í nytjagám hlutum sem ekki var lengur þörf fyrir þannig að þeir nýttust einhverjum öðrum. Svo voru öll fötin og skórnir. Það var líka eitthvað svo uppbyggilegt við það að sjá timbur og járn safnast í sína gáma tilbúið til endurnýtingar. Eða þá garðaúrganginn allan, gras, lauf og trjágreinar, mold og drullu sem allt beið þess að fá að verða að gróðri á ný á örfoka svæðum. Jóltrjáahaugurinn var himinhár í janúar, allt yrði það kurlað og kæmi til með að nýtast í trjábeð og göngustíga víðsvegar um landið. Á öðrum stöðum mátti sjá uppgjafa þvottavélar, þurrkara, ísskápa og eldavélar hlaðast upp. Að ógleymdum öllum tölvuskjáunum sem fylltu sérstakan gám. Svo voru það rafgeymar og batterí og málning og allskonar baneitruð spilliefni. Ef ekki væri fyrir Sorpu hefði þetta allt saman endað einhvers staðar í náttúrunni: Beint úti í hrauni eða í sjónum eða á risavöxnum

öskuhaugum sem smátt og smátt myndu ná yfir allt landið.

Mamma hans hafði stöðvað bílinn hjá pappírsgáminum. Hún ætlaði að sjá um pokann með öllum dagblöðunum, bæklingunum og pakkningadraslinu, mjólkurumbúðunum og því öllu meðan hann færi með flöskur og dósir sem hann hafði safnað. Foreldrarnir höfðu talað um að fá sér bláa tunnu undir blöð og pappa en Þórður hafði beitt sér gegn því, svo það var ákveðið að þau héldu frekar áfram að safna pappírnum sjálf í poka eins og þau höfðu gert árum saman. Hann vissi að ferðum í Sorpu myndi fækka ef bláa tunnan kæmi og það vildi hann síst af öllu. Helst hefði hann viljað koma á hverjum degi.

Hann gekk aftur fyrir bílinn, opnaði skottið og lyfti þaðan pokunum þremur: plast, ál og gler. Það var mest af plastinu en glerpokinn var samt þyngstur. Pokinn með blöðunum og pappanum var í aftursætinu en áður en mamma hans náði að stíga út úr bílnum og opna afturdyrnar til að taka hann þaðan hringdi síminn hennar og hún festist. Þórður heyrði að þetta var amma hans, þannig að þau gömlu voru greinilega komin heim frá Kanarí heilu og höldnu.

Hann dröslaði pokunum yfir að flösku- og dósamóttökunni. Þar var talsverð bið, það voru nokkrir í röðinni á undan honum og sumir með allmarga poka og bústna. Svo varð vesen með eina konu, afgreiðslumaðurinn virtist ekki treysta talningunni hjá henni, byrjaði eitthvað að fjasa og þusa. Hann hefði aldrei nokkurntíma á öllum sínum ferli vitað til þess

að svo margar áldósir kæmust í poka, það gæti varla verið. Hann sagðist verða að telja upp úr pokanum. Þá varð nokkur kurr í biðröðinni og fólk leit á klukkur, síðan hvað á annað og hristi hausa. En svo kom strax í ljós við nánari athugun að kerlingargreyið hafði bara pressað dósirnar og plastið svona vel saman í pokana sína tvo. Sem auðvitað var lofsvert, sparaði vinnu og pláss fyrir Sorpuliðið og hlaut að vera umhverfisvænt á allan hátt.

– Af hverju getið þið ekki bara vigtað pokana, sagði konan, í staðinn fyrir að vantreysta heiðvirðu fólki? Þá gætuð þið sparað ykkur svona dylgjur og aðdróttanir og sloppið við tafir. Sonur minn er í kraftlyftingum og hann sér um að kremja þetta fyrir mig. Fer létt með það. Ég get sagt þér að hann krumpar dósirnar saman í annarri hendi, bara eins og hann væri að kuðla saman snýtubréfi. Og plastflöskurnar vindur hann nú hreinlega eins og tuskur, snýr þær úr háslíðnum og kurlar þær í lófunum. Á ég kannski að senda hann hingað til að heilsa þér með handabandi?

– Nei takk, sagði maðurinn, og Þórður fór að velta því fyrir sér hvort sonurinn væri ef til vill handrukkari. En það gat eiginlega varla verið því þau fóru bæði að hlæja. Eins og þetta væri bara eitthvert grín.

En svo var röðin komin að honum og allt gekk greiðlega fyrir sig. Hann var með sjötíu og eina plast, fimmtíu og þrjár ál og þrjátíu og eina gler, plastið og álið vel pressað, þó ekki eins vel og hjá syni konunnar. Afgreiðslumaðurinn gerði

engar athugasemdir, las á miðann þar sem Þórður hafði skráð tölurnar, pikkaði þær á vasareikni, tók svo við debetkortinu og straujaði samviskusamlega inn á það niðurstöðuna, 2325 krónur, sem stemmdi við útreikninga Þórðar, 155 stykki sinn-um 15 krónur, það var nýbúið að hækka gjaldið um krónu. Sú upphæð rynni þar með rակleitt á ferðareikninginn sem hann var að safna inn á fyrir lúðrasveitarferðalagið næsta sumar.

Mamma hans var enn í símanum þegar hann kom til baka að bílnum. Ferðasagan hjá ömmu virtist vera í nokkuð mörg-um köflum að þessu sinni svo Þórður opnaði afturdyrnar vinstra megin og kippti svarta plastpokanum út fyrir. Hann var talsvert þungur, það var ekkert auðvelt að rogast með hann upp þrepin að pappírsgámnum: PAPPÍR OG SLÉTTUR PAPPI stóð á skiltinu. Gámurinn var að verða fullur, yfir- borðið komið alveg upp undir lúgurnar. Hann lyfti pokanum upp í gatið, tók undir botninn og byrjaði að hella úr honum. Hann var fljótur að tæma þennan stóra svarta plastpoka sem hafði verið alveg troðinn af dagblöðum og auglýsingabæk- l-ingum, mjólkurfernum og hverskyns pappaubúðum. Þó ekki bylgjupappa, það var önnur deild. Hann hristi pokann vandlega til að ná síðustu bleðlunum úr honum og ætlaði svo að brjóta hann saman.

Það var þá sem hann tók eftir þessari stóru og fallegu bók sem eiginlega flaut þarna svona líka tignarlega ofan á pappírshafinu dálítið innar og til hliðar í gáminum. Hann sá ekki betur en hún væri í finu leðurbandi og það voru gylltir stafir á

kilinum. Og áður en hann vissi af hafði hann stungið höfðinu inn um lúguna og var kominn hálfur inn í gáminn. Með því að styðja sig við brúnina gat hann teygt sig eftir bókinni og þannig rétt náð tangarhaldi á einu horninu án þess að detta oní gáminn og tókst síðan með lagni að mjaka henni til sín.

Það gat ekki verið rétt að fleygja svona flottri bók. Og reyndar var bara alls ekki í lagi að henda bókum yfirleitt. Hann var alinn upp við að slíkt væri ósiðlegt, eiginlega glæpur. Þess vegna hafði hann umhugsunarlaust ákveðið að bjarga henni frá þeim hræðilegu örlögum. Hann ætlaði að rölta með hana



yfir í nytjagáminn. Hún færi þá í Góða hirðinn og þar með hefði hann slegið tvær flugur í einu höggi: Fátækur bóka- maður gæti höndlað hamingjuna og komist í feitt fyrir lítinn pening sem rynni síðan til góðra málefna. Í Góða hirðinum kenndi margra grasa og ef þau seldust öll mætti svo sannar- lega vona að margt smátt gerði eitt stórt.

Þetta hlaut að vera í lagi þó auðvitað væri stranglega bannað að hirða neitt úr gámunum á svæðinu. Það samsvaraði eigin- lega því að stela. En með því að taka þessa flottu bók var hann ekki að hirða nein verðmæti handa sjálfum sér heldur bara að koma þeim á réttan stað. Í raun væri hann sjálfur þar með orðinn góður hirðir. Hann vildi samt ekki láta neitt bera á því að hann hefði tekið eitthvað úr gáminum. Það gat leitt af sér grunsemdir og óþarfa spurningar sem best var að sleppa við. Mamma hans var heldur ekki hrifin af því að neitt væri hirt úr ruslinu. Hann tók því svarta pokann og vafði honum utan um bókina og lagði svo af stað með feng sinn niður þrepin. En nú var mamma hans því miður hætt í símanum, hann vissi að hún var tímabundin, þurfti að flýta sér í vinnuna, komast á fund. Enda var hún búin að starta bílnum, hún horfði óþolinmóð um öxl og benti Þórði að drifa sig, allt hafði þetta tekið mun lengri tíma en venjulega. Það var dálítill spölnur yfir í nytjagáminn svo hann sá að hann kæmist ekki þangað að þessu sinni. Hann gekk að bílnum, smeygði pokanum með bókinni inn á gólfíð fyrir framan aftursætið og settist svo sjálfur fram í.

– Jæja, þau eru komin, gömlu hjónin, sagði mamma hans um leið og hún renndi af stað. Allt samkvæmt áætlun, komu einhvern tíma í nótt. Hún bað að heilsa.

– Var hún ekki hress?

– Jú, alveg eldhress eins og venjulega. Endurnærð eftir ferðina. En afi þinn var eitthvað fúll hélt hún. Ég veit ekki hvað það er.

– Fúll? Það var skrytið. Hann er nú vanur að vera svo hress eftir þessar ferðir. Hvað kallar hann það? Forlyftur. Áfram alveg í skýjunum þó hann sé löngu lentur. Tönnlast alltaf á þessu: „Hvað er betra en sólarýn?“

– Já, það er rétt, sagði mamma hans: „Hún vermir, hún skín og hýrt gleður mann. Þannig er það víst á Kanarí.“ Þú ættir annars að skreppa sem fyrst og heilsa upp á þau. Honum finnst nú aldrei verra þegar þú kemur. Þú hlýtur að geta porrað hann upp ef hann er eitthvað daufur ...

Þau voru komin heim. Mamma hans stansaði framan við innkeyrsluna og sagði um leið og hann steig út úr bílnum:

– Svo er auðvitað afmælið hans ekki á morgun heldur hinn. Geturðu ekki hjálpað okkur og látið þér detta í hug eitthvað snjallt að gefa honum? Þú ert nú svo sniðugur með svoleiðis. Kannski reynirðu líka að nýsna eftir því hjá ömmu þinni hvort hann vantar eitthvað sérstakt. Við erum alveg í standandi vandræðum með þetta eins og venjulega.

– Hann vantar nú yfirleitt aldrei það sem hún telur að hann vanti, sagði Þórður. Hann var kominn út úr bílnum, opnaði afturdyrnar og tók samanbrotinn þokann þaðan.

– Ég skal hugsa upp eitthvað, sagði hann, kvaddi svo og skellti bílhurðinni.

Hann var einn heima. Eldri systkini hans í skóla og foreldrarnir í vinnu. Hann fór beint inn í eldhús og lagði bókina stóru á borðið, ristaði sér tvær brauðsneiðar og smurði þær með marmelaði, hellti djúsi í glas, settist síðan og byrjaði að skoða bókina um leið og hann maulaði brauðið og drakk djúsinn.

Hann varð strax fyrir vonbrigðum með bókina, innihaldið stóð ekki beinlínis undir væntingum. Þetta var eldgamall árgangur af einhverju tímariti sem hét Blöndukúturinn og virtist nú ekki vera neitt sérlega merkilegt þrátt fyrir leðurband og gyllingu. Hann blaðaði fram og aftur á nokkrum stöðum. Mest voru þetta þýddar sögur og frásagnir af svaðilförum og glæpum, svokölluð sérkennileg sakamál, sum vægast sagt afar sérkennileg, en inn á milli ýmislegt sem helst minnti á þjóðlegan fróðleik, með yfirskriftinni Íslensk frásögn, endalaus raunarolla um mannraunir og hrakninga. En svo voru líka sérstakar brandarasíður, smælki var það kallað, líklega dregið af sögninni að smæla. Það lofaði góðu en honum stökk svo reyndar ekki einu sinni bros þó hann læsi nokkra af þessum meintu bröndurum. Þeir voru allir frekar ömurlegir, nákvæmlega ekkert fyndnir, og það sem verra var að oftast var ekki einu sinni nokkur leið að sjá hvað það var sem ætlast var til að væri fyndið.

Einn sá allra besta var svona: Eftir þrjátíu ára afmælishóf kvenstúdenta í vor, var ein konan að því spurð, hvort þetta hefði ekki verið hressilegur hópur.

„Ja, það voru sömu gamalkunnu andlitin, eitthvað hafði þeim fækkað síðan síðast, en nýjum tönnum fjölgað.“

Hinir brandararnir virtust þaðan af verri svo hann vafði bókinni aftur inn í plastpokann, ákveðinn í að sæta lagi og koma henni í nytjagáminn í næstu Sorpuferð. Kannski var bara líka allt í lagi að skella henni í pappírsgáminn aftur og leyfa henni að endurvinnast. Nei, reyndar ekki, hún gat þrátt fyrir allt komið einhverjum að gagni, verið til nytja þó enginn ætti líklega eftir að lesa hana. Hún hlaut að minnsta kosti að geta gert sig sem hilluskraut eins og til dæmis bækurnar í IKEA.

Hann gekk frá eftir sig í eldhúsinu. Burstaði tennurnar rækilega inni á baði, fór svo inn í herbergið sitt, stakk pokanum með bókinni undir rúmið, tók fram klarinettið og setti það saman, stillti blaðið vel og vandlega í munnstykkið og æfði sig síðan hátt í klukkutíma.

Að því loknu ákvað hann að skella sér til afa og ömmu. Það var alltaf ansi notalegt að hitta þau, sérstaklega þegar þau voru nýkomin að utan. Hann hringdi fyrst til að gá hvort þau væru ekki áreiðanlega heima.

– Jú jú jú, við erum hér, sagði amma hans, förum varla langt í bili. Þú veist að þú ert alltaf sannur aufúsgestur. Annað hvort væri nú. Endilega drífðu þig.

Það tók hann ekki nema rúmar tíu mínútur að hjóla heim til afa og ömmu. Amma hans kom til dyra, bauð hann velkominn, faðmaði hann og sagði honum að koma og tylla sér inni í eldhúsi. Hún hellti djúsi í glas handa honum, tók fram ýmislegt góðgæti úr fríhöfninni, sturtaði því í skálar og raðaði þeim fyrir framan hann.

– Er afi inni hjá sér?

– Já, heldurðu það sé nú, hann er bara inni á kontór eitt-hvað að súrmúla. Það er ekki að sjá að hann sé nýkominn úr sólarlandaferð.

– Hva, er hann eitthvað fúll?

– Æjá, ekki var hann fyrr kominn inn úr dyrunum en hann fór að fjasa og þusa út af einhverju rusli, einhverjum meintum verðmætum, sem veslings Guðný virðist hafa fleygt þegar hún kom að þrifa meðan við vorum í burtu. Ég hélt hann ætlaði að drepa hana þegar hún leit við herna í dag. Ég efast um að hún vilji halda áfram hjá okkur.

– Hvaða rusl var þetta? spurði Þórður.

– Æ, eitthvert eldgamalt sorprit sem hann hafði ekki haft rænu á að halda nógu fjarri dagblaðabunkanum. Hann átti alveg að vita hvað hún Guðný getur stundum verið rösk.

En afi hans var kominn á kreik. Hann hafði heyrt þetta síðasta og stóð nú í eldhúsdyrnum þungbúinn á svip.

– Sorprit? sagði hann.

– Já, svona blöð voru kölluð sorprit þegar ég var að alast upp og allavega er það orðið það núna, sagði amma hlæjandi,


eftir að það fór í sorpið. Nei, ég meina það, Þórður minn, það er alveg óþarfi að láta eins og þetta hafi verið milljónatjón, Guðbrandsbiblía eða eitthvað svoleiðis.

Afi var sestur við borðið.

– Sæll, Þórður minn. Þetta var Blöndukúturinn sem ég átti komplett.

Heill árgangur farinn. 68. Tjón sem aldrei verður bætt. Málið snýst ekki um verðmæti í merkingunni peningar, heldur er það tilfinningagildið. Ég erfði þetta frá pabba, hann batt það sjálfur í skinn. Ritstjórinn var besti vinur hans og pabbi var nátengdur þessu riti þó það hafi kannski ekki verið merkilegt. Hann las prófarkir og sá um brandarapáttinn, smælkið, í meira en þrjátíu ár ...

Þórður hjólaði hratt á heimleiðinni. Hann hlakkaði til að geta sagt foreldrum sínum að hann væri búinn að leysa málið með afmælisgjöfina handa afa.



VERKEFNI

SÖGURÝNI

1. Hvernig væri ástand sorpmála ef ekki væru til endurvinnslu-stöðvar?
2. Þórður **beitti sér gegn** því að foreldrar hans fengju sér bláa tunnu undir pappírinn.
Hvað merkir feitletraða orðasambandið? Hvað vakti fyrir Þórði?
3. Hvers konar bók var Blöndukúturinn?
4. Hvað er nytjagámur?
5. Hvað er það sem Þórði þykir vera ósiðlegt, nánast glæpsamlegt?
6. Þórður varð fyrir vonbrigðum með Blöndukútinn en afa hans þótti bókina mikil gersemi. Hvað var það sem í augum afans var ómetanlegt?

VANGAVELTUR

Takið afstöðu og færið rök fyrir skoðun ykkar.

7. Er nauðsynlegt að flokka sorp?
8. Getur rusl verið verðmætt?

ÁSKORUN

Veldu þér verkefni.

- Káputexti: Þú ert káputextasmiður hjá bókaforlagi og hefur fengið það verkefni að semja stuttan kynningar- eða káputexta fyrir smásöguna Blöndukútinn. Um hvað fjallar sagan í örstuttu máli?
- Ímyndunarafli: Þú ert stödd/staddur á endurvinnslustöð. Þú gengur fram hjá nytjagámi og rekur augun í skringilegan hlut. Þú stenst ekki mátið og skoðar hann nánar. Settu saman stutta frásögn. Hvaða hlutur er þetta?

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.




**Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.
Svaraðu öllum skriflegum verkefnum í vinnubók.**

Skóli		Bók nr.		
		Tekin í notkun		
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Ástand	Skil: (dags.)	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.

2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:

N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.



Í þessari bók birtast fjölbreyttar sögur sem tíu þekktir barnabókahöfundar hafa skrifað fyrir þig. Þeir eru: Gunnar Helgason, Ragnheiður Gestsdóttir, Friðrik Erlingsson, Birgitta Elín Hassel, Marta Hlín Magnadóttir, Ævar Þór Benediktsson, Hildur Knútsdóttir, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Gerður Kristný og Þórarinn Eldjárn. Höfundur verkefna er Kristjana Friðbjörnsdóttir grunnskólakennari og rithöfundur.

Teikningar gerðu Árni Jón Gunnarsson, Heiða Rafnsdóttir og Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson.

Þessar sögur hafa verið lesnar undanfarin ár á degi barnabókarinnar og eru nú gefnar út í samstarfi við höfundana og IBBY á Íslandi. Sögurnar segja frá mismunandi heimum, farið er í heimsókn til álfa, krakkar flakka á milli ólíkra heima og gæludýrin í hverfinu funda stíft þegar nýtt dýr flytur á þúfuna þeirra.

Góða skemmtun!

m

MENNTAMÁLASTOFNUN
40628

